

Digitaliseret af | Digitised by



**DET KGL.
BIBLIOTEK**

Royal Danish Library

Forfatter(e) | Author(s):

Stoker, Bram.; eftir Bram Stoker ; þýtt hefir
Valdimar Ásmundsson.

Titel | Title:

Makt myrkranna

Udgivet år og sted | Publication time and place: Reykjavik, 1901

Fysiske størrelse | Physical extent:

210 s.

DK

Værket kan være ophavsretligt beskyttet, og så må du kun bruge PDF-filen til personlig brug. Hvis ophavsmanden er død for mere end 70 år siden, er værket fri af ophavsret (public domain), og så kan du bruge værket frit. Hvis der er flere ophavsmænd, gælder den længstlevendes dødsår. Husk altid at kreditere ophavsmanden.

UK

The work may be copyrighted in which case the PDF file may only be used for personal use. If the author died more than 70 years ago, the work becomes public domain and can then be freely used. If there are several authors, the year of death of the longest living person applies. Always remember to credit the author



58,-165.


DET KONGELIGE BIBLIOTEK
DA 1.-2.S 58 8°




1 1 58 0 8 08544 0

+ REX







MAKT MYRKRANNA.

EFTIR

BRAM STOKER.


DÝTT HEFIR

VALDIMAR ÁSMUNDSSON.



REYKJAVÍK
FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN
1901

1902. Nr. 1070



MAKT MYRKRANNA.

EFTIR

BRAM STOKER.

ÞÝTT HEFIR

VALDIMAR ÁSMUNDSSON.

ÚTGEFENDUR:

NOKKRIR PRENTARAR.

REYKJAVÍK.

PRENTUÐ Í FÉLAGSPRENTSMÍÐJUNNI.

1901.

MARKT MYRKAVAL

1870

STAM & STOKER

STADENS BOKHUS

STADENS BOKHUS



Formáli höfundarins.

Lesarinn getur sjálfur séð, þegar hann les sögu þessa, hvernig þessum blöðum hefir verið ræðað saman, svo að þau yrðu að einni heild. Eg hefi ekki þurft að gera annað en að draga úr þeim ýms óþörf smáatvik og láta svo sögufólkið sjálft skýra frá reynslu sinni í þeim sama einfalda búaingi, sem blöðin upphaflega eru skrifuð í. Eg hefi, af angljósnum ástæðum, breytt nöfnum manna og staða. En að öðru leyti skila eg handritinu óbreyttu, samkvæmt ósk þeirra, sem hafa álitnið það stranga skyldu sína, að koma því fyrir almenningssjónir.

Eftir minni saunfæringu er það ekkert efamál, að þeir viðburðir, sem hér er lýst, hafi sannarlega átt sér stað, hversu ótrúlegir og óskiljanlegir sem þeir kunna að sýnast, skodaðir eftir almennri reynslu. Og eg er sannfærður um, að þeir hljóta jafnan að verða að nokkru leyti óskiljanlegir, þó ekki sé óhugsandi, að áframhaldandi rannsóknir í sálfræðinni og náttúrufræðinni geti þegar minst varir skýrt bæði þessa og aðra leyndardóma, sem hvorki vísindamenn né njósnarlögreglan hafa enn þá getað skilið. Eg tek það enn á ný fram, að þessi dularfulli sorgarleikur, sem hér er lýst, er fullkomlega sannur að því er alla ytri viðburði snertir, þó eg eðlilega hafi komist að annari niðurstöðu í ýmsum greinum en sögufólkið. En viðburðirnir eru ómótmælanlegir, og svo

marginir þekkja þá, að þeim verður ekki neitað. Þessi röð af glæpum er mönnum ekki úr minni liðin, röð af glæpum, sem virðast óskiljanlegir, en út leit fyrir að væru af sömu rót runnir, sem á sínum tíma slógu jafnmiklum óhug á almenning sem hin alræmdu morð Jakobs kviðristara, sem komu litlu seinna til sögunnar. Ýmsa mun reka minni til hinna merkilegu útlendinga, sem misserum saman tóku glæsilegan þátt í lífi tignarfólksins hér í Lundúnum, og menn muna eftir því, að annar þeirra að minsta kosti hvarf skyndilega og á óskiljanlegan hátt, án þess nokkur merki hans sæist framur. — Alt það fólk, sem sagt er að viljandi eða óviljandi hafi tekið þátt í þessari merkilegu sögu, er alþekt og vel metið. Bæði Tómas Harker og konan hans, sem er valkvendi, og dr. Seward eru vinir mínir og hafa verið í mörg ár, og eg hefi aldrei efað, að þau segðu satt frá; og hinn mikilsmetni vísindamaður, sem kemur hér fram með dularnafni, mun líka vera of frægur um allan huan mentaða heim til þess að mönnum dyljist hið rétta nafn hans, sem eg hefi ekki viljað nefna, sízt þeim, sem af reynslu hafa lært að meta og virða snild hans og mannkosti, þótt þeir ekki fremur en eg fylgi lífsskoðunum hans. En á vorum dögum setti það að vera ljóst öllum alvarlega hugsandi mönnum, að

„harðla margt er á himni og jörðu,
sem heimspekina dreymir ei um“.

Lundúnum, —stræti, ágúst 1898.

B. S.

I. kafli.

Höllin í Karpatafjöllum.

I. kap. *Dagbók Tómasar Harkers.*

(hraðrituð).

Bistritz, 3. maí. Hingað er eg þá loksins kominn á þessari fleygiferð með hraðlest yfir Evrópu. Fór frá München 8,30 e. m. 1. maí; kom til Vínar um morguninn; þaðan til Buda-Pest; undarleg borg, en eg gat lítið séð af henni; mér fanst að hér væri eg að kveðja vesturlönd og vestræna menning og nú tæki austurlöndin við. Í nótt var eg í Klásenborg; kom þar í myrkri í gærkveldi og held áfram á morgun með póstvagni til Borgoskarðsins. Eg hefi farið yfir hæðótt land í dag og stingur það í stúf við sléttur Ungverjalands. Hér og hvar eru smáþorp eða hallir á hnúkunum; og öðru hvoru liggur leiðin yfir straumharðar

ár. Á áfangastöðunum er samankomið talsvert af sveitafólki í alla vega búningi. Eg vildi eg hefði getað krotað upp drætti af lífinu hérna í kringum mig. Einkennilegastir allra virðast mér Slóvakar vera; þeir eru í víðum brókum og skyrtum að ofan, gyrðir belti um miðjuna. Hárið fellur á herðar niður og augun eru svört og leiftrandí, svo að þeir líta ræningjalega út. En annars eru þeir að sögn meinleysismenn.

Meðan eg beið í Lundúnum eftir skipunum húsbónda míns, lét eg eigi undir höfuð leggjast, að gera mér ferð í brezka safnið (British Museum) til þess að afla mér þar fróðleiks úr bókum og landbréfum um Sjöborgaland; eg vissi áður engin deili á því að kalla. Eg varð þess þá vísari, að staður sá sem ferðinni var til heitið var austanvert í landinu, einhversstaðar uppi í Karpatafjöllum, og nær því á landamærum Sjöborgalands, Moldau og Bukowina — eða í einu því horni Evrópu, sem ókunnast er og óárennilegast. Eg gat ekki fundið höllina Draculitz á neinu landbréfi, því hér eru ekki til nein landbréf í líking við þau sem herstjórnarráðaneytið lætur búa til heima á Englandi. Pósthúsið heitir Bistritz, og höllin á að vera í grend við Borgoskarðið. Sjöborgaland er fjölskrúðugt af alls konar þjóðum eins og líka Ungverjaland, eða svo sögðu mér fræðimennirnir í

brezka safninu. Hér er að þeirra sögn: Þjóð-
 verjar, Valakar, Magyarar, Tjekkar, Slovakar,
 Sigaunar, Slovnar, og guð veit hvað margar þjóðir,
 hver innan um aðra. Trúrnar eru nær því
 jafnmargar og þjóðflokkarnir, og þar að auki
 er að finna í hálfhring Karpatafjallanna svo að
 segja alla þá hjátrú og hindurvítni, sem til er
 í heiminum, ásamt fjölda af hálfmyrkum munn-
 mælum og afargömlum erfðasögnum og siðum.
 Hér hafa þjóðflokkarnir hitast í fornöld, þegar
 þeir voru að fara vistferlum; hér mætist enn
 menning vesturlanda og dulfræði austurlanda,
 eins og þegar tvær ár renna saman og mynda
 hringiðu, þar sem margt þyrlast í strauminum
 er annarstaðar er sokkið í djúp gleyskunnar
 fyrir löngu, eða það kemur þar upp úr kafinu
 þegar minst varir. Þetta er alt saman skemti-
 legt, en eg er því miður allur í lögfræðinni, og
 það er ekki mitt meðfæri að fást við þjóðleg
 fræði eða forn. Hver veit nema greifinu geti
 frætt mig eitthvað um það?

Greifinn hafði sent mér nákvæmar fyrirskip-
 anir um það, hvernig eg skyldi haga ferð minni.
 Hann hafði bent mér á gistihúsið „Gullkrón-
 una“, þar sem bezt væri að gista hér um
 slóðir. Eg fór þangað, og varð þess brátt var,
 að við mér hafði verið búist, því undir eins við
 innganginn mætti eg gamalli konu, góðlegri á
 svip og í venjulegum bændakvænna búningi. Hún

hneigði sig djúpt fyrir mér og spurði á nokkurnveginn skiljanlegri þýzku, hvort eg væri „herra Englendingurinn.“ Eg kvað já við því, og sagði til nafns míns. Hún virti mig nákvæmlega fyrir sér og talaði eitthvað til manns, sem var í næsta herbergi. Hann kom þegar með bréf í hendinni, og sá eg undir eins að á því var hönd greifans, sem er mjög einkennileg. Það var ritað á ensku, eins og bréf hans til skrifstofunnar í Lundúnum, sem eg er frá, og hljóðar svo:

„Kæri herra!

Velkominn til Karpatafjalla. Eg bið yðar með óþreyju. Klukkan 7 annað kvöld fer póstvagninn frá Bistritz til Bukowina, og hefi eg fengið yður þar far. Eg læt vagninn minn mæta í Borgoskarðinu og flytja yður heim.

Eg vona að þér hafið ekki reynt ofmikið á yður á ferðinni, og að þér unið hag yðar í landi voru, sem er svo fagurt, meðan þér þurfið að dvelja hér í þarfir okkar beggja, og er yðar vinur *Draculitz*.“

Þetta er alt ágætt. Eg fer að verða forvitinn. Það er fágætt að hitta ungverskan, eða réttara sagt sjöborglenskan greifa, sem býr í gamalli höll í eyðifjöllum við enda hins síðaða heims, en ritar þó bréf á óbjagaðri ensku og með allri alúð kurteisra mentamanna, jafnframt

sem hann vill gera samninga við málaflutningsmenn og fasteignasala um húsakaup í hjarta-Lundúna. Slikur maður hlýtur að vera ein-kennilegur.

Bistritz, 4. maí. Eg gat ekki sofið í nótt eins og eg hefði þurft eftir ferðina, því það var eins og allir hundar bæjarins hefðu mælt sér mót undir glugganum mínum til að spangóla og láta öllum illum látum. Loks var eg orðinn svo þreyttur, að svefninn sigraði mig, en eg vaknaði skömmu seinna við það, að mér heyrðist vera krafsað í gluggann. Eg dró upp gluggtjaldið og sá að leðurblaka hafði sezt á gluggann, en flögraði í burtu þegar ég kom. Hundgáin og spangólið var engu betra en áður, og eg gat ekki sofnað rólega fyrr en undir morgun.

Þegar við sátum að morgunverði, sagði hús-bóndinn mér, að hann hefði fengið bréf frá greif-anum, sem hefði beðið hann að sjá um, að eg fengi bezta sæti í vagninum, og hafði sent peninga fyrir vagnsedilinn. Eg reyndi að spyrja hann og konu hans um greifann, en þau vörð-ust allra fréttu, og eg varð einskis visari um hann, nema hann væri ríkur, eða væri sagður ríkur, og að þau hefðu séð hann svona í svip, en hann kæmi sjaldan til bæjarins o. s. frv. Reynd-ar gekk mér illa að skilja þá skollapýzku, sem þau töluðu.

Þegar eg sagði þeim frá hundgánni og leðurblökunni, sá eg að þau gutu augunum hvort til annars, og signdu sig án þess þau vildu láta vera á því. Hjátrúin á sér djúpar rætur í þessu landi, og mér þykir leitt, að eg get ekki kynt mér hugsunarhætti fólksins. Það væri fróðlegt, að rannsaka þessa hjátrú og hindurvitni, sem eru svo lifandi hér í landinu, þó börn þessa tíma eins og eg kalli það kerlingabækur. Það eru leifar af heiðnum hugsunarhætti og síðum löngu liðins tíma.

Eg hittí þýzkan kennara, sem sýndi mér bæinn fyrri hluta dagsins. Eg spurði hann um Draculitz greifa, og varð hann hissa þegar hann heyrði, að eg ætlaði á fund greifans og vera hjá honum hálfan mánuð, því hann sagði að greifinn væri kunnur að því, að vera einrænn og forðast alla menn, og aldrei hefði hann heyrt þess getið, að hann hefði boðið neinum heim til sín. „Þá fara vist ýmsar sögur af honum“, segi ég, „menn eru vanir að hnýta í þá sem binda ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir“. Hann kvað það satt vera, að margt væri talað um greifann, en enginn skynsamur maður legði trúnað á það. Að öðru leyti kunni hann ekki af greifanum að segja, annað en það, að hann væri af helztu og elztu ætt landsins, og að það hefði verið ættfylgja í þeirri ætt, að karlmennirnir hefði

verið allra manna braustastir og konurnar allra kvenna fríðastar, og ætíð hefði farið af þeim skáldlegar sögur. Ekki vissi hann, hvort greifinn ætti börn; en hann hefði verið þríkvæntur, og hefði mist konur sínar.

Eg fór til gistihússins og bjóst á stað. Veitingakonan kom til mín, og virtist henni vera mikið niðri fyrir:

„Með alvöru, ætlið þér að fara?“ sagði hún.

Hún var svo æst, að hún hafði alveg gleymt því litla sem hún kunní í þýzku, og rausaði ósköpin öll, sem eg skyldi ekkert orð í. Þegar eg sagði henni að eg yrði að fara, því eg ætti að lúka áriðandi erindum, starði hún fyrst þegjandi á mig og segir svo hátíðlega:

„Þér vitið þá ekki hvaða dagur er í dag“.

Eg sagði eins og satt var, að það væri 4. maí. Þá hrísti hún höfuðið og sagði:

„Já, það veit eg líka, en vitið þér *hvaða* dagur það er“.

Eg varð að segja henni að eg vissi ekki við hvað hún ætti.

Hún svaraði mér með ákafa og sagði:

„En hvaðan úr heiminum eruð þér, vesalings ungi maður, að þér vitið ekki, að það er aðfaranótt Georgsmessu í nótt og að þá leika allar illar vættir lausum hala“ — og nú signdi hún sig.

„Vitið þér hvort þér eigið að fara og í hvað þér kunníð að rata þar? Trúið gamalli konu,

sem vill yður vel. Frestid ferðinni til morguns; það er synd að freista guðs og fleygja sér sjálfum í glötunina“. — Tárin streymdu ofan kinnarnar á henni, og óðara var hún kropin á kné frammi fyrir mér, baðaði út höndunum og sár-bændi mig í nafni heilagrar Maríu meyjar og fjölda helgra manna, sem eg þekki reyndar ekki að neinum afreksverkum, að fara ekki á stað fyrr en eftir tvo daga. Sannast að segja fór mér ekki að verða um sel, þegar hún lét svona, en auðvitað trúði eg ekki þessum hégiljum. Eg fékk hana til að standa á fætur, þurkaði af henni tárin og sagði henni alvarlega, að eg yrði að fara — það væri skylda mín. Þegar af henni brá, tók hún talnaband úr barninum og rétti mér. Eg vissi ekki hvað eg átti að taka til bragðs, því mér hefir frá barnæsku verið innrætt ógeð á þess háttar helgum leikföngum sem öðrum réttrúuðum Englendingi, ea eg vildi ekki styggja þetta gamla góðkvendi, og þegar hún sá að eg var á báðum áttum, tók hún af öll tvímælin með því að hengja talnabandið um hálsinn á mér, og sagði með grátstafinn í hálsinum: „Gerið það vegna hennar móður yðar.“

Að svo mæltu fór hún burtu.

Hjátrúin er næm eins og sótt; mér liður ekki vel. Eg hefi nú verið að skrifa þetta til þess að jafna mig meðan eg bíð eftir póstvagninum.

Honum seinkar, og það er leitt að hestar greifans þurfa að bíða. Eg verð nú að skrifa henni Vilmu minni bréf, sem eg ætlast til að komi henni á óvart. — — —

Höllinni Draculitz, 5. maí að morgni.

Það er orðið albjart. Klukkan er orðin 4. Eg hefi ekki háttað enn þá, en er þó glöðvakandi; mér væri ekki unt að sofa nú; eg ætla því að skrifa; greifun hefir sagt, að eg mætti sofa svo lengi sem eg vildi.

Þegar eg steig í póstvagninn, var ökumaður ekki kominn í sæti sitt; hann var í hrókaræðum við veitingakonuna og marga aðra þorpþúa, og virtist mér fólkið vera að tala um mig, því það var smámsaman að líta til mín með undrunar svip og meðaumkunar. Eg skildi ekki nema einstaka orð, og tók því upp úr vasa mínum fjöltyngis-orðbók mína og leit að þeim orðum, sem eg helzt gat greint. Þau voru reyndar ekki sem skemtilegust, svo sem *djöfull, helvíti, óvættur* og önnur því lík góðyrði, sem mér var grunur um, að ættu við minn væntanlega húsbónda greifann. Þegar við fórum á stað var fjöldi fólks kominn að veitingahúsinu, gerði krossmark með tveimur uppréttum fingrum og benti á mig, sem var saklaus sem barn og hafði ekkert til unnið. Eg spurði þann eina samferðamann minn, sem

talaði þýzku, hverju þetta sætti, en hann sagði að fólkið bæri engan illan hug til mín, „öðru nær“; það vildi mér vel og væri að biðja fyrir mér. — Ökumaður sló nú í hestana, og ég gleymdi öllum signingunum og óheillaspánum, þegar ég fór að virða fyrir mér útsýnið. Við okkur blöstu hæðir, allar grasi grónar og skógi vaxnar, og voru bændabýli í hliðunum, sem sneru gluggalausum stöfnum að veginum. Þar voru apaldrar í blóma, og mörg önnur ávaxtatré. Vegurinn lá í ótal krókum milli hæðanna. Ökumaður keyrði hestana, eins og hann ætti lífið að leysa, yfir kletta og vegleysu; vegurinn var illur, því vegabætur voru óunnar, sem ætíð þarf að gera að vorinu.

Hinum megin hæðanna gnæfðu upp úr myrkviðunum klettóttir tindar Karpatafjallanna. Þeir urðu bráðum á báðar hliðar við okkur, og ljómudu í allskonar litaskrauti í sólarljósinu, en í fjarska sáuust bláhvítir jöklar. — Við og við mættum við bændafólki í flikróttum búningi, og margt sá eg þar, sem eg hafði aldrei áður séð, svo sem heysátur, sem hafðar voru til þerris upp í trjátoppunum.

Þegar farið var að dimma varð kalt, og sáum við þá grilla í snjófannir í giljum og skörðum. Stundum var vegurinn svo brattur, að eg vildi fara af baki og ganga, eins og siður er á Englandi, en ökumaður tók því fjarri. „Nei fyrir

alla muni, stigið ekki út úr vagninum hér, hér er ekki hættulaust — grimmir hundar“, sagði hann. Hann stóð ekki við augnablik, nema meðan hann kveikti vagnljósin. — Því dimmra sem varð, því meiri óhug virtist mér slá á samferðamenn mína; þeir voru að tala við ökumann, og skildist mér þeir vera að biðja hann að flýta sér. Hann lamdi hestana með svipunni eins og versti reiðfantur og blístraði mjög hátt við og við til að herða enn meira á þeim.

Alt í einu sáum við meiri skimu fram undan okkur, og það var eins og fjöllin lykist upp, en yrði þó brattari á báðar hliðar. Samferðamenn mínir gerðust nú enn órólegri en áður. Vegurinn var nú betri, og var haldið enn harðara áfram en fyrr, svo eg var að halda mér í vagninum. Eg er ekki huglaus, en mér virtist það vera óðs manns æði, að æða svona áfram í myrkri. Mér var nú sagt, að við værum að fara upp í Borgóskarðið, og eins og til að gera þann atburð hátíðlegri, tóku félagar mínir sig til, og gáfu mér ýmsar skritnar gjafir, svo sem krossmörk, rósatrjágrein, reynikvist og hvít blóm og sunað smávegis. Eg gat ekki fengið af mér að neita að taka við þeim, en reyndi að losast við þær flestallar smámsaman, því eg gat ekki séð, að eg gæti haft neitt gagn af þeim. En skilja þóttist eg, að þær ættu

að vera til varnar gegn arisum og vélabrögðum djöfulsins. — Vagninn rauk áfram með sama hraða og áður, og samferðamenn mínir voru alt af sem á nálum, og hvímuðu í allar áttir, og loks fór mér að verða órótt innanbrjósts. Egspurði féлага mína, hvort nokkuð væri að óttast, en þeir svöruðu mér út í hött, eða einhverju sem eg skildi ekki. Nú var farið að halla niður af skarðinu, og tók ökumaður þá í taumana á hestinum og nam staðar. Það var orðið bjartara yfir, því tunglið var komið upp, þó það væri að fjallabaki.

Eg fór nú að örvænta, að greifinn hefði sent vagninn eftir mér, og ökumaður fullyrti, að enginn vagn kæmi. Hann réð mér til að fara aftur til þorpsins með sér; en eg gæti aftur farið á morgun eða einhvern annan dag.

Meðan við vorum að tala um þetta, tóku hestarnir viðbragð, og fóru að sperra eyrun, frýsa og þrjóna, svo að ökumaður hafði fult í fangi að ráða við þá. Samferðamenn mínir æptu, kölluðu á helga menn, signdu sig og þrifu til krossa sinna.

Meðan á þessu stóð, kom á móti okkur gamllegur vagn, og gengu fyrir honum fjórir kol svartir graðhestar, ljómandi fallegir. Aktýgin voru sífurbuin, og hefðu betur átt heima á gripasafni en á þessum fallegu hestum. Ökumaður var hár vexti með mikið svart skegg; hann

var ekki í einkennisbúningi, heldur í einhvers konar þjóðbúningi, og hafði bardastóran flókahatt á höfðinu, svo ekki sást nema niðurlitlið. En eg tók þó eftir því, að augu hans sýndust rauð í ljósbirtunni; það hefi eg séð á fleirum, og gerir það ætíð einkennileg áhrif. Af því eg var svo illa fyrirkallaður eftir ferðina og samtalið við samferðamenn mína, hefði eg heldur kosið, að þessi nýi fylgdarmaður minn hefði verið líkari því sem fólk er flest.

„Þú hefir verið fljótur í ferðum í kveld, kunningi“, sagði aðkomumaðurinn á þýzku við ökumann okkar.

„Herra Englendingurinn þurfti að flýta sér“.

„Og því hefirðu ráðið honum til að snúa aftur með þér — eg heyri vel — menn fara ekki kringum mig — og eg hefi líka góða hesta“.

Hann hló svo að skein í mjallhvítar tennurnar.

„Fáið mér farangur hins náðuga herra“, sagði hann, og allir samferðamennirnir hjálpuðust að, svo að farangur minn var á svipstundu kominn yfir í hinn vagninn. Síðan steig eg út úr vagninum og ökumaður lyfti mér upp í hinn vagninn fremur sterklega. Í sama vetfangi var ökumaður kominn í sæti sitt og tók í taumana; við þutum á stað. Eg

leit aftur, og sá að samferðamenn mínir höfðu farið út úr vagninum til þess að geta betur séð til okkar, og að þeir vóru enn að signa sig.

Þegar þeir vóru horfnir úr sýn, fór einhver hryllingur um mig, og mér fanst eg vera einmani; mér fanst eg vera kominn út úr hinum síðaða heimi og inn í eitthvert myrkur, þar sem við öllu var að búast. Hjátrú samferðamanna hafði haft of mikil áhrif á mig, svo eg varð að taka á allri minni skynsemi og stillingu til þess að geta náð mér. Eg reyndi að sannfæra sjálfan mig um, að eg væri enginn æfintýramaður, sem ætti í stímabraki við drauga og djöfla, heldur væri eg stillingarmaðurinn Tómas Harker, kandídat í lögum með góðum vitnisburði, og nú sem stendur aðstoðarmaður í lögskrifstofu Péturs Hawkins málaflutningsmanns, og sendur af honum til Draculitz greifa í Sjöborgalandi til að semja við hann um fasteignakaup í Lundúnum. Eg fór líka að hugsa um festarmey mína, hana Vilmu; eg hafði nýlega skrifað henni, og þegar eg fór að hugsa um hana og lífið heima, varð eg rólegur og skapið batnaði; eg fór þá að hlakka til að kanna ókunnuga stigu hjá greifanum. Eg kveikti þá í vindli. En alt í einu nam vagninn staðar. Ökumaður stóð upp úr sæti sínu og kom til mín, og breiddi skinnfeld yfir fætturnar á mér

og upp fyrir kné, en vafði mig í loðkápu að ofanverðu og sagði á góðri þýzku:

„Það er kalt hér á fjöllunum í nótt, og hinn náðugi greifi sagði mér, að eg yrði að sjá um, að yður yrði ekki kalt. Þarna er flaska af plómulkör undir sætinu, ef þér þurfið að hita yður“.

Eg þakkaði honum fyrir, en hann fór aftur í sæti sitt og keyrði hestana.

Eg var við það að sofna, þegar mér fanst vagninn alt í einu snúa við; það hefir líklega verið ímyndun, þó eg þættist sannfærður um það. Eg kveikti litlu seinna á eldspítu og horfði á úrið. Það vantaði fáar mínútur í tólf. Mér fór nú að detta ýmislegt í hug, sem veitingakonnan hafði sagt við mig, en eg hló með sjálfum mér að því öllu saman, vafði kápunni fastara utan um mig og reyndi að sofna.

En óðara en eg hafði lokað augunum, heyrði eg hundgá frá bóndabæ þar í grendinni. Rétt á eftir heyrði eg hundgá úr annari átt og svo víðar og víðar að, þar til mér fanst alt loftið nærri og fjarri óma af ýlfri og gelti, sem hækkaði eftir því sem vindurinn blés. Nú gat eg ekki sofið, enda voru hestarnir farnir að láta æði illa. Ökumaður gerði þá spaka, með því að tala til þeirra í góðum róm og segja eitthvað við þá, sem eg ekki skildi. Það var að hvesa, og ekkert heyrðist nema uglu-

garg við og við í trjátoppunum, og skógarþyturinn. En svo heyrðist hundgáin aftur, og rétt á eftir grimmilegt ýlfur, sem eg varð undir eins hræddur við.

„Hvað er þetta?“ spurði eg ökumanninn.

„Það eru úlfarnir, herra minn, úlfarnir hérna í fjöllunum“, sagði hann; „þeir eru úti í nótt, en verið þér rólegur, *okkur* gera þeir ekkert“.

Hestarnir virtust þó vera annarar meiningar, því þeir fóru nú að verða staðir og slá aftur undan sér, eins og þeir væru hræddir; eg sá, að ökumaður varð að taka á öllum heljar-kröftum sínum, til þess að halda þeim í skefjum; það lá við sjálft, að vagninn færi um koll og eg mundi fleygjast úr honum ofan í gjá, sem eg hélt að væri við veginn. Eg var viðbúinn að stökkva úr vagninum, en þá tókst ökumanni loks að ráða við hestana, svo að hann gat farið úr vagninum, gengið til þeirra og strokið þeim, og hvíslað að þeim, eins og hestatemjendur gera. Þeir urðu þá undir eins spakir eins og lamb. Ökumaður settist svo í sæti sitt og við héldum áfram.

Litlu síðar vorum við komnir út úr skóginum og fórum meðfram feikna-háum klettum. Við vorum þar í skjóli fyrir rokinu, en eg varð þess var, að enn var að hvessa, og brátt gerðist aftakaveður. Hundgáin heyrir nú óglögt

úr dalnum, sem við höfðum farið yfir, en úlfa-
þyturinn var miklu meiri en áður, og var að
heyra alt í kringum okkur.

Eg var ekki hræddur, en mér var ekki
rótt, og eg óskaði að eg hefði einar tvær veiði-
byssur með mér, því eg vildi einmitt geta gefið
henni Vilmu minni svo sem tvo, þrjá úlfsfeldi
í brúðargjöf, og eg varð að hlæja með sjálfum
mér, þegar eg hugsaði til þess, að margir sports-
menn, sem eg þekki, mundu hafa þakkað fyrir
að mega vera svo sem mánaðartíma um þessar
slóðir.

Alt í einu tók eg eftir því, að ökumaður
skimaði í allar áttir, og þegar eg fór að gæta
betur að, sá eg ekki all-langt frá mér eins og
bláleita eldsglætu. Ökumaður hafði auðsjáan-
lega tekið eftir því líka. Hann stökk úr vagn-
inum og hvarf út í skóginn. Mér sýndist þessi
bláleita glæta vera skamt frá veginum, og eg
þóttist gerla sjá, hvað ökumaðurinn hafðist að.
Hann hlóð dálitla vörðu. — Mér fanst eg hafa
sofið stundarkorn, þegar eg varð þess var, að
vagninn hafði numið stadar. Ökumaður var
nú lengur burt en áður, og eftir fáein augna-
blik gerður hestarnir ókyrrir. Mig furðaði á
því, einkum af því að nú heyrðist enginn úlfa-
þytur, en hestarnir urðu brátt svo baldnir, að
eg fór að taka í taumana og ætlaði að fara úr
vagninum til þess að geta betur ráðið við þá —

en þá dró frá tunglinu, og eg sá alt í einu fjóra, fimm, sex stóra *úlfa*, sem læddust eftir götunni með gapandi ginum og lafandi tungum. Eg þreif í ofboði ofan í vasa minn eftir marghleypu, en eg hafði um morguninn látið hana ofan í langsekk. Eg hafði þá ekkert annað fyrir mig að bera en svipuna, og henni gat eg naumast beitt, því eg hafði fult í fangi að ráða við hestana. Til þess að verða ekki ráðalaus, æpti eg svo hátt sem eg gat „halló!“ svo að undir tók í skóginum, og virtist mér úlfunum ekki vera um það. En rétt í því heyrði eg til ökumannsins; hann sagði eitthvað, sem eg skyldi ekki, og þegar eg leit til hliðar, sá eg að hann bandaði með höndunum við úlfunum, en þeir skriðu sneyptir á brott með lafandi skottið.

„Hvernig gátuð þér farið frá vagninum þegar svona stóð á?“ sagði eg við ökumanninn. „Það lá við að það yrði að slysi. Eg hefði naumast getað ráðið lengur við hestana“.

„Eg sagði yður, að ekkert væri að óttast, þó hestarnir séu ungir og óvanir — eg er gamall veiðimaður. Úlfarnir gera *okkur* ekkert. Þér sáuð sjálfur, hvernig eg fældi þá burtu. Eg þekki tökin á þeim; þeir þora ekki að ráðast á mig. En það er margt verra í skóginum í öðru eins svartnætti og nú. Reynið þér nú að sofna; við erum bráðum komnir heim“.

Eg lét mér þetta að kenningu verða, og hefi eflaust sofnað, því þegar vagninn nam staðar næst, sá eg í tungsljósinu, sem nú var orðið bjart, að við vorum komnir að stórum ballarhúsagarði, með háum múr í kring, sem sumstaðar var orðinn skörðóttur.

7. maí að morgni. — — Eg tek þar til sem eg hætti, að skrifa það sem síðan hefir drifið á dagana.

Mér virðist hallargarðurinn óvenjulega stór, en eg hefi reyndar ekki séð hann enn við dagsbirtu.

Þegar við vorum komnir heim hingað, hjálpaði ökumaður mér úr vagninum og tók eg þá enn eftir því, að hann var heljarmenni að afli; eg er fullar þrjár álnir á hæð og gildur að því skapi, en mér fanst hann geta fleygt mér eins og vetlingi. Hann tók farangur minn úr vagninum og lét hann hjá mér. Fram undan mér var steinrið, sem lá upp í skrautlegt hlið.

Ökumaðurinn tók í klukkustreng og eg heyrði klukkuhljóð langt burtu. Síðan stökk hann upp í vagninn, sló hestana og hvarf á svipstundu einhverstaðar inn í múrana.

Það heyrðist ekkert hljóð úr höllinni og ekkert ljós sást í gluggunum. Mér fór að leiðast, og mér kom í hug að vekja alt fólk með því að berja harkalega að dyrum, en þá heyrði eg

skóhljóð á steingólfina inni fyrir, og hliðinu var lokið upp.

Þar kom á móti mér gömul kona í ungverskum þjóðbúningi — eða búningi einhverra þeirra þjóða, sem búa um þessar slóðir. — Hún hneigði sig fyrir mér og horfði á mig með undarlegu brosi, sem vakti hjá mér grun um, að hún væri dauf og dumb, eins og síðar kom fram. Eg gaf lítinn gaum að henni, því eg kom brátt auga á mann, sem stóð að baki hennar og vakti alla eftirtekt mína.

Það var gamall maður, hár vexti, með langt hvítt yfirskegg og hvítt hár. Hann var líka í einhvers konar þjóðbúningi, sem var dökkur og lagður snúrum. Hann hélt á gömlum silfur-lampa í hendinni. Áður en eg var kominn upp ridið, heilsaði hann mér mjög kurteislega og sagði á reiprennandi ensku, en með dálítið útlendri áherzlu:

„Velkominn í mín hús! Gangið frjáls og glaður inn“

Þegar eg var kominn inn fyrir þröskuldinn, tók hann í hönd mér svo fast, að mér fanst ekki til um það, einkum af því að hönd hans var svo köld, að kuldann lagði inn í bein. Hann bauð mig þá aftur velkominn. Eg þóttist vita, að þetta mundi vera húsbóndi minn tilvonandi, en varð þó að spyrja að því:

„Greifi Draculitz?“

Hann kinkaði kolli og svaraði vingjarnlega :

„Eg er Draculitz. Já, verið þér velkominn, herra Harker; mér var farið að leiðast ettir yður. En þér eruð þreyttur og yður er kalt — þér hafið farið langan veg í nótt og þér eruð ekki vanur því. Þér þurfið hvíldar og hressingar“.

Hann benti gömlu konunni, og hún rauk út að sækja farangur minn.

Greifinn gekk á undan með ljósið í headinni. Þá varð fyrir okkur járnvarin hurð, sem greifinn lét upp á gátt. En þá komum við inn í stofu; þar var ljós inni og dúkað borð, en eldur logaði á arninum.

Greifinn gekk inn í áttstrendan afklefa, gluggalausan. Þar lauk hann aftur upp hurð og bauð mér inn í stórt herbergi. Það var svefnherbergi, og loguðu tvö vaxkerti á borðinu í silfurstjökum, og þar logaði líka vel á arninum.

„Þér eruð þreyttur“, sagði greifinn; „þér viljið ef til vill laga yður dálítið til, áður en þér farið að borða, en eg bið yðar yfir í stofunni“.

Eg gerði sem hann sagði og flýtti mér síðan yfir um.

Kvöldmaturinn stóð á borðinu. Greifinn bauð mér sæti og sagði: „Gerid svo vel að borða

það sem þér hafið lyst á. Þér verðið að afsaka að eg borða ekki með yður; eg hefi borðað kvöldmatinn“.

Eg rétti honum bréfið frá húsbónda mínum, Hawkins málaflutningsmanni. Hann las það og rétti mér það síðan með alúðlegu brosi. Mér þótti líka gaman að bréfinu. Það hljóðaði svo:

„Herra greifi!

Eg er því miður svo þjáður af gigt, sem eg á vanda fyrir, að eg get ekki tekist ferð á hendur að sinni, en til allrar hamingju get eg sent annan í staðinn minn, sem eg treysti fyllilega sem áreiðanlegum og duglegum manni. Það er ungur lögfræðingur og mjög efnilegur, sem eg hefi þekt frá barnæsku, og er nú aðstoðarmaður á skrifstofu minni. Eg get algerlega ábyrgst, að hann nefir beztu þekkingu til að bera, auk þess sem hann er þögull eins og steinninn, og getið þér því að öllu leyti samið við hann um húskaupin. Eg hefi sagt honum fyrir, og sjálfur hefir hann líka aflað sér allrar nauðsynlegrar fræðslu til undirbúnings ferðinni. Eg mæli því sem bezt með honum, og er yðar með virðingu

auðmjúkur

Pétur Hawkins“.

Greifinn lyfti nú lokinu af fatinu á borðinu og bauð mér aftur að sitja. Eg lét ekki segja

mér það í þriðja sinn, og tók nú ósleitilega til matar. Það var bezta hænsasteik, en heldur mikið pipruð, og gott salat, ostur, smjör og brauð, og flaska af gömlu og sætu Tokayer-víni, sem alt var eins og paradísarfæða í munnum á mér, glórhungruðum manni. Þreytan fór úr mér, og þegar húsbóndinn síðan bauð mér sæti í hvílustól við ofninn og bauð mér vindil, varð eg svo vel fyrir kallaður, að eg hefði getað talað við hann alla nóttina.

Greifinn sat fyrir miðjum ofninum og rétt á móti ljósinu, svo mér gafst gott færi að virða hann fyrir mér. Hann var mjög stórskorinn, nefið nokkuð hræfuglalegt, brúnamikill og augun lágu djúpt. Eennið hallaðist aftur á bak, og hann var grár fyrir hærnum; hárið féll niður á herðar; hvítur kampur haldi munninn, en þó þóttist eg sjá þar merki hörku, eða jafnvel grimdar, en þau hurfu þegar hann talaði eða hló. Hann var vel tentur, nema vígtennurnar voru óvenjulega langar. Hendurnar voru hvítar og fallegar, en þó loðnari en eg hefi séð á nokkrum manni.

Við töluðum út um alla heima og geima, um ferð mína, um stjórnsmál, sem á dagskrá eru, sem hann vissi góð deili á, og svo drap hann á erindi mitt, en kvaðst mundu tala um það við mig daginn eftir.

Svo varð hvíld á samtali okkar. Þegar eg

leit í gluggann, sá eg að ljómadi af degi. Það var kyrd á öllu, en alt í einu heyrðist úlfabytur. Það var eins og leiftri brigði fyrir í hræfuglsaugum greifans.

„Heyrið þér, heyrið þér“, sagði hann, „börn næturinnar. Þvílíkir tónar!“ — Það fór hryllingur um mig, en hann hló vingjarnlega:

„Ó, kærri herra! Þér borgarbúar getið ekki skilið tilfinningar gamals veiðimanns“.

Síðan stóð hann upp og sagði: „Þér hljótið að vera þreyttur; eg bið yður að afsaka, að eg hefi tafið svo lengi fyrir yður. Svefnherbergi yðar er tilbúið, og þér getið farið að háttu þegar þér viljið. Þér getið sofnað fram yfir hádegi; þér verðið að hvíla yður. Það stendur svo á, að eg verð að fara að heiman og get líklega ekki komið aftur fyrir en undir kvöld. Þér megið vera áhyggjulaus. Sofið þér vel og dreymi yður vel“.

Hann lauk upp hurðinni og hneigði sig ljúfmannlega, og eg bauð honum góða nótt.

En eg sofnaði ekki fyrir en sól var komin hátt á loft.

Það var komið langt fram á dag, þegar eg vaknaði. Eg fór að rifja upp fyrir mér það sem fyrir mig hafði komið daginn áður, og hló með sjálfum mér að því, hve æfintýraleg Vilmu mundi þykja ferðasaga mín, þegar eg kæmi heim.

Eg fór nú að litast um í svefnherberginu. Ársalirnir voru úr gömlu þykkasilki og góbelinstjöld á veggjunum, og hlutu þau að vera afar dýr. Ekki verður komist af með minni húsbúnað en hér er, þó öll húsgögn séu dýr og gömul. Mundlaugin er óvenjulega lítil, en hún er úr gagnþéttu gulli.

Þegar eg var búinn að klæða mig, fór eg yfir í stofuna, sem eg borðaði í kveldið fyrir. Það var stór salur með veggstjöldum. Kaldur matur var á borðinu og vín. Þegar eg gekk að borðinu, sá eg að borið var að eins fram fyrir einn mann, og að á borðinu lá sedill til mín frá greifanum og þetta ritað á hann:

„Eg verð að heiman meiri part dagsins, en vona að þér góðfúslega fyrirgefið mér þessa ókurteisi, sem eg get ekki gert að. Ef þér vilduð raða öllum skjölum yðar, þá getum við talað saman þegar eg kem aftur.

Yðar skuldbundinn

D—z“.

Þegar eg hafði borðað, — maturinn var góður, þó hann væri öðruvísi kryddaður og tilbúinn en eg hafði vanist, — fór eg að svipast eftir bjöllu til að bringja á vinnufólkið, en fann enga slíka bjöllu. Eg ætlaði þá að lúka upp ganghurðinni, og furðaði mig á, að hún var læst. Undarlegir eru siðirnir í þessu húsi.

Alt var þögult, eins og steinninn. Eg leit út og sá gömlu konuna, sem var að sækja vatn. Klukkan var milli 4—5, og eg fór því aftur til svefnherbergis míns, og fór að blaða í þeim skjölum, sem snerta húskaupin, og raða þeim saman. Eg gekk svo aftur fram í salinn og reyndi að lúka upp tveimur hurðum, en þær voru harðlæstar. Þriðja hurðin var ólæst, og var hún að stóru hornherbergi, sem sólin skein inn í. Eg gekk þar inn og var það bókaherbergi greifans. Þar var stór bókaskápur, og voru sumar skrifaðar, og sumar mjög gamlar, og virtust vera um stjörnuþáðóma, gullgerðarlist og töfra miðaldanna; þær voru á ýmsum málum, sem eg skildi ekki, en mest furðaði mig á því, að eg fann þar stórt safn af enskum bókum, bæði nýjum og gömlum, nær því í öllum greinum, skáldskaparrit, sögurit og vísindaleg rit, og venjulegar handbækur, sem allar voru lesnar og með merkjum og athugasemdum lesarans. Á borðinu lágu ensk blöð og tímarit.

Eg fór nú að skemta mér við bækurnar og sat við þær þangað til komið var sólsetur. — Sólsetrið var þar hið fegursta, sem eg hefi séð; og kemst það hvergi í neina líking þar sem eg hefi verið, nema helst í hálöndum Skotlands. Þegar sólin var gengin undir, breyttist allt í einum svip; loftið varð kalt og rakafult, og litirnir breyttust þegar tunglið kom upp.

Svölurnar hurfu, og í þeirra stað komu leðurblökur, sem úir og grúir af hér allstaðar. Ein flaug inn um gluggann, og af því eg hefi viðbjóð á þessum kvikindum, flýtti eg mér að loka honum.

Þegar ég leit við, datt ofan yfir mig; eg var þá ekki aleinn; það var komið rökkur, en tunglið skein inn um gluggann, svo að nokkur birta var inni í herberginu, þó ekki væri eins bjart og á degi væri.

Við bordið í miðju herberginu stóð grannvaxinn, ljósklæddur kvenmaður. Hún studdi annari hendinni á stól við bordið, en með hinni hélt hún að sér herðasjali. Hún var ung og ljósleit, og mér sýndist hún horfa forvitnislega á mig.

Eg hneigði mig og sagði á svo góðri þýzku, sem mér var unt:

„Fröken, þér fyrirgefið—eg átti von á greifanum“.

Hún færði sig nær mér meðan eg sagði þetta, og svaraði aftur á þýzku með útlendum hreim: „Þér eruð útlendingurinn, sem von var á. Verið velkominn. Það er einmanalegt hér í höllinn, einmanalegt á fjöllumunum“.

Rödd hennar var undarlega skær; mér fanst hljómurinn af orðum hennar ganga gegnum hverja taug, en eg vissi ekki, hvort það var óþægileg eða þægileg tilkenning; eg vissi að

eins, að hún snart einhverja strengi í mér, sem áður voru ósnortnir, og hafði mikil áhrif á mig. — Mér fanst hjartað slá hraðara, og það var eins og eg hefði fengið „feber“.

Eg horfði alt af á hana, meðan hún talaði við mig, og gat ekki haft augun af henni. Eg er þó ekki fljótur til að láta mér finnast til um kvenfólkið, heldur er eg álitinn fremur þur og kaldur. Enda hefir mér aldrei þótt vænt um neinn annan kvenmann en hana Vilmu mína, síðan eg var drengur.

Hún stóð í tungsljósinu fyrir framan mig og man eg ekki að eg hafi séð nokkura stúlku jafnfríða.

Eg ætla ekki að lýsa henni nákvæmlega, því henni verður ekki lýst með orðum. Hún hafði gulbjart hár, sem var sett upp í hnút upp í hvirflinum. Augun vóru blá og stór. Búningurinn var ekki ólíkur búningi, sem sjá má á kvenlegum fegurðum frá byrjun aldarinnar, t. d. á Jósefiu drotningu; hálsinn og brjóstið bert. Um hálsinn hafði hún festi úr skygðum demöntum.

„Þér dáist að útsýninu“, sagði hún. „Já, þeir segja, að fjöllin okkar séu falleg, — en þau eru svo eyðileg, eyðileg. — Maður er hér eins og fangi, sem langar, langar út í heiminn, stóra heiminn — til *mannanna*. Hér eru engir menn, — en mér þykir svo *vænt um mennina*“.

Hún rétti út handleggina, eins og hún væri frá sér numin, og mér sýndust augu hennar leiftra í tunglsljósinu.

„Mér þykir vænt um“, sagði hún, „að þér eruð kominn hingað. Þér lítið svo vel út og karlmannlega; það kemur sér líka betur hér í Karpatafjöllunum. — Okkur verður ánægja að kynnast yður“.

Eg vissi ekki, hvað eg átti að segja til alls þessa, því eg var alveg utan við mig og langaði mest til að taka hana í faðm mér og kyssa hana; eg færði mig nær henni, en þá hvarf hún alt í einu, og í sömu svipan kom greifinn inn með lampa í hendinni. Hún hafði annaðhvort smeygt sér út að baki greifans eða farið út um leynidyr á salnum.

„Já, góði herra Harker, eg er alveg frá mér út af því, að eg hef ekki getað verið hjá yður — þér mættuð hugsa sitt af hverju um gestrisnina í þessu gamla húsi — eg gat ekki komið fyrir — og nú finn eg yður hér í myrkurinu — eg bið yður innilega fyrirgefningar — þjónar mínir eru óvanir gestum — þér verðið að afsaka, hvernig alt er hér í Karpatafjöllunum“. Hann kveikti á vaxljósunum og lét hlerana fyrir gluggana. „Eg vona, að þér séuð nú afþreyttur eftir ferðina. Það gleður mig að þér eruð kominn hingað; hér er svo margt, sem yður má vera hugleikið. Þessar bækur“,

sagði hann og benti á ensku bækurnar í skápn-
um, „hafa verið vinir mínir í mörg ár, eða
síðan eg fór að hugsa um það að fara einhvern
tíma til Lundúna, ef eg gæti. Það er þeim að
þakka, að eg þekki England, yðar fagra og
volduga land. — Mig langar til Lundúna með
öllum þeim manngrúa og iðanda lífi, endalausu
störfum — með öllu sem skapar þennan stórbæ.
Eg hefði nógu lengi lifað einmani — mig lang-
ar að kynnast mönnum“.

Það var nærri því orð fyrir orð hið sama
sem ókunna fallega stúlkan hafði sagt — en
mér fanst einhver grimd í röddinni, og mér
þótti sem eg sæi sem snöggvast villidýr, sem
sæti um að stökkva á brád sína, og það fór
hryllingur um mig allan. Greifinn virtist taka
eftir því, að eg var eitthvað utan við mig, því
hann horfði á mig með sínum undarlegu aust-
urlenzku augum undan síðum augabrúnum. Síð-
an sagði hann og breytti um róm:

„Og hvernig hefir yður líðið meðan eg var í
burtu?“

Eg kvaðst hafa sofð nær því allan daginn. Hann
kinkaði kalli og þótti það rétt af mér að sofa út.

„En hvað hafði þér hafst að síðan?“

Eg sagði sem satt var, að eg hefði raðað skjöl-
um mínum og fundið að dyrnar vóru læstar, en
hafði af hendingu komist inn í þetta herbergi,
og vonaði að hann reiddist mér ekki fyrir það.

„Nei, hingað eru þér æfinlega velkominn og eg vona, að þér dveljið hér mest meðan þér eruð í mínum húsum. Hér er eg líka vanur að vera. Eg bið yður að afsaka, að eg hafði lokað gangdyrunum — það geri eg æfinlega af gömlum vana. Auðvitað er yður velkomið að skoða höll vora, eins og yður lystir. Flest herbergin eru auð nú, því miður, og hafa verið svo í mörg ár, og ryk fellur á margar fornar minjar. Sum herbergin eru læst — af ástæðum, sem engan varðar um. Jafn-gamalt hús sem þetta hefir að geyma margt, sem ókendum mönnum er ekki ætlað að sjá, og eg vona að þér misvirðið það ekki. Sjöborgaland er ekki England, og hér ber margt við, sem enskir menn skilja ekki — —“.

Eg hneigði mig svo sem til samþykkis, en veitti því eftirtekt, að hann var stöðugt að virða mig fyrir sér.

„Eg bý hér nú“, sagði hann, „sem gamall einsetumaður í feðraborg minni — lífi bæði í forn-um endurminningum og í athugun þess sem gerist úti í heiminum, sem ómurinn berst af hingað í þennan afkyma veraldarinnar. Yður sýnist það ef til vill ótrúlegt, að þótt hár mitt sé hvítt er hjartað ungt, og það langar til að taka þátt í lífinu úti í heiminum — þar sem þjóðun-um eru sköpuð forlög og heimsstríðin eru háð; eg hefi einu sinni tekið þátt í því og

haldið mörgum þráðum í minni hendi“ — hann varð kuldalegur í rómnum — „að drotna, ungi vinur minn, að drotna, það er það eina, sem nokkurs er vert í lífinu, hvort sem menn drotna yfir vilja manna eða hjörtum þeirra“.

Hann þagði stundarkorn og tók svo aftur til orða:

„Þér hafið þá verið hér hitt af kveldinu? Það styttnir stundir, að lesa bækurnar mínar — en þér hafið orðið að bíða mín í rökkrunu. Eg vona að þér hafið sofið?“

Það var eins og hann væri að grafast eftir, hvort eg hefði einiskis orðið var, og af því eg þóttist vita, að það kæmi sér bezt að eg dyldi einiskis, sagði eg eins og var:

„Eg var að dást að sólsetrinu á fjöllunum yðar. Eg hefi aldrei séð fegra. Og loftið — skógarilmurinn var eins og áfengt vín. Eg gat ekki farið frá glugganum — —“.

„Glugganum“ sagði hann, „höfðuð þér gluggann opinn. Já, útsýnið er fallegt, önnur eins fjöll eru ekki til í öllum heiminum, en fyrir alla muni, létuð þér gluggann aftur fyrir sólsetrið?“

„Nokkrum mínútum síðar, — fimm, eða ef til vill tíu mínútum síðar, eg man það ekki svo gerla“, sagði eg, og var hissa yfir því, hvað hann var ákafur.

„Hver fjandinn!“ sagði hann með grimmi

röddu og reis að hálfu leyti upp í stólnum. Mér datt alt í einu í hug, að hann ætlaði að rjúka í mig og bita mig á barkann, og eg stökk á fætur og ætlaði að verja mig. Hann sefaðist undir eins og sagði í venjulegum róm: „Fyrirgefið mér, kæri Harker, — eg er svo bráður — en takið þér nú eftir, vinur. Það er regla hér í höllinni, sem aldrei er út af brugðið, einkum þegar gestir eru hér, að enginn gluggi má vera opinn eftir sólsetur. Það eru illar gufur, lofteitur, eða hvað menn kalla það, sem valda því, að kveldloftið hér er óheilnæmt fyrir aðkomumenn. Þetta verðið þér að muna framvegis. Þér megið heldur ekki reika hér um herbergin eða gangana, þegar farið er að dimma, og munið mig um það, að sofa ekki í þessum herbergjum, sem ekki er búið í. Við getum báðir haft ilt af því. Annars vona eg að ekkert ilt hafi viljað til. Þér létuð gluggann aftur?“

„Já, eg lét gluggann aftur, af því loftið kólnaði og úði og grúði af leðurblökum, viðbjóðslegustu kvikindum, sem eg þekki“, sagði eg hreint og beint; „en satt að segja tókst einu þessu ópokka-kvikindi að komast inn um gluggann — er hér líklega einhverstaðar, þó eg hafi ekki getað fundið það“.

Greifinn sat nú grafkyrr og neri hendurnar, og horfði á mig með einkennilegu, eftirrýnandi augnaráði.

„Eg var einmitt að svipast eftir henni þegar daman kom“.

Greifanum brá eitthvað undarlega við, þegar eg sagði þetta, og eg bjóst við, að hann mundi þjóta upp í annað sinn, en hann spurði að eins hvað eg ætti við.

„Dömunu, sem var inni í stofunni, þegar þér komuð — þér hafð eflaust séð hana“, sagði eg. „Þér komuð rétt á eftir henni“.

„Nei, eg sá hana ekki“. Hann varð eins og utan við sig. — — „Eg mátti búast við þessu — — já, það er ýmislegt í þessu húsi, sem fáir þekkja — þér hafð orðið varir við eitt. Hvernig var stúlkan í hátt — var hún ljóshærð?“

„Já“.

„Og ljósklædd — en þó nokkuð óvanalega klædd?“

Eg játti því.

„Hún hefir haft á brjóstinu skygða demanta og rúbín í miðju“.

„Já“.

„Og hún hefir verið — segjum — dálagleg?“

„Mjög lagleg!“

„Mjög lagleg, ha, ha, falleg, falleg eins og Venus, eins og Helena—furðuverk náttúrunnar munuð þér vilja segja. Hafð þér séð annan eins háls, annan eins barm, aðra eins hand-

leggi, aðrar eins varir — þó ekki sé talað um annað — veslings drengur, veslings dygðugi Englendingur, annan eins kvenmann hafð þér víst ekki séð um dagana?“ — Það var eitthvað ósæmilegt í röddinni og hlátrinum. — „Fyrirgefið, að eg geri að gamni mínu“, sagði hann; „þið unga fólkið skoðið alt svo alvarlega, sem við hlógum að í mínu ungdæmi. Eg var nú eiginlega að hlægja að því, hve sakleysislegt andlit þér settuð upp. — En sannleikurinn er hér ekki neitt hlátursefni. — Talaði hún nokkuð við yður?“

„Mig minnir hún byði mig velkominn. Eg hélt hún ætti hér heima“.

„Já, hún á hér heima, og hún er náskyld mér, — fögur eins og gyðja, en geðveik“.

Mér hnykti við.

„Það er ekki svo að skilja, að nokkur þurfi að óttast hana. Hún ímyndar sér, að hún sé langamma sjálfrar sín og gengur alt af í fötum, sem eru eins og fötin á myndinni hennar langömmu hennar, — eg skal eitthvert annað kveld sýna yður myndirnar af ættfólki mínu, og eg trúi ekki öðru en að þér sjáið að þær eru ótrúlega líkar. — Það er auðvitað saklaust gaman. Hún er venjulega höfuðsetin, en það ber við, að hún læðist út í rökkrinu og ráfar hér um gangana. Hún hefir, skiljið þér, verið ólánsöm í festamálum — aumingja stúlkan — og þykist

alt af vera að leita að mannsefninu sínu. Nú vitið þér það alt eins og það er“.

Hann starði á mig með augnaráði, sem mér virtist benda á að hann segði með sjálfum sér: „Og meira fáið þér sannarlega ekki að vita“. En eg þóttist sannfærður um það með sjálfum mér — getur verið að mér hafi skjátlást — að hann segði mér ekki satt.

— Eg get reyndar ekki gert mér grein fyrir, af hverju mér stendur stuggur af greifanum — það er svo venjulega, þegar manni geðjast ekki að einhverjum, en eg get ekki að þessu gert, þó greifinn sé venjulega ekki annað en ljúfmensk-an sjálf.

„— Bændurnir hér í sveitinni segja margar sögur um höllina, og ein af þeim er um hvítu dömuna, sem á að vera hér á sveimi og birtast þeim sem einhver lífsháski vofir yfir hér í höllinni. Þér þekkið sögurnar, sem fara af hvítum dömum í flestöllum gömlum höllum í Evrópu, en hér er eins og dálítill fótur fyrir sögunni, þó auðvitað sé engin þörf að segja það hverjum manni“.

Eg hneigði mig til að samsinna honum.

„Eg álit að eg þurfi ekki að vara yður við, að festa ekki trúnað á allar þær sögur, sem yður hafa að líkindum verið sagðar um mig eða heimili mitt. Hér í fjöllunum er almenn-ingur mjög hneigður til hjátrúar, sem kallað er,

og margar kynjasögur fylgja oft gömlum húsum. Eg get búist við, að þér þykist hafa orðið einhvers var, sem yður hefir þótt óvanalegt, en alt er það af eðlilegum rótum runnið, og þér þurfið ekkert að óttast“.

„Já, þér megið reiða yður á það, að eg trúi ekki að draugar séu til“.

„Það er gott, það hugsaði eg líka“, sagði hann. — „England er land menningar og verklegrar starfsemi. Þau augu, sem hafa notið menningar-birtu þessarar aldar, sjá aldrei neinær vofur“.

„Auðvitað ekki“, sagði eg. „Alt þess konar er nú álltið sjúkleiki. Eg kannast við ofsjónir og tangæsingar — og annað ekki. Getur nokkuð verið fráleitara viti, en að ímynda sér, að andar dauðra manna séu á reiki, og meira að segja í sömu fótunum sem þeir höfðu í lifanda lífi og löngu eru rotuð og að engu orðin?“

„Rétt er það“, sagði hann með háðsvip, að mér sýndist. „Þetta líkar mér. Svona á unga fólkið að vera. Við gamla fólkið getum haft okkar kreddur fyrir okkur, en framtíðin heyrir til unga fólkinu. Þess vegna langar mig í iðustrauum hins unga lífs í Lundúnum. Þar hafa menn annað að hugsa en að trúá á vofur. — Já, en við ættum nú að athuga það sem okkar fer á milli. Viljið þér ekki sækja skjölin?“

Eg hljóp eftir skjölunum og kom að vörmu spori aftur. Greifinn skoðaði það alt saman vandlega og spurði mig spjörunum úr, og furðaði mig stórlega á því, hve kunnugur hann gat verið háttum manna í Lundúnum.

„Já, en eg hefi líka sagt yður, að eg hafi árum saman verið að kynna mér hjarta Englands, sem eg vil líka síðar fá að njóta. En eg hefi því miður orðið að læra alt af bókum — málið líka. — Eg hefi nú hugsað mér að eg kynni að geta lært af yður að tala“.

„Þér talið ágætlega ensku, herra greifi“.

„Það vantar mikið á“, sagði hann; „eg kann beygingar málsins, og get gert mig skiljanlegan — en eg veit að allir heyra að eg er útlendingur þegar til Lundúna kemur. Eg vil læra málið sem innfæddur maður“.

Við fórum að blaða í skjölunum. Húsið, sem greifinum stóð til boða, var í austurborginni, stórt og gamalt hús, og hafði lengi ekki verið búid í því.

Greifinn kvaðst vera ánægður með húsið í alla staði; þótti það stór kostur á því, að það væri fornfálegt, eins og höllin hans, og það þótti honum líka góður kostur, að kapella var þar í nánd. — „Hér í landi geta menn eins og eg ekki gleymt því, að vér eigum eitt sinn að dreifast saman við mannmúginn — þá verstu jarðar- maðka, sem að eins hafa lifað dagslífi“.

Eftir það bauð greifinn mér kveldverð. Sjálfur kvaðst hann hafa borðað á heimleiðinni og hefði það tafið hann. Hann settist við ofninn og fórum við svo að spjalla út um alla heima og geima.

Eg sagði honum frá ferðum mínum og síðustu nóttunni þegar eg fór heim til hans. Hann kvað það hafa verið rétt gert af ökumanni, að fara úr vagninum; úlfarnir hefðu getað ráðist á hestana, en þeir væru venjulega hræddir við menn. Þegar eg spurði hann um glætuna, sem eg sá í myrkrinu, spurði hann mig, hvort eg hefði aldrei heyrt getið um haugeld. Hann sagði, að það væri trúa manna, að haugeldar sæist á Georgsmessu, þar sem fé væri fólgið í jörðu.

„Enginn efi er á því“, sagði hann, „að hér er mikið fé fólgið í jörðu. Um þessar slóðir hafa Tyrkir, Valakar, Szeklar og Saxar barist mörgum öldum saman, og það hefir verið venja að grafa í jörðu alt fénaett, til þess að fela það fyrir óvinunum“.

„En hvernig getur þetta fé falist svo lengi í jörðu úr því hægt er að finna þá staði, þar sem það er grafið?“

„Það er af því, að bændur eru og verða æfinlega raggeitur. Þeir eru sniknir, þeir eru á-gengir, hvar sem þeir geta komið því við. En þeir þora ekkert. Það er heldur ekkert áhlaupa-

verk að finna fé í jörðu þar sem haugeldur sést. Verið getur að þar sé heldur ekkert fé; gömlum sögnum er ekki að treysta. En gaman væri að finna þar kistu með glóandi gulli; gullinu, sem er það eina, sem heiminum verður stjórnað með —.“

Það var eins og greifinn félli í eitthvert mók; hann starði út í loftið og krafsaði með fingrunum eins og dýr með klóm. Eg fór að halda að hann væri ekki með öllu ráði. Víst er um það, að hann er ekki eins og aðrir menn, og eg verð að reyna að koma mér svo við hann, að hann verði í góðu skapi, og sjá vel við öllu, sem lögfræðingi ber.

Það var komið undir aftureldingu. — Greifinn raknaði nú við, og bað afsökunar á því, að hann hefði svo lengi haldið fyrir mér vöku. Síðan bauð hann mér góða nótt, og gekk eg síðan inn í svefnherbergi mitt.

Það fór sem fyrr, að mér var varnað svefnis, þegar eg var orðinn einn; mér var of mikið boðið með því, sem fyrir mig hafði komið um daginn, til þess að mér yrði svefnisamt. Eg fór því að skrifa, til þess að jafna mig; geri það til þess að festa mér alt sem best í minni, og skrifa hraðskrift, til þess að húsbóndi minn geti ekki lesið, þótt hann kynni að hnýsast eftir því. Hraðskriftin verður hörð hnot fyrir hann að brjóta, þó hann hafi úlfstennur.

Mér var alt af í fersku minni stúlkan, sem eg fann í bókaherberginu. Það getur vel verið satt, sem greifinn sagði um hana, — en mér fanst eitthvað vera veilt í því sem hann sagði. Eg gæti trúað því að það væri ekki alt með feldu. En við lögfræðingar erum tortrygnir; það er fylgja okkar.

Eg hefði þó gaman af að sjá hana einu sianí aftur, helst í albjörtu.

8. maí, aflíðandi miðnætti. Margt hefir komið fyrir mig síðan, og sumt fremur grunsamlegt. — Eg vaknaði ekki fyrr en langt var liðið á dag. Eg gekk yfir í borðstofuna. Maturinn var á borðinu, en allar hurðir læstar eins og vant var. Þar lágu líka útlend blöð og bréf frá Vilmu minni, sem höfðu komið með póstinum. Það var bezta kryddið, sem á borðinu var.

Eg var orðinn banhungraður, og sat því lengi að snæðingi, enda gat eg ekki að mér gert að lita í blöðin. Að því búnu fór eg yfir í bókasafnið; en greifann var hvergi að finna, heldur en vant var. Hann var líka úti alla daga, enda er það engin furða; hann hefir stórbús að gæta og er þar á ofan ötull veiðimaður. — Eg fór því að lesa blöðin og sat við þau til sólseturs. Eg flýtti mér þá inn í svefnherbergi mitt til að loka glugganum. Þá mundi

Því eg er svo mikill stillingarmaður, og hefi ekki svo magnaðar ímyndanir, — en ef greifinn hefir einhverja illa ættfylgju, sem hann hefir erfð eftir Húnana, svo sem t. d. morðfýsni eða annað því um líkt, þá er bezt að vara sig.

Eg fann greifann inni í bókasafninu, þar sem hann var að blaða í tímaritum og dagblöðum. Hann var svo rólegur og þrúðmannlegur sem ekkert hefði í skorist. Mér kom fyrir sjónir, að hann mundi ekki sjálfur hafa vitneskju um það sem fyrir hafði komið. Þegar eg kom inn, heilsaði hann mér vel og spurði, hvernig mér líði, eins og hann hefði ekki talað fyrr við mig þann dag. Síðan stóð hann upp og sagði:

„Það er ekki orðið framorðið“, sagði hann. „Ætli þér hefðuð gaman af að sjá myndirnar af ættfólkinu mínu hérna uppi?“ sagði hann.

Eg sagði mér mundi þykja mikið gaman að því.

„Það getur verið, að það sé verra að sjá myndirnar við ljós, en eg hefi nú svo margt fyrir stafni á hverjum degi, að eg get ekki komist til að sýna yður þær. Þér getið svo síðar skoðað þær sjálfur í dagsbirtunni. Ef þér viljið bíða mín stundarkorn, skal eg sjá um að þar verði nógu bjart.“

Hann gekk burtu og eg heyrði skóhljóð hans í ganginum og upp stiga. Það var langt í myndasalinn.

Það kom einhver hryllingur í mig alt í einu, og eg hljóp inn í herbergi mitt og stakk á mig marghleypu minni; hún hafði legið ósnert í malsekk mínum síðan eg fór á stað.

Þegar eg kom aftur inn í bókasafnið varð mér svo hverft við að eg fekk svíma. Greifinn hafði kveikt á öllum silfurstjökunum áður en hann fór, því það var farið að skyggja. Þarna sat þá „frænka greifans“ í einum stólnum fyrir framan ofninn. Hvítu handleggirnir hvíldu á armslám stólsins, sjalínu hafði hún slegið frá sér, og á bringunni, sem var ber ofan á brjóst, glóðu briljantar eins og í fyrra skiftið, þegar eg sá hana; hún beygði dálítið höfuðið, eins og blóm á stofni, með gulbjarta hárinu og grísku bárvaflingunum uppi á höfðinu.

Eg hafði gert mér von um, að eg mundi einhvern tíma finna hana aftur, og furðaði mig stórum á því, að eg skyldi láta hana hafa þau áhrif á mig, sem hún gerði. Eg hafði ásett mér, að það skyldi fara öðruvísi í næsta skifti — einkum af því greifinn hafði komið mér í skilning um hana. Samt fór á sömu leið og áður; eg faun til sömu tilkenninga, bæði einhverra ónota, og einhverrar ljúfsárrar tilkenningar. Eg herti mig upp til þess að geta varist þessum áhrifum og tókst það nokkurn veginn. En þegar hún sneri sér alt í einu að mér og horfði í augu mér með þessu óviðjafnanlega augnaráði,

þá fanst mér eins og rafkraftsstraumur læsti sig um mig.

Eg þreif í stólinn, sem næstur mér var, og lagði hendurnar í kross á stólbakið, en hún horfði stöðugt í augu mér. Mér kom ekki einu sinni til hugar, að eg hefði átt að heilsa henni og að eg hagaði mér bjánalega. En svo var að sjá, sem henni virtist heldur engin þörf á því að við værum að heilsast. Mér fanst líka að við hefðum kynst lengi og þyrftum því ekki að afsaka okkur hvort fyrir öðru.

„Af hverju komið þér ekki upp?“ sagði hún með sömu undrarödd og áður. Eg hefi aldrei heyrt aðra eins rödd. — „Eg hugsaði að þér munduð koma upp og heilsa okkur. Eg hefi margt að ræða við yður“.

Eg reyndi að afsaka mig með því, að eg hefði ekki vitað neitt um þetta flest, sem hún mintist á.

„Rétt er það“, sagði hún, og hafði aldrei augun af mér; „þér komið, þér komið. Það er búist við yður“.

Hún brosti smásaman og horfði enn stöðugt á mig.

Blái ljóminn í augunum hennar var svo magnaður, að mér fanst eins og geisli af honum þrýsti sér inn í heila, og eg fann sárt til.

Nú heyrði eg skóhljóð greifans í ganginum.

„Hann kemur“, sagði hún hljóðlega. „Þá verð eg að fara. En munið nú eftir“. Hún stóð upp og stóð augnablik frammi fyrir mér í ljósbirtunni — fegri öllu sem eg hefi augum litið. Síðan læddist hún svo hljóðlega, að eg varð þess naumast var, fram hjá mér, lagði hvítu hendina sína, sem blikaði af hringum, á hendina mína, og horfði enn í augu mér og hvíslaði að mér: „Segið honum ekkert, en komið þér! Og varið yður, varið yður, varið yður“.

Að svo mæltu var hún horfin. En ekki sá eg heldur en fyrr hvað af henni varð, en mér virtist sem eg heyra ofurlitinn fjaðrasmell í einu horninu í stofunni þar sem eg hafði þó ekki áður tekið eftir neinum dyrum.

Eg tók ákaflega nærri mér, að komast í samt lag aftur áður en greifinn kom inn, en tókst það samt nokkurn veginn, og lézt vera niðursokkinn í uppdrátt Englands, sem lá á borðinu fyrir framan mig.

„Komdu nú, vinur“, sagði hann, „alt er tilbúið uppi. Þér afsakið, að alt er svo viðhafnarlaust hjá mér — við höfum ekki rafljós hérna í Karpatafjöllum“.

En þið hafið heldur ekki að segja af Lundúna-þokunni hérna í breina fjallaloftinu“, sagði eg.

„Já, þessar þokur“ — sagði hann í ákafa. „Eg hefi líka lesið um þær í bókum mínum. Mér finst þær einmitt auka löngun mína“ til Lundúna. Þessi þoka, sem gerir daginn að nóttu og leggst eins og þykk ábreiða yfir stræti og torg — yfir alt — dimmri en myrkrið — mig langar til að sjá hana“.

„Eg er hræddur um að þér yrðuð brátt fullsaddur af henni. Þokan er aðalókosturinn við Lundúnir. Hún leggst yfir staðinn eins og vampýra, sem sýgur blóð og merg úr borgarbum, eittrar blóð og langu barnanna og hefir í för með sér ótal sjúkdóma — auk allra þeirra vöðaglæpa, sem drýgðir eru í skjóli hennar og annars væri að miklu leyti ekki hægt að fremja“.

„Já“ — sagði hann og stóð á öndinni, og eldur brann nærri því úr augum hans, — „já, þessir glæpir, þessu hræðilegu morð, þessar myrtu konur, sem menn finna í sekkjum í Tamsá, þetta blóð sem rennur, rennur og streymir, en morðinginn finst ekki“ — eg held eg hafi hann ekki fyrir rangri sök þó eg segi, að mér kæmi svo fyrir sjónir sem hann sleikti um varirnar af ilöngun, þegar eg mintist á morðin. — „Já, það er hryggilegt“, sagði hann. „Og þessi morð komast aldrei upp — aldrei. — Doyle rithöfundur ykkar hefir skrifað margar góðar bækur um Lundúnir, og eg les blóðin ykkar

og sé af þeim, að varla kemst upp um 2—3 morð af hundraði. Já, Lundúniir eru merkileg borg“.

„Og eg held nú að það kæmi sér bezt, að þér væruð í gæzlu lögreglunnar þegar þangað kemur, karl minn“, hugsaði eg.

Við gengum nú eftir ganginum og greifinn gekk á undan með ljósið. Síðan fórum við upp steintröppur og komum að hurð, sem var úr eik, járnvarin. Hann lauk henni upp og vorum við þá komnir í myndasalinn. Greifinn lét hurðina aftur, en í því bili sýndist mér, eða eg sá eitthvað hlaupa í hinum enda salsins; það var eitthvert stórt loðið dýr. Mér varð mjög bylt við, svo að húsbóndinn tók eftir því.

„Hvað gengur að yður?“ sagði hann. „Yður hefir orðið snögglega ilt? Eg sagði yður líka, að loftið í þessum gömlu herbergjum væri hættulegt“.

„Nei það gengur ekkert að mér, en hvað er þarna yfir í endanum?“

„Það er ekkert, eða áttu við stóru myndina —?“

Eg sá nú heldur ekkert, en sagði honum hálf-feimnislega það sem mér hefði sýnst. Hann hló að mér og sagði:

„Eg skal ekki fullyrða, að þetta sé tóm ímyndun yðar, kæri Harker; nei, það segi eg ekki, þar sem þér haldið því svo fast fram —

en hafði þér séð nokkuð, þá hefir það verið — valska. Það er nóg af þeim í þessum gömlu húsum“.

„Nei, eg þori að fullyrða, að það sem eg sá var á stærð við —“

„Köttur þá“ — sagði hann. „Margir hlutar af höllinni eru varla annað en rústir, og þar hafa kettirnir aukið kyn sitt. Þeirra er líka þörf til að eyða völskum og músum. Alstaðar eru sömu náttúrulögin, að hið sterkara og vitrara lifir á hinu veikara og vitminna“.

Myndasafnið var óvenjulega stórt. Fyrir endanum var stór mynd — sem mér í fyrstu virtist vera af hinni ókunnu dömu, sem eg hafði tvisar sinnum séð niðri í salnum og var svo nákvæmlega lík henni, að ekki varð sundurgreint, sömu augu og tillit, sami svipur að öllu leyti, sama hárið og sami búningurinn. Myndin var í fullri stærð og var gerð af einhverjum meistara um byrjun þessarar aldar.

Hún sat eða hálfá á stól eða einskonar legubekk, en blómrunnur og tré að baki hennar. Þessi útbúnaður málarans gerði áhrif, en var þó fremur tilgerðarlegur. Málarinn hafði líka leyft sér að gera ýmislegt við búninginn, sem kvenfólkið á þeim tímum mun hafa álitð full-sæmlegt, þótt það líklega hefði fengið aðsvif af því að sjá hjólreiðaföt kvenna nú á tímum.

Við fyrsta álit brá mér mjög er eg sá mynd-

ina, því mér sýndist hún vera lifandi eftirmynd dömunnar, sem eg hefi séð hér áður í húsinu. Eg áttaði mig þó brátt og þóttist vita, af því sem greifinn hafði sagt mér, að það væri ekki hennar mynd, heldur einhverrar ættmóður hennar, sem gerði hana svo gagnlika henni af því myndin var í fullri stærð. Þegar eg fór að gæta betur að, sá eg að á myndinni var á brjóstinu sama demants djásnið með rúbín í miðju, og að hún hafði belti um miðjuna með spennu með gimsteindum dreka.

Eg horfði frá mér numinn á myndina, en greifinn horfði á mig með sólgnum forvitnisaugum. „Ha, ha, kunningi“, sagði hann; „þér þurfið ekki að vera vandræðalegur; þér eruð ekki sá fyrsti, sem hún þarna hefir ruglað í höfðinu — og líklega ekki sá seinasti. En horfðu nú á hana — taktu eftir henni“, sagði hann og lyfti kertistjakanum, sem var svo léttur í hendinni á honum sem vaxljós væri, þó hann væri afar þungur. „Þessi brjóst — skáldin mundu hafa líkt þeim við alabastur — mál ykkar hefir engin orð yfir það — blóðlausu vesalingar — hvorki snjór eða alabastur — og þessi húð, föst og mjúk, eins og dúnn undir hendinni, og þessi óviðjafnanlegi vöxtur“.

Eg leit til hans; eg sá að gríman hafði nú dottið af honum, og nú sá eg að hann var gamall munaðarseggur.

„Og þessar varir“, sagði hann og lét dálítið bresta í vörunum, og ætlaði bókstaflega að gleypa myndina í sig.

Síðan sýndi hann mér fleiri myndir, svo sem mynd af berum kvenmanni, sem þrælasali var að selja, sem hafði verið á seinustu sýningu. Allar þessar myndir sýndi hann mér með formálum, sem voru mjög ósæmilegir.

„Þér segið ekkert“, sagði hann.

„Nei, þér eruð svo vel máli farinn, herra greifi, að eg hefi engu við að bæta“.

„Og það er kalt blóðið í ykkur Englendingum; þið þekkið ekki mátt kærleikans og fegurðarinnar. Og þó hefi eg lesið, að enskar konur séu með þeim fríðustu í heimi“.

„Það er talsvert af laglegum stúlkum þar“, sagði eg.

„Eins og hún þarna uppi?“

Eg sagði sem var, að eg hefði ekki séð hennar líka, — en eg væri líka yfirleitt ókunnur kvenfólki, þekti að eins myndir af hefðarkonum, sem væru í tímaritum og blöðum, og sumar þeirra þættu bera af öðrum að fríðleik.

„Og eg hefi séð þær myndir“, sagði hann. „Þær eru fríðar. Eg hefi látið senda mér nokkrar af þeim mér til skemtunar. En mynd er mynd, og alt annað en hold og blóð“.

„Af hverjum er þá þessi mynd?“ spurði eg.

„Af bróðurdóttur föður míns“, sagði hann.

„Ættarblóðið var hreint í æðum hennar, því móðir hennar var líka af okkar ætt. Það hefir verið venja í okkar ætt, að giftast ekki út úr ættinni. Hafi brugðið út af því, hefir oftast farið illa — konurnar hafa orðið skammlífar og börnin hafa sjaldnast náð fullorðinsaldri“.

Það fór hryllingur um mig. Það var eins og hann væri eitthvað hróðugur í málrómnum.

„En dætur vorar“, sagði hann, „hafa gift út úr ættinni, þegar þær hafa ekki getað fengið ráðahag meðal frænda sinna, og af því þær hafa æfinlega verið kvenna fríðastar, hafa fjar-skyldar ættir tengst við okkur — helztu ættir í Eyvrópu, þótt naumast hafi þær ættgöfgi á við okkur. Hún þarna uppi“, sagði hann og hneigði dálítið höfuðið til myndarinnar, „hún var frá barnæsku ein af þeim, sem hafa hjörtu mannanna á valdi sínu, og lék sér að þeim eins og barnið leikur sér að vínberjum áður en það sýgur úr þeim vökvann —“.

Hann smeygði handleggnum undir handlegginn á mér og fór að leiða mig fram og aftur í salnum og sagði svo:

„Hún giftist ung austurrískum manni, fursta — nafnið kemur ekki málinu við — þér getið lesið það í mörgum bókum, ef þér viljið, því hún gerði það frægt —“.

„Hún skildi, að hver sú gjöf náttúrunnar, sem

manninum er veitt í fylsta mæli, er sama sem vald. Listfengi, hreysti, hyggindi og fegurð — það er alt *vald!* Það gengur í arf mann frá manni, vinur góður; náttúran er sívinnandi, vinnur stöðugt að því að geta framleitt eitt-hvað fullkomnara og fullkomnara, eyðir miklu efni — fleygir burtu og velur; það sem er minna máttar verður að leggja fram sinn hlut, og fara síðan — á sorphauginn“. Hann veif-aði hendinni eins og hann fleygði einhverju frá sér og svipurinn varð grimdarlegur; þar var ekki að sjá minsta snefil af mannlegri tilfinning. — „En svo“, sagði hann, „hepnast hið langa starf — ef til vill einu sinni eða tvisvar í einni kynslóð — og ættin blómgast — úrvalið kemur fram“. — — Hann átti bágt með að koma fyrir síg síðustu orðunum, því þó hann hefði á takteini undraverðan orðafjölda úr ensku varð honum orðfall þegar hann talaði í ákafa. — „Hún þarna uppi“, sagði hann, „hún hafði máttinn, og því hafði hún rétt til að drotna. Hún hafði alt til að bera: Friðleikann, eins og þér sjáið, vitsmunina og snildina — ættgöfgina og viljann og máttinn. Og hún hafði forlög ríkjanna í hendi sér, þótt fæsta grunaði það. — Þjóðhöfðingjar, kóngar og keisarar lágu við fætur hennar eða í fæðmi hennar, því hún vissi það fullvel, að sú kona, sem hefir það til að bera, sem ekki verður keypt fyrir alt ver-

aldarinnar gull, hún getur haft alla að þrælum sínum — bljúgustu þrælum, sem hún getur vafið um fingur sér af því að þeir ímynda sér að þeir eigi hana! Ó, fallegu hendurnar hennar hafa haldið í þræðina, í taumana. Allir hafa verið dansandi brúður í hendi hennar. Hún kundi að drotna, og hún vissi, að það er æðsta mark lífsins“.

— — „Hún varð snemma ekkja“, sagði hann. „Maðurinn hennar veslaðist upp — hann var vesalings garmur frá barnæsku, þó hann væri af aðals ætt“, sagði hann og hló með fyrirlitningartón. „Það var sagt henni þætti vænt um hann — hann var laglegur piltur — myndin af honum er þarna, en ást *vorra* kvenna er sem eyðandi eldur og hann — hann bráðnaði upp af henni eins og vaxkerti, sem fleygt er í logandi bál. Við, sem erum af Draculitz ættinni, af aðalkynstofni Szekelanna — við teljum ætt vora langfedgatali frá Húnum binum fornu, sem æddu eitt sinn sem eldur í sinu yfir Evrópu og eyddu löndin mannfólkinu. Sagan segir, að Húnar væri afkomendur skýþiskra töfrakvenna, sem voru gerðar landrækar og bjuggu síðan úti í skógum og voru í þingum við púkana. Þessi munnmæli eru sem hver önnur þess kyns, en enginn púki eða töframaður hefir verið meiri eða voldugri en Atli, forfaðir okkar, og er því ekki kyu, þótt við nið-

jar hans hötum og elskum af meira krafti en aðrir dauðlegir menn. — En eg er nú kominn lagt frá efninu. — —“.

„Hún varð ekkja, en þér getið því nærri, að slíkir smámunir gerðu annari eins konu hvorki til né frá. Enginn sagnaritari hefir nokkurn tíma rent grun í, hve mikið vald hún hafði og því verður sumt aldrei fullskýrt. — — Eg gæti nafngreint menn, en þess gerist engin þörf. Þeir sem þekkja til — þeir eru ekki margir — geta sannað, að varla er getið nokkurs pólitísku viðburðar frá þeim tíma, sem hún átti ekki einhvern þátt í — það má rekja einhver tildrög flestra þeirra til dyngju hennar — þar var hún drottning, og þaðan stjórnaði hún í kyrþey. Takið þér nú eftir! Þvílíkt líf! Engin önnur lög en ástanna og sjálfsviljans — — Þessi mynd var máluð í París tveimur árum áður en Napoleon var krýndur — — en það var nokkrum árum síðar sem hún hittir í Vín mann, sem var af sama bergi brotinn og hún, af Draculitz-ættinni. Hann var að áratali yngri en hún, en aðrar eins konur og hún eldast aldrei. Hún var fríðari en nokkru sinni fyrr, og hann var ólíkur öllum þeim, sem hún hafði áður felt hug til, maður af sama edli og hún. Það var eins og þegar tveir eldar mætast. Æ, þið kaldskynsömu vesturlanda börn, þið þekkið ekki þær ástir, svo rammar sem.

beiskasta hatur, kossa sem brenna eins og glóandi járn, og faðmlög — — Ekki meira um það. Hún giftist honum og fór með honum heim hingað í hið gamla höfuðból ættarinnar — það var þá ekki eins hrörlegt og nú — og hér voru þau saman í einu báli — — bæði voru þau sköpuð til að drotna. Ef þessir gömlu veggir gætu talað, mundu þeir geta sagt frá mörgu, sem ykkar svölu ensku dygð dreymir ekki um, — sem eg líka kann að meta, því hún er líka vald, — en við Atla börn erum sannlega annars eðlis en þið. — Æ, yður leiðist eftir að heyra sögulokin. Í yðar ensku bókum hefi eg lesið um eilífa ást, — eg læri ef til vill að skilja það orð, þegar eg kem til Lundúna; nú veit eg ekki, hvað það merkir, eða skil ekki þá merkingu, sem þið hafið í því. Ástin á sér aldur sem blómið á enginu; þegar hún hefir náð fullum þroska, kulnar hún fljótt út. En svo kemur aftur vor, en ekki sama blóm, eða af sömu rót. Þetta eru náttúrulög. Þegar logi geðshræringanna stendur sem hæst, er honum hættast við að slokna út. Hér fór eins og vant er; einn góðan veðurdag var eldurinn útbrunninn, — að minsta kosti hjá henni. Hún var ein af þeim“, — hann lægði róminn, svo hann varð að dularfullri hvíslun, — „eg skal segja yður, vinur, að hún var ein af þeim, sem hafði of margbreytt líf í sér til þess að geta

átt einn mann. Slíkar verur eru til — ekki meira um það. Hún fékk sér elskhuga — laglegan pilt hérna úr fjöllunum — óbreyttan bónda, sem þér munuð kalla, en vér Szekelar erum allir aðalsmenn. Það var engin minkun fyrir hana, og það átti maðurinn hennar að skilja, og lofa henni í friði að lifa sínu lífi eins og hún hlaut að lifa. En hann gerði það samt ekki. Það var mikil yfirsjón af honum. Hún var þó konan hans, stjórnaði heimili hans eins og hefðarkonu bar. Í einu orði: hún gerði honum sóma og hún gerði skyldu sína við hann, — hitt kom honum ekki við“.

„Kom honum ekki við?“ varð mér ósjálfrátt að orði.

„Alls ekkert, kæri vinur; kærleikurinn er frjáls. Hann er óviðkomandi öllum öðrum skyldum og atvikum. Í ætt okkar hefir það það ætíð verið gildandi lögmál. Það var, eins og eg sagði, mikil og glæpsleg yfirsjón af honum að vilja ekki viðurkenna þetta. Ef til vill hafa gedshræringarnar ekki verið brunnar út hjá honum sem henni. Það lifði enn í glæðunum hjá honum. Getur verið, — og það skýrir breytni hans, þó það afsaki hana ekki. Hann fór sannlega ekki að ráði sínu sem aðalsmanni sómdi, heldur eins og óbreyttur maður. Hann lét svo lítið að njósna um háttu hennar og elskhuga hennar. — Eitt kveld kom hann að

þeim óvörum, og án þess að sjá, hve ósegjanlega hlægilegt það var, að vilja taka að sér að leika taldreginn eiginmann — sem var svolangt fyrir neðan virðingu hans — þá leyfði hann sér að hefna sín. Og hvernig haldið þér hann hafi gert það, kæri vin? — Það var óneitanlega nógu fyndið. — Hann lét blátt áfram negla fyrir hurðina á herbergjum greifynjunnar og lét þau vera þar alein; — ekki til að svelta í hel; þau skorti hvorki mat né drykk; það er sagt, að hann sæi um það sjálfur. Allir þjónarnir voru látnir fara burtu nema einn, sem var honum trúastur og handgengnastur. — Það varð hljótt í höllinni sem í dauðs mannsgröf. Getið þér sett yður elskendurna þarna inni lifandi fyrir hugskotssjónir? Eg ímynda mér, að þau hafi í fyrstunni lifað eins og þau væru í Paradís — því hún var alt of stolt til að vita, hvað hræðsla er — og honum, aumingja drengnum, hefir líklega fundist hann vera auðugri en kóngur, þegar hann átti hana. En greifinn vissi fullvel, hvernig hann mundi geta komið hefndinni fram. Hann þekti hana og hinn eyðanda loga geðshræringa hennar, og hann vissi, að elskhugi hennar væri eitt af þeim vaxkertum, sem bráðnaði við slíkan hita, — eins og fyrsti maðurinn hennar hafði gert. — Sumir deyja, sumir verða brjálaðir — veslingsduglausu garmarnir — greifinn beið eftir sínum

tíma. Það liðu nokkrir mánuðir. Þá var það eitt kveld, þegar tunglið var í fyllingu, að glugga var lokið upp í læsta herberginu — einmitt í litla turnherberginu þarna í suðaustur — og það var sagt, að þaðan heyrðist vöðahljóð eins og brjálsemis-hræðsluþ: „Hjálp! hjálp! Hún drepur mig!“ — Og í næsta augnabliki var eins og stigið væri í gluggann, og svo steypist maðurinn á höfuðið út fyrir. Hafið þér ekki séð hyldýpið þar úti fyrir? Þér sjáið það fyrir utan gluggann yðar. En hérna ofan úr turninum er hæðin mörg hundruð fet. — Það var ekki mikið eftir af honum fyrir mjúka konuarma til að faðma, þegar hann fanst þarna niðri á milli klettanna“.

Eg get ekki lýst með orðum þeim áhrifum, sem frásögn hans hafði á mig, sem virtist vera alveg laus við alla mannlega tilfinflu. Það dró niður í honum; það var eins og hann væri að taka eftir því, hvornig mér yrði við það sem hann sagði.

„Enginn veit hvað hún hafðist að; en glugginn var látinn aftur, og síðan var alt kyrt. Greifinn beið nokkra daga, en svo fór hann inn til hennar á sama tíma sem elskhugi hennar hafði hlaupið fyrir ætternisstapann. Enginn veit, hvað þeim hefir farið á milli, en hann heimsótti hana, að sagt er, á hverju kvöldi um sama leyti. Það hafa að líkindum verið gleði-

tímar fyrir hann, ef til vill síður fyrir hana, en hver má vita! Enginn hefir séð eða heyrt það. Mánuði síðar lét hann sækja stúlkur í þorpið til að veita henni nábjargirnar. Hún lá dáið í rúmi sínu — meira vissu menn ekki. Hún var færð í þann búning, sem líkastur var þeim, er hér er sýndur á myndinni, og kistu-lögð í honum eftir skipun húsbóndans. Hún hvílir hér í kapellunni sem fleiri ættmenn hennar. En sem þér sjáið, vinur, er hún enn jafnfögur og áður“.

„Voðalegt er að heyra þetta“, sagði eg, og titraði allur af taugaóstyrk, sem eg gat með naumindum haft af mér. Hefði eg verið kvenmaður, hefði eg haldið, að eg væri taugaveikur, að minsta kosti hefi eg aldrei fyrri fundið til slíks. Þó eg hefði séð í einum svip ofan í iður jarðarinnar og djöfla og brennisteinsbál miðaldanna þar niðri, þá hefði mér ekki orðið ver við.

„Já“, sagði hann, „það var mikil yfirsjón af honum. Fólkið hér í grendinni, tsekar, zigaunar, valakar, allt það hyski, sem hefir troðið sér inn í það land, sem vér Szekelar erum fæddir til að ráða yfir, hefir allt af haft horn í síðu okkar, og staðið stuggur af okkur, einkum þeim sem eru af Draculitz-ættinni, og þeir fengu þá nýtt efni í þvaður-sögur sínar. Þó við virðum orminn einkis, sem skriður á jörðunni, bitur

hann eigi að síður. — Eg hefi reynt það. — Því bý eg nú sem einstæðingur, og uglur og krákur búa í turnum feðraborgar minnar. — Mennt hafa líka ef til vill reynt að spilla yður við mig, kæri vinur. — Segið þér mér nú satt — hvað hafa menn sagt yður um Draculitz, áður en þér komuð hingað til mín?“

„Ekkert að kalla“, sagði eg hreinskilnislega — „en“ —

„En dylgjað því meira“, sagði hann. „Ó, þessir þrælar, þessir landflæmingar, þeir óttast Draculitz sem von er! Hefnd og óbænir hans skulu bíta þá löngu eftir það að hann hefir fengið sér nýtt föðurland! En komdu nú, vinur“, sagði hann, og hægði á sér og breytti rómnunum — „við skulum aftur einu sinni líta á myndina við dagsljós“.

Hann tók kertistjakann, lýsti á myndina að síðustu, og sýndi mér síðan að lokum fleiri myndir og sagði mér eitthvað um hverja þeirra.

Hér var mjög furðulegt safn af ættarmyndum öld fram af öld. Margar af myndunum voru viðvaningslega gerðar, sumar illa gerðar, en sumar meistaraverk. En það furðaði mig mest, að þar var að sjá óslitið framhald og fullkonnun tveggja eða þriggja mannlíka, sem komu stöðugt fram kynslóð eftir kynslóð. Svo var að sjá, sem ættin hefði náð mestum blóma

í greifanum og hinni undurfríðu hefðarfrú, sem myndin fagra var af og hann sagði mér frá. Sama svipmót og greifinn hafði var að sjá á myndum frá ólíkum tímum, og þrjár eða fjórar af myndum frá fyrri tímum voru svo líkar greifanum, að eg varð frá mér numinn af undrun.

„Það er rétt sem þér segið“, sagði greifinn, „eg er sannur Draculitz“.

Þetta mannliki, sem hvarvetna kom fram í myndunum, var þannig gert, að höfuðið var stórt og hárið svart, stuttur háls, brjostið óvenjulega breitt, ennið lágt, húðin gulbrún og með hrukku, jafnvel á ungum mönnum, og allur svipurinn mjög ólíkur síðudum mönnum, og eg hefi ekki einu sinni séð myndir af villimönnum, sem mér hafa fallið ver í geð.

Eg sló greifanum gullhamra með það, að ættinni væri alt af að fara fram í fríðleika, og líkaði honum það auðsjáanlega vel, en fór þó jafnframt út í aðra sálma.

„Já, vinur minn“, sagði hann, „það er ein sönnunin enn fyrir því, sem eg er alt af að segja, að hinn sterkasti á að sigra, hann á að vinna heiminn — — þeir sem eru minni máttar eru að eins skapaðir í þarfir hinna, sem meira megna, og sá sem kann að neyta krafta sinna nær völdunum; hann hefir alt í sínu valdi, fegurðina, hyggindin og þekkinguna, á sama hátt sem hinn litli teinungur, sem vex í kirkju-

garðinum, verður smámsaman að háu tré, sem hefir í sér safu úr afli, fegurð og öðru atgervi þúsund kynslóða“.

Mér getur ekki betur skilist, en að það sé Darwins lögmálið, sem flögrar óljóslega fyrir hugsjónum hans, en hann hefir breytt því eftir sínu höfði.

Meðan við vorum að tala um þetta, slökti hann ljósin í myndasalnum með langri slökkvipípu, og gengum við svo þaðan í dauðu tunglskini. Eg var atveg búinn að jafna mig og var í rólegu skapi, þegar við fórum úr stiganum ofan í ganginn, en þá heyrði eg glögt að gengið var skamt frá okkur. Eg sneri mér við og virtist mér þá skóhljóðið færast fjær, en sá ekki betur en þar brygði fyrir lágum, samanreknum karli, sem hvarf snögglega inn um einar dyrnar við ganginn.

Greifinn fór á undan með ljósið. „Hvað er að yður, vinur? Þér haldið ekki áfram“, sagði hann.

„Það var ekki annað en mér heyrðist vera gengið á eftir okkur“, sagði eg, „og mér sýndist einhver fara inn um dyrnar þarna við ganginn“.

Mér kom nú í hug, að eg hefði aldrei heyrt neinn umgang í þessum gangi, sem svefnherbergi mitt sneri þó að.

„Maður á gangi hérna“, sagði hann. „Þér eruð að gera að gamni yðar. Hér kemur

enginn; það hefir ekki verið annað en bergmál af skóhljóðinu okkar og yðar eiginn skuggi“.

„En eg get ekki betur séð — —“

„Eg get fullyrt, vinur, að enginn lifandi skepna stígur fæti sínum hér inn á þessum tíma, nema ef það væri Natra gamla, en hún fer æfinlega aðra leið. — Þér sögðuð sjálfur, að þér tryðuð ekki að svipir væru til. —“

„Jú, en hér gæti maður leiðst til að trúá því“, sagði eg.

„Og þetta er ekki annað en missýningar“, sagði greifinn.

Við komum nú að borðstofudyrnum. Alt var tilbúið, eins og venja var til; ljósin kveikt og maturinn á borðinu. Greifinn bauð mér að borða, en kvaðst sjálfur ekki hafa lyst á kveldmat, enda borðar hann víst ekki venjulega á kveldin. Eg hefi nú annars ekki séð hann smakka mat síðan eg kom, en sem húsbóndi hlýtur hann að geta fengið mat sinn og drykk hvenær sem hann vill, og það er eftir öðrum háttum hans, að hann kunni bezt við að borða einsamall.

„Eg set mig hérna hjá yður með leyfi yðar“, sagði hann, og tók sér stól við ofninn; „eg þarf að temja mér enskuna“.

Já, því er hann líka svo málreifur við mig. Honum hefir farið mikið fram í ensku þessa daga; hann hefir óvenjulega næma málgáfu, því eg hefi tekið eftir því, að hann lagfærir

framburðinn undir eins og hann heyrir, að eg ber eitthvert orð fram öðru vísi en hann.

Þegar eg hafði lokið snæðingi, settist eg á stól gegnt honum og sagði hann þá:

„Það sem þér sögðuð áðan úti í ganginum, minnir mig á annað. Fólkið hérna í sveitinni í kring, sem er huglaust og hjátrúarfult, það heldur að þessi höll, sem eg bý í, sé full af vofum og illum öndum, af því að hún er svo sögurík,— af því hér er svo margs að minnast frá fyrri tímum, sem almenningur fær ekki að vita. Eg get varla fengið vinnumann, þó eg bjóði hátt kaup, svo hræddir eru þessir vesalíngar. Eg veit, að í hinum stóru Lundúnum trúa menn ekki á slík hindurvitni. — Það er samt hollast fyrir yður, að vera jafnan inni úr því fer að skyggja. Kveldloftið er óholt fyrir yður, og það getur komið fyrir, að yður sýnist eða heyrast eitthvað, sem þér skiljið ekki í. Eg óska að eins, að þér gætuð þrifist hjá mér og orðið hjá mér nokkrar vikur --eins og eg hefi sagt yður. Mér mundi falla það illa, ef þér færuð frá mér fyrri en mér þætti tími til kominn. Eg vona að þér verðið enn hjá mér einn mánuð, frá þessum degi að telja“.

Það var langt frá mér að vilja dvelja þar svo lengi, en eg hafði ekki kjark til að segja nei. Eg fór eitthvað að tala um Hawkins húsbónda minn. —

„Eg læt hann vita um það. Hefi reyndar þegar beðið hann að lofa yður að vera hjá mér þennan tíma“, sagði hann alvarlega. „Jæja, þér verðið þá kyrr. Í bókasafni mínu er margt að finna — þar eru líka listaverk — eg vona að þér unið yður. En — engar vofur“, sagði hann og hló dátt. „Eins og eg hefi sagt yður, segir hjátrúarfult fólk, að hér í höllinni sé á reiki hvítklædd kona — engin önnur en sú sem er hérna uppi“ — hann benti upp á loftið, „og hún á að sjást þegar einhver hættu vofir yfir. En eg bið yður að gæta þess, ef þér einhvern tíma sjáið einhverju hvítu bregða fyrir, að það er engin vofa, heldur vesalings unga stúlkan, sem eg hefi sagt yður frá. Hún er sannlega nógu fríð til þess að geta verið hættuleg, en ekki fyrir yður. Hún er, eins og eg sagði yður, brjál-uð, og heldur að hún sé sú hefðarkona sem hún er svo náttúrulega lík. Því leitar hún um alla höllina til að finna mannsefnið sitt. Það er sorglegt, en það er líka broslegt í aðra rönd-ina“.

Hann talaði í þeim tón, að eg gat naumast hlýtt á hann, en til þess að segja eitthvað spurði eg hann að, hvort þessi geðveika frændkona hans ætti að fara með honum til Lundúna.

„Nei, nei, látið yður ekki detta það í hug, hún sem er svo töfrandi fríð gæti hæglega lent í klónum á einhverjum flagara, eins og þeir

eru sem eg hefi lesið um í bókum yðar. Það væri hættulegt að fara með hana til Lundúna. Það er hentast fyrir hana að lifa þessu afskekta lífi heima. Finst yður ekki það?“

Eg sagði eitthvað í þá átt, að honum hlyti að vera kunnugt um, hvað bezt hagaði í þessu efni.

„Auðvitað“, sagði hann; „en nú er klukkan nærri tólf. Eg má ekki lengur halda vöku fyrir yður; eg þarf líka að skrifa fáein bréf. Góða nótt, vinur, sofið þér nú vel og lengi“.

Í kveld spurði greifinn mig:

„Hafið þér ekki skrifað húsbónda yðar, heiðursmanninum Pétri Hawkins, eða einhverjum öðrum, síðan þér komuð hingað?“

Eg sagði eins og var, að eg hefði ekki gert það, af því eg hefði ekki vitað, hvernig eg ætti að senda þau.

Hann ypti öxlum, og strauk yfirskeggið.

„Já, — okkur hér í fjöllumunum vantar margt, sem þið hafið í ykkar glæsilegu Lundúnum. Það er langt héðan til Borgó, og eg hefi því miður ekki marga þjóna, til að reka erindi mín. En ef þér skrifið í kveld, þá stendur svo á, að eg þarf líka að skrifa mörg bréf og skal sjá um þau öll. Skrifid þér nú, vinur“, sagði hann og studdi hendinni fast á öxlina á mér, „skrifid heiðursmanninum Pétri Hawkins og annars hverjum sem þér viljið, og segið þeim að yður

líði vel, eins og eg vona að sé, og að þér ætlið að dvelja hér þennan tíma, sem okkur hefir komið saman“.

Eg gerði síðustu tilraun til að losna úr þessu varðhaldi.

„Þér gerið yður alt of mikið ómak mín vegna“, sagði eg. „En viljið þér endilega að eg dvelji svo lengi? Eg er svo hræddur um, að yður dauðleiðist að hafa mig“, sagði eg í uppgerðargamni.

„Eg hefi sagt yður það, og við það stendur“, sagði hann með þeim málrómi, að eg fann að það var ekki til neins, að koma með neinar mótbárur. „Þegar húsbóndi yðar gerði samninginn við mig um ferð yðar hingað, var auðvitað ætlast til þess, að minna hagsmuna yrði gætt og að eg fengi sem mestu að ráða. Þér getið nærri, að eg bið ekki um neinn greiða, sem eg er ekki fús að endurgjalda“.

Eg hneigði mig þegjandi. Hann hafði aldrei talað í þessum róm, og eg get ekki borið á móti því, að mér hitnaði um hjartaræturnar. En hann breytti undir eins um málróminn og sagði:

„Eg bjóst ekki við, að aðstoðarmaður vinar míns, Péturs Hawkins, félli mér jafnvel í geð og raun varð á. Þér verðið því að afsaka einþykni mína og gera mér þá ánægju að vera kyrr“.

Eg hneigði mig aftur. Til hvers var að mæla á móti? Eg var og er sannfærður um, að þó hann sé mikill gáfumaður, hlýtur hann að vera eitthvað geggjaður, og að hann er voðamaður, ef honum er eitthvað gert á móti, og verður að varast það eins og nú stendur á. Eg gerði það líka í þarfir húsbónda míns að dvelja hér.

Eg skrifaði Vilmu, konuefninu mínu, og sagði henni bæði undan og ofan af, að mér líði vel, að greifahöllin væri skemtileg og að greifinn hefði beðið mig að dvelja hjá sér nokkrar vikur.

Eg skrifaði sömuleiðis húsbónda mínum um það, að greifinn virtist vera ánægður með kaupin, og að hann vildi að eg dveldi hjá honum um tíma.

Þegar eg hafði lokið við bréfin, settist greifinn í stól minn við borðið og fór sjálfur að skrifa, en eg fór að lesa í bók. Eg gat ekki að mér gert, að svipast eftir því til hverra bréf greifans áttu að fara, og áttu þau að fara til Samuels Billingtons í Whitby, Seutners útgerðarmanns í Varna, bankara Corets í London og bankara Klopstocks í Vín. Síðan tók greifinn öll bréfin og fór af stað og kvaddi mig og sagði að skilnaði:

„Eg þarf ýmsu að sinna í kveld, og vona því að þér afsakið, þó eg kveðji yður fyrr en vant

er. Eg vona að þér hafið nóg að skemta yður við herna“, sagði hann, og benti á bókaskápinn, „þangað til þér farið að háttu. Maturinn yðar er á borðinu, en mér liggur á að flýta mér“.

Eg tók eftir því að hann var óvenjulega æstur, að augun voru flóttaleg og varirnar bærðust eins og af taugateygjum, og furðaði mig á því, af því hann virtist áður vera í rólegu skapi.

10. maí. Þegar eg blaðaði í minnisbók minni í gær, sá eg að eg hafði verið langorður, og hefi eg því ásett mér að vera stutturðari framvegis.

Eg fór snemma að háttu í gærkveldi; klukkan var ekki mikið meira en 12, þegar eg slókti ljósið. Mér fanst hafa sigið að mér, en vaknaði þegar lítið var farið að birta við eitthvert hljóð, sem mér heyrðist úti fyrir. Mér heyrðist það líkt hljóði deyjanda manns, hátt óp í fyrstu, sem síðan smádó út. Þegar eg vaknaði til fulls, settist eg upp í rúminu og köldum svita sló út um mig allan, og mér fanst eg alt af heyra óminn af hljóðinu. Í einum svip fleygði eg mér í fötin og stökk fram að glugganum. Eg hafði gleymt að setja hlerana fyrir um kveldið. Eg lauk upp glugganum og svala loftið streymdi inn. Það sást ljósrák í austrinu

á undan sólaruppkomunni, en þoka lá yfir jörðinni, svo að ekkert sást. Eg gægðist svo langt út um gluggann sem eg gat, og hlustaði. Loftið var kalt og saggafult, og eg sá að eins móta fyrir hallarveggjum þegar lengra dró frá, af því þokan var svo dimm. Þegar eg hafði staðið alt að hálfri stund við gluggann, virtist mér eg heyra eitthvert þrusk úti í myrkrinu; það var eins og eitthvað skriði utan á hallarveggnum, á stétt, sem annaðhvort hafði verið sett til prýðis, eða var í milli efra og neðra gólfs. Þegar þetta færðist nær, sá eg að það var mannsmynd, sem var vafin í gráa fótisída kápu og með eins konar hettu á höfðinu. Hann skreið á höndum og fótum, eins og köttur, á þessari mjóu veggjarbrún, en eftir dálitla stund hvarf hann eins og hann hefði farið annaðhvort inn um sprungu á veggnum eða inn um glugga.

Eg flýtti mér í dauðans ofboði að loka glugganum og setja hlerana fyrir.

Þegar eg hafði kveikt ljósið, jafnaði eg mig aftur og varð nokkurn veginn rólegur. Eg skalf af kulda, og mér varð fyrst fyrir að fá vænan sopa af konjakki úr ferðapelanum. Það væri annað en gaman fyrir mig að leggjast hér veikur. — Síðan leit eg eftir, hvort hurðin væri lokað og hvort marghleypan væri í lagi, lagði hana á borðið við rúmið og fór niður undir.

Hefði eg orðið var við eitthvað sviplíkt í Lundúnum, séð kynlega búinn mann skriða gætilega eftir þakrennunni, þá hefði ekki verið um annað að hugsa en að ná í næsta lögregluþjón, komast eftir því með aðstoð hans, hvort hér væri að ræða um einhverja vesalings svefn-göngu, eða óvenjulegan innbrotspjóf og sjá svo fyrir, að hann yrði settur í örugt varðhald. En hér vissi eg ekkert hvað eg skyldi taka til bragðs. Eg rataði ekki um höllina, vissi ekki einu sinni hvar greifinn svaf, og var enda grunur á, að enginn lifandi maður væri í þessum hluta hallarinnar nema við. Mér þótti það ærin áhætta, að gera hark og reyna að vekja greifann til þess að segja honum, hvers eg hefði orðið var. Það væri ekki víst að honum líkaði það. Eg sá að það mundi verða snjallast fyrir mig að reyna að sjá mér borgið með þeim ráðum sem eg átti kost á, reyna að láta sem ekkert væri um að vera og stilla skapsmuni mína.

Eg ásetti mér nú að reyna að hafa á mér andvara og sofna ekki — en eg sofnaði samt og vaknaði ekki fyrr en komið var langt fram á dag. Klukkan var tíu, og það var glaða sól-skin úti; eg lauk upp glugganum og andaði að mér hressandi vorloftinu með skógarilminum. Allar ógnir næturinnar voru roknar burt fyrir birtunni; eg hefði getað ímyndað mér, að mig

hefði dreymt það sem eg þóttist verða var við um nóttina, hefði ekki útbrunnið kertið og marghleypan á borðinu verið þegjandi vottur.

Eg teygði mig út um gluggann til að gæta betur að landslaginu kringum höllina. Eg sannfærðist enn betur um, að höllin var byggð á bjargi, og að þverhníptur bergveggur var að henni á sumar hliðar, og mundi hún því hafa verið illvinnandi á fyrri tímum.

Hægra og vinstra megin sá eg að vóru turnar á höllinni. Turninn hægra megin var ásjálegur, en vinstra megin var hann hrörlegur, og vóru sprungur í veggina, og þakið sumstaðar niðurfallið. Úr þessum hluta hallarinnar kom mannsmynd sú sem fyrir mig bar.

Þegar eg teygði mig betur út um gluggann, sá eg að á grundinni fyrir neðan vóru stórir steinar, sem höfðu að likindum hrunið úr bergveggnum, en þegar lengra dró tóku við runnar og skógur, en ber fjöll í fjarska. Langt burtu sá eg tvö eða þrjú bændabýli, sem virtust vera mjög afskekt, — annars var hvergi að sjá mannabygð eða nein mannaverk.

Eg setti hönd fyrir auga til þess að sólskinid glepti mér ekki sjónir. Þá kom eg auga á eitthvað hvítt í runnunum vinstra megin. Mér datt í hug, að það væri þvottur sem væri breiddur til þerris, en tók þó ferðakiki minn og fór að gæta betur að því. Eg sá þá að þetta var

maður sem lá á bakinu og rétti frá sér hendur og fætur, og þóttist vita, að hann svæfi þarna inni í runninum. Mér þótti vænt um að sjá þenna mann, því eg hafði aldrei séð nokkurn mann úti fyrir höllinni síðan eg kom. Eg lyfti upp kíkinum og horfði betur — en svo hneig eg ofan á stól, sem hjá mér var, titrandi af geðshræringu. Eg vildi ekki sjá meira.

Þetta var kvenmaður, — eg sá hana eins og hún hefði verið fast hjá mér. Það var ung stúlka, lagleg og vel vaxin. Hún var dain. Höfuðið var beygt aftur á við og hálsokkið ofan í mosann, svarta hárið flaksaði og var eins og rifid sundur, munnurinn og augun voru opinn og allur svipurinn lýsti ofbóðs-hræðslu. Fötin voru rifin upp ofan fyrir brjóst, svo að hálsinn og brjóstin voru ber, og á hálsinum var opið sár; blóðið hafði runnið úr því ofan axlirnar og fötin voru blóðug — það voru stórgerð hvít ullarföt, eins og kvenfólkið ber þar í landi. Hún hafði rétt út handleggina og eins og gripið ofan í mosann í dauðaangistinni.

Eftir nokkrar mínútur bar eg kíkinn aftur fyrir augun til þess að ganga úr skugga um, að mér hefði ekki missýnst.

Það var alt eins og eg hefði lýst.

Þá þóttist eg vita, hvernig staðið hefði á því neyðarópi, sem eg heyrði. Hvernig ætli að þetta voða-tilfelli hafi að borið? — Ætli úlf-

arnir hafi gert það? Það er nóg af þeim í skógunum, en greifinn hefir sagt, að þeir réðust ekki á menn og allra sízt á þessum tíma árs, þegar þeir hafa noga bráð í skóginum.

Eða hafði þessi stúlka verið myrt?

Úlfarnir mundu naumast hafa skilið svo við hana, en líkur til að morðingi hefði getað gert það. Hún var hálffalin í runninum og hér var ekki alfaravegur.

Eg þreif hattinn minn, stakk á mig marghleypunni og ætlaði að rjúka út og reyna að komast þangað sem líkið lá. Einhver stigur hlaut að liggja meðfram berginu og þangað.

Eg komst ofan riðið og ætlaði að fara út. Þegar eg kom í forsalinn, mundi eg eftir því, að eg hafði ekki stigið þar fæti síðan eg kom.

Af því að eg svaf svo mikið á daginn og greifinn eyddi svo miklum tíma fyrir mér til þess að læra að tala enskuna, hafði eg ekki einu sinni komið út fyrir hallargirðinguna.

En þegar eg ætlaði að lúka upp hliðinu, var þar harðlæst og enginn lykill í skránni. Eg svipaðist að lyklinum alt í kring, en sá hann hvergi. Síðan reyndi eg að brjóta upp hliðið, en gat engu bifað.

Forsalurinn var stór, og dyr á ýmsar hliðar; eg ætlaði nú að reyna að lúka einhverri þeirra upp, enn þær voru allar harðlokaðar.

Eg er óvanur því að geta ekki farið ferða

minna sem frjáls maður; en nú sá eg að eg var í rauninni í varðhaldi.

Mig hafði áður langað til að koma út, án þess eg hefði gert mér grein fyrir, hvað eg ætti að gera; en síðan eg sá lík stúlkunnar, hugsaði eg ekki um annað en að komast að því, reyna að hjálpa ef kostur væri, kalla á menn, leita eftir morðingjanum með aðstoð laganna og réttvísinnar, þ. e. gera allt sem síðaður maður mundi hafa gert í mínum sporum. En nú sá eg fyrst hvar hag mínum var komið; eg dró saman í huganum allt sem eg hafði heyrt og séð hér, og sýndist mér þá útlitið verra en nokkurn tíma áður.

En auðvitað hlutu að vera margar fleiri úti-dyr. Eg fann líka annan forsal, og voru þar margar dyr, en allar læstar.

Eg hafði því engin önnur ráð, en að fara inn í herbergið mitt aftur, og þar fanst mér eg helzt eiga heima. Eg var nú orðinn kaf-rjóður af geðshræringu og órólegur,— því þegar eg fór að hugsa um allt athæfi greifans, varð mér ljóst, að hann mundi af ásettu ráði hafa spornað við því, að eg kæmist úr höllinni. Hann hafði haldið vöku fyrir mér á hverri nóttu fram undir dögum, til þess að eg yrði að sofa mest-allan daginn, en fyrir kurteisissakir hafði eg ekki viljað fara neitt úr herbergi mínu fyrri en hann kæmi. Þannig hefir tíminn liðið

svo, að eg hefði varla getað gert mér grein fyrir, hve marga daga eg hefði verið hér. Greifinn er auðvitað eitthvað undarlegur eða ólíkur öðrum mönnum að háttum. Það er líklegt, að hann hafi viljað hafa not af mér með þessu móti, einkum þegar hann sá, að eg var svo leiðitampur; en eg get nú samt ekki unað við það, að eg sé lokaður inni sem óbótamaður.

Þegar eg litadist um, sá eg að enginn útgangur gat verið úr herbergi mínu og þeim herbergjum greifans, sem eg bjó í, nema ofan ríðið, sem eg hafði gengið upp í fyrstu, eða gegnum gang, sem lá eftir þessari álmú hallarinnar endilangri. En þar voru allar dyr læstar.

Eg reyndi nú að fara upp stigann, sem lá upp í myndasalinn.

Mér brá í brún, þegar eg tók í húninn á hinni stóru eikarhurð. Hún var ólæst.

Sólin skein inn um alla gluggana í hinum langa myndasal. Það var alt annar svipur yfir myndunum nú en þegar eg sá þær um kveldið við vaxljós og glætu af varla hálfvöxnu tungli. En þær höfðu samt áhrif á mig. Mér fanst mér verða hálf-ilt, og lá við sjálft að líði yfir mig. Eg leit ekki nema í svip á myndirnar, og mér fanst þó fagra myndin fyrir gaffinum draga mig að sér með nær því ómótstæðilegu afi. En eg hafði ásett mér að láta ekk-

ert tefja mig fyrir en eg hefði kannað höllina svo víða sem eg gæti.

Á hinum gaffinum á myndasalnum voru tvennar dyr opnar á gátt.

Dyrnar vinstra megin voru að stóru kringlóttu turnherbergi með nokkrum gluggum og voru ekki á því aðrar dyr en þær sem lágu inn í myndasalinn. Gegnt þessum dyrum voru aðrar dyr á hliðveggnum, sem lágu inn í langa röð af herbergjum af ýmsri stærð; þau sneru öll til vesturs, og þóttist eg vita, að þau mundu mynda mikinn hlut af vestur-álmu hallarinnar. Eg hafði ekki tíma til að gefa nánar gætur að þessum herbergjum, en þóttist ganga úr skugga um, að héðan lægi enginn stigi niður í hin íbúðarherbergin. Eg þóttist þó vita, að sá stigi hlyti einhversstaðar að vera, en seinustu dyrnar á þessum herbergjum, sem að líkindum liggja að forstofu eða útgangi, voru harðlæstar, svo að eg gat ekki lokið þeim upp.

Öll herbergi voru svo búin sem venja er til í gömlum hallargörðum. Þar voru húsgögn frá ýmsum tímum, og ekki í neinum „stíl“, eins og nú er titt. Alt var það gamalt, fólgt og fornfálegt, en ekki eiginlega hrörlegt. Eg hefi ásett mér að skygnast hér betur um síðar; nú hafði ég ekki tíma til þess. Þegar eg sá, að eg mundi ekki geta komist

út þessa leið, flýtti eg mér aftur í mynda-
salinn. Í hinum endanum á salnum, sama
megin og inngangsdyrnar, var hurð. Henni
gat eg lokið upp, og kom eg þá inn í stóran,
skrautlegan sal, með þremur gluggum, sem
sólin skein inn um. Gólfíð var málað gráum
og hvítum tiglum. Milli glugganna voru
speglar með svörtum og gyltum umgerðum,
og alt var þar í þeim stíl, er tíðkaðist meðal
höfðingjafólks í byrjun aldarinnar, — bleikir,
bláir, gráir og hvítir litir, allir fölr af elli.
Nú varð fyrir mér löng herbergjaröð, sem eg
þaut í gegnum eins og í draumi, — því mér
var orðið ilt, og eg fann til máttleysis og
ónota, svo að eg vildi flýta mér sem mest.
Herbergi þessi hafa eflaust staðið svo lengi í
eyði, að loftið í þeim er óholt, einkum á
þessum tíma árs, er sólin hefir ekki enn gagn-
vermt hina þykku veggj. Í öllum þessum í-
búðarherbergjum þóttist eg sjá, að hefði verið
síðar búið, og að kvenfólk hallarinnar hefði
að líkindum búið þar. Hingað gátu hvorki
örvar eða önnur skot náð, og því voru glugg-
arnir hér stærri og hærri en í neðri her-
bergjunum.

Þegar eg hafði farið gegnum nokkur her-
bergi, fann eg á endanum dyr á veggnum
móti gluggunum. Eg reyndi að lúka þeim
upp; þær gengu ekki upp; en þegar eg fór að

gæta betur að, sá eg að þær vóru ekki læstar, heldur þrútnar, og tókst mér loks að lúka upp hurðinni. Þá kom eg út að gangi, sem var orðinn mjög hrörlegur. Mátti sjá þaðan gegnum gluggasmugur ofan í gljúfur, sem lá við austurhlið hallarinnar, og féll þar á í fossi. Þau herbergi, sem vóru hinum megin gangsins, vóru öll harðlæst. En við endann á ganginum varð loks fyrir mér stigi, sem lá niður á við, þröngur og brattur, og lágu að honum gluggasmugur í hinum afarþykku veggjum.

Mér fór nú að líða betur; mér fanst loftið hér vera hressara og betra, og eg fann ekki lengur til þess flökurleika, sem eg hafði haft. En jafnframt stóð mér skýrara fyrir hugskotssjónum það sem eg hafði séð um nóttina og morguninn, og að eg þyrfti að komast sem fyrst úr þessu varðhaldi.

Stiginn lá ofan í annan gang, lengri og hrörlegri en hinn. Eg þóttist nú vita, að eg væri staddur í norðurálmú hallarinnar, sem virtist fremur en aðrir hlutar hallarinnar ætluð til varnar og var því ekki ólík kastala. Þegar gangurinn var á enda, kom eg að stórri, járnvarinni hurð; lykill stóð í skránni, og gat eg með naumindum lokið henni upp. Þegar eg kom inn úr dyrunum, varð fyrir mér ferstrent herbergi, áþekt kjallara. Veggirnir og gólfíð var úr illa höggnu grjóti. Alt

var þar þakið kóngulóarvefum, og hafði þar auðsjáanlega ekki verið gengið um árum saman. Birtan kom úr tveimur gluggum, og voru festar á milli þeirra járnfestar og skrúfur, sem eg vissi ekki til hvers mundi hafa verið notað. Stigi lá upp að öðrum glugganum. Eg flýtti mér upp stigann til að sjá, hvers eg yrði þar vísari.

Þegar eg leit út um gluggann, sá eg að eg mundi hafa farið í ótal krókum og komist að norðurhlið hallarinnar. Glugginn var of lítill til þess að eg gæti séð langt til hægri handar eða vinstri, en eg sá þó, að veggir hallarinnar lágu hér að gljúfri og að hér var undir rjúkandi foss. Hafði eg oft heyrt til hans í naturkyrðinni, en eg hélt ekki að hann væri svo nærri. Frá þess porthvelfingunni lá brú yfir fossinn, en nú var hún dregin upp, svo að ekki varð komist að höllinni þá leið. Eg sá nú til hvers járnfestin átti að vera, sem eg hafði séð við gluggana; hún var höfð til þess að draga upp brúna. Eg sá líka, að þó eg hefði getað komist út um forsal hallarinnar, hefði eg ekki komist í burt að heldur. Eg fór í skyndi ofan stigann, og skygndist betur um. Þegar eg gætti betur að, sá eg að nýlega hafði verið gert við þau færi, sem höfð voru til að vinda upp brúna og leggja hana niður, og að nýgengin spor voru í rykinu á gólfinu. Eg réð af því,

að vindubrúin mundi vera hreyfð smámsaman, og að þeir, sem það gerðu, hlytu að ganga um þetta herbergi. Það var ótrúlegt, að þeir færu gegnum öll þau göng og herbergi, sem eg hafði farið gegnum; það hlaut að vera útganga nær. Eg varð líka brátt var við, að dyr vóru gegnt þeim dyrum, sem eg hafði komið inn um; en þær vóru miklu minni og tæplega mannháar. Á þeim var enginn lás, að eins einföld klinka, eins og sjá má í gömlum bændabæjum á Englandi. Það var hægt að ljúka henni upp, þó hurðin væri þung og stíð. Fúlt loft blés á móti mér; eg sá 4 eða 5 rimar af vindustiga, sem lá niður á við í kolsvarta myrkur. Hefði eg verið í rólegu skapi, hefði eg eflaust hikað að við að fara þar ofan, en eg hugsaði ekki um annað en að komast áfram. Eg rak hurðina upp á gátt, og setti við hana trédrumb, sem lá þar úti í horni.

Síðan fór eg ofan stigann með hægð. Eg hafði fyrst dálitla skímu úr dyrunum, en brátt tók við kolsvarta myrkur, svo að eg varð að þreifast fyrir mér. Það var langt á milli rimanna, og stiginn var svo þröngur, að ekki gat nema einn maður gengið hann í einu. Það var líkast niðurgöngu í djúpan brunn. Eg þreifaði með höndunum um vota veggina í kring, og fór varlega, og eg er viss um, að eg hefði farið fimtíu tröppur niður. Eg fór þá að hugsa um að

snúa aftur, en forvitnin rak mig áfram; eg vildi komast að einhverju því, sem hulið mundi vera í þessari höll, eins og greifinn hafði gefið mér í skyn — sem mig grunaði þó að vera mundi þeirrar tegundar, að enginn heiðarlegur maður ætti að koma þar nærri og að mér væri skylt að vara Hawkins húsbónda minn við greifanum, sem eflaust væri bezt að væri kyrr þar sem hann er.

Alt í einu fanst mér sem eitthvað væri á eftir mér í stiganum. Eg heyrði ekkert og sá ekkert, en mér fanst samt einhver vera í hælunum á mér; ég fann eins og ónot í hnakkunum og mér fanst eins og kalt vatn rynni milli skinns og hörunds ofan bakið á mér. Eg gat ekki þolað það og hálfsnéri mér við, studdi bakinu upp við vegginn og hafði annan fótinn á neðri riminni.

Í því réðst eitthvað á mig, dýr eða maður, eg veit ekki hvort heldur var; það var tekið tókum á mér, ekki að baki, því þá hefði verið úti um mig, heldur var ráðist framan að mér og á hliðina á mér, svo að eg átti hægra með að koma vörn fyrir mig. Eg fann að eitthvað feikna þungt lagðist á vinstri öxl mér og tók kverkataki á mér, eg fann fúlan andardrátt og gapandi kjaft og þykkvar varir, sem strukust við eyra mér og vanga og munn, og eg fann að fótur, eða eitthvað þvilíkt vafðist um hægri

fót mér. Til allrar hamingju hafði eg báðar hendur lausar og gat spyrnt með fætinum í rimina. Eg gat ekki náð í marghleypuna, en þreif í handleggina, sem lágu um hálsinn á mér, og fann að þeir vóru sem manns handleggir en vaxnir býsna miklu hári; gat eg ekki bifað þeim, þó eg tæki á öllum kröftum. Eg fann að rífið var af hálsinum á mér og að þessi óvinur reyndi að komast með varirnar ofan á hálsinn á mér; eg tók um höfuð hans með báðum höndum, en alt í einu slepti hann takinu og hratt mér frá sér svo eg hrapaði langar leiðir niður. — — —

Eg veit ekki hvað langur tími leið þar til eg raknaði úr rotinu og gat eg þá ekki áttað mig fyrr en eftir stundarkorn. Eg lá þá á gólfu fyrir framan mjóar dyr og sá eg á stiggann í myrkrinu á bak við þær. Fram undan mér vóru löng göng og var þar lítil skíma úr gluggum upp við þakið. Þar var moldar-gólf, og því hafði eg ekki meitt mig.

Eg fór fyrst að hugsa um, hvort það væri ímyndunin tóm eða veruleiki, sem fyrir mig hafði komið. Eg reyndi að gera mér í hugarlund, að eg hefði orðið hræddur, fengið svima og dottuð og hefði þá um leið rekist á hurðina, sem eg lá nú innan við, og lyft henni upp. Hitt hefði alt verið höfuðórar. En hvernig stóð

á því að skyrtan og kraginn var rifinn, hálsklúturinn horfinn og talnabandið með járnkrossinum, sem eg bar til minningar um veitingakonuna, sem eg gisti hjá, hafði þrýst sér svo inn í hálsinn, að eg var marinn eftir? Eg fann þar að auki til sviða í hálsinum.

Nú flaug mér í hug, að eg yrði að fara aftur sömu leið. Sú tilhugsun ætlaði alveg að gera út af við mig. Eg fann að eg var í gildru, og hélt eg áfram ferð minni í hugsunarleysi.

Þegar eg kom út úr ganginum, tók við gluggalaus hvelving, sem var opin á báðar hliðar. Þegar eg kom út úr henni, tók við kringlótt herbergi með moldargólf, og voru þrjár eða fjórir gluggar hátt uppi. Veggirnir voru úr afarstórum steinum, og þóttist eg vita, að eg mundi nú staddur í einhverju af neðstu herbergjum hallarinnar, enda heyrði eg hér bezt fossiðinn. Út við vegginn lá gólfíð niður á við og var eins og gryfja.

Eg stóð við stundarkorn til þess að átta mig; gluggarnir voru opnir, og vindurinn blés á köngulóarvefina uppi undir loftinu, en þó var þar fýla inni. Eg komst brátt að raun um, af hverju hún var.

Mér kom fyrst til hugar, að eg mundi vera í matvælakjallara; mér sýndist eg sjá hrúgur af jarðarávöxtum með fram veggjunum, og datt

mér þá líka í hug, að hér mundi vera útgangur, sem heimilisfólkið ætti hægt með að ganga um. Eg tók þá eftir því, að í veggnum rétt hjá mér var hleri eða dyr. Eg reyndi að ljúka þar upp og tókst það. Þegar eg sá, að eg gat fengið loft og birtu þar inn, fór eg að skygnast betur um, en rétt í því eg studdi hendinni við vegginn til að horfa út um gatið á veggnum ultu tvær mannsaushúpur þar ofan fyrir, önnur bleik og skinin, en hin með hári og skinni.

Mér fór ekki að verða um sel og versnaði fyrir alvöru þegar eg sá, að lægðin út við vegginn var að miklu leyti full af mannabeinum, mygluðum og hálfrotnuðum. Þar lágu rifjahylki áföst hryggnum, handleggir og fótleggir, sem sinarnar voru ekki rotnaðar af, og hauskipunur með holum augnatóftum, hvað innan um annað. Svo mikill ódaun fylgdi þessum ófagnadi, og magnaðist svo við renslí loftsins, að mér lá við að fleygja mér út um vindaugað.

Eg hafði þó þá stillingu í mér, að eg gerði það ekki, því annars hefði það orðið mitt síðasta fótmaal. Því rétt neðan undir þessu vindauga á veggnum var hamragljúfur og iðandi fossinn þar neðan undir.

Eg gekk úr skugga um það, að þessi vegur var engum lifandi manni fær. Hann var eiginlega handa hinum dauðu!

Eg varð mjög óttasleginn þegar eg hugsaði til þess, að eg yrði líklega að reyna að fara sömu leið aftur. Í gremju minni hljóp eg yfir beinahrúguna, sem glamraði undir fótunum, yfir í hinn enda herbergisins. Þar voru dyr, og tókst mér að lúka þeim upp.

Hvað skyldi nú taka við hinum megin þessarar hurðar?

Eg lauk upp með hálfum hug.

Síðan læddist eg inn.

Eg var þá kominn í einhvers konar kirkju eða musteri; þó var þar að kalla ekkert af þeim jarðteiknum, sem kristnir menn hafa í kirkjum sínum.

Þar var hálfdimt inni. Bogagluggarnir voru efst á veggjunum, en á veggjunum voru hálfvillilegar myndir, og óþekkilegar myndir og tákn voru á gólfinu. Þar voru steinlíkkistur, og fyrir gaffi afar-stór steinlíkkista úr gulum og mislitum marmara.

Alt í einu urðu fyrir mér dyr á veggnum, og sá eg að þar var uppganga.

Eg hikaði við að fara þar upp, því mér var í fersku minni það sem fyrir mig hafði komið í hinum stiganum. Eg réð þó af að fara upp stigann.

Þegar eg kom upp úr stiganum, var eg staddur á einskonar svölum, og þaðan sá eg ofan í gamla hrörlega kirkju. Eg sá nú að herbergi það

sem eg hafði verið í mundi vera í sambandi við kirkjuna og vera kjallarakirkja. En enga leið gat eg fundið af svölum þessum ofan í kirkjuna. Hins vegar sá eg að stigi lá upp af svölunum, og réð eg af að fara hann upp. Það var auðséð á rimunum, að þessi stigi var fjölfarinn og þegar eg kom upp í hann, sá eg sólargeisla á veggnum fyrir ofan mig og gladdi það mig mjög. Þar var gluggi. Eg varð svo feginn, að eg gleymdi því í bráðina, að óvíst var að eg kæmist nokkurn tíma til herbergis míns. Eg teygði mig út að glugganum og skygndist út.

Eg sá þá að eg var í suðvesturhorni hallarinnar og að eg gat séð þaðan yfir austurhlið hennar, þar sem herbergi mitt var. Eg sá líka að gluggarnir þar voru opnir, eins og til stóð. Hefði eg haft vængi, þá hefði eg flogið þangað inn!

Í þessari svipan varð eg annars var, sem fékk mér ihugunarefni.

Undir glugganum, sem eg hörfði út um, lá veggjarstétt sú, sem eg hafði áður veitt eftirtekt, og sýndist skugginn um nóttina dragast á, hvort sem það var maður eða annað. Hjá því gat ekki farið, að hann hefði farið gegnum þennan glugga, því hér voru hvergi dyr eða gluggar í nánd.

Eg hafði haft nóg að hugsa um, að reyna

að komast á brott úr höllinni, og því hafði eg nærri því gleymt líkinu af ungu stúlkunni, sem eg sá skamt frá höllinni. Nú kom fyrir mig atvik, sem rifjaði þá endurminning upp fyrir mér.

Eg sá að roskin kona í búningi bænda-
kvenna kom alt í einu fram í milli runnanna
og þangað sem líkið lá. Það var auðséd á
öllu látbragði hennar, að hún var skjálfandi
hrædd og að varirnar lukust upp sem hún ætl-
aði að reka upp óp, þegar hún kom að líkinu.
Hún stilti sig þó, og bentí síðan einhverjum,
sem eg sá ekki, að koma nær. — Eg sá nú
að mjór gangstigur lá þarna megin við höll-
ina við rætur klettanna, sem hún stóð á.

Þennan stig kom hópur af fólki úr sveit-
inni, menn og konur, og var að sjá hina
sömu hræðslu á yfirbragði þeirra. Þegar
þetta fólk kom þangað, sem aldraða konan
stóð, þyrptist það í kringum hana, og það var
auðséd, að hún var að segja þeim eitthvað —
og eg var ekki í efa um, hvað það væri.
Fólkið talaði í hljóði, en auðséd var, að því
var mikið niðri fyrir. Síðan gekk það alt
þangað sem líkið lá. Eg sá það glögt; eg sá
bleikt andlitið í sólskininu; eg sá sárið á háls-
inum og blóðið á fötunum á líkinu.

Í þessum hóp var gamall maður, sem virt-
ist hafa yfir hinum að segja; virtist mér sem

hann væri að segja hinum eitthvað, sem þeir væru á báðum áttum að hlýða. Loks sá eg þó að hinir kinkuðu kolli, svo sem til samþykkis. Ungur maður, sem leit út fyrir að vera enn hryggvari en hinir, gekk þá út í runnana og sótti sér reynikvist, sem hann fékk hinum gamla manni. Gamli maðurinn rak síðan þennan kvist í brjóstið á líkinu með mörgum formálum, og að því loknu bar fólkið líkið á burt.

Það var auðséð, að þessi athöfn átti rót sína að rekja til hjátrúar og hindurvitna.

Eg settist nú niður og leit á úrið. Mér fanst eg hafa verið afarlangan tíma á þessu ráfi um höllina, en nú sá eg að eg hafði að eins verið þrjá tíma. Sólin var enn hátt á lofti, en eg hafði haldið, að degi væri farið að halla.

Eg sá að eg varð nú að halda áfram göngu minni. Þessi uppganga hlaut að ná upp í efra hlut hallarinnar, og einhversstaðar þar hlaut heimilisfólkið að vera. Þar varð hún að vera, þessi undurfríða stúlka, sem eg hafði tvívegis orðið var við, — hún gat ekki verið ein út af fyrir sig; þar hlutu að vera þjónar, herbergi, sem í var búð, og dyr, sem hægt var að fara út og inn um, þótt eg hefði nú ekki getað fundið leiðina nema að eins í þann hlut hallarinnar, sem auður var og óbygður.

Áfram lengra, sagði eg við sjálfan mig.

Eg hljóp upp stigan, og var nú ekki lengur skuggsýnt í stiganum. Eg kom brátt að rammbbyggilegri hurðu, og varð mér svo hverft við það, að eg gat varla náð andanum. Eg sá það fyrir, að væri þessi hurð læst, þá yrði eg að snúa aftur sömu leið eða drepast.

Eg þreifaði á lásnum, því hér var skuggsýnt, af því að gluggarnir voru ekki nærri. Skráargatið var opið; — hurðin hlaut að vera læst.

Eg var nærri fallinn í öngvit. Eg fékk svíma, settist á efstu stigarimina og hallaði mér upp að veggnum. Eg varð alveg lé magna, og veit eg ekki, hve lengi eg hefi setið þar, þar til eg heyrði alt í einu eins og einhvern umgang. Eg rétti úr mér og hlustaði eins vel og eg gat. Jú, þarna heyrði eg það aftur. Það var eins og einhver lyki varlega upp hurðu.

Skyldi það vera? Eg stökk á fætur og gekk að hurðinni, og varð þess nú var, að hún var ólæst.

Eg þreif pennahnúfian upp úr vasa mínum og stakk sterkasta blaðinu milli stafsins og hurðarinnar, og tókst mér þannig að lúka upp hurðinni.

Þegar inn kom, blasti við mér stór salur, með eikargólfu og góbelínstjöldum á veggjum;

Þungir fornlegir stólar voru þar inni, eins og í mínu herbergi. Hlerarnir voru hálfðregnir fyrir gluggana, og var því hálfðimt þar inni.

Eg gekk hljóðlega inn í salinn.

Hinum megin í salnum stóðu tvær dyr hálfopnar.

Eg fann að vinstri dyrnar mundu leiða mig í áttina til herbergis míns og greifans, en áður en eg leitaði þangað, vildi eg ganga úr skugga um, hvort mér væri engin hættu búin hinum megin hægri dyranna og læddist því yfir gólfid og leit þar inn. Eg varð þess brátt vissari, að hér var eg kominn í hornturninn, sem eg hafði áður veitt eftirtekt. Það var stór kringlóttur salur. Á honum voru engar aðrar dyr en þær, sem eg kom inn um, og var hlaðið fyrir gluggana að hálfu leyti, en að öðru leyti voru járngrindur fyrir þeim. Engin prýði var á veggjunum nema vefir kóngulónna. Með fram veggjunum lá girðing af fjölum, og milli hennar og veggjanna voru bingir, sem mér sýndust líkir kornbingjum, sem eg hefi séð í hlöðum akurbænda. Eg hélt því í fyrstu, að þessi salur mundi vera til korngeymslu, þó ótrúlegt mætti þykja, þar sem hann var á 4. gólfi hallarinnar. Eg stakk hendinni af forvitni á einn binginn. Eg rak mig þá á harða, kringlóttu smáhluti, sem voru kaldir átaks. Eg tók fullan lófa minn og bar út að glugganum.

Eg sá þá að þetta var alt annað en eg hugði— það vóru gullpeningar, gamlir, rykugir gullpeningar, enda leyndi sér hvorki þyngd né hljómur.

Eg gekk hratt um allan salinn, og þreifaði í alla bingina. Það varð alstaðar hið sama fyrir mér. Sumir peningarnir vóru fagrir, eins og þeir væru nýslegnir, en sumir vóru orðnir svartir, en enga sá eg frá vorum tímum, suma þekti eg ekki og sumir vóru grískir eða rómverskir.

Eg er enginn myntfræðingur, og get því ekki dæmt um fornfræðilegt gildi þessa peningasafns, en málmverðið eitt er víst, að hefir numið mörgum miljónum króna.

En þar með var ekki alt búið. Af því eg var nú farinn að verða forvitinn, skygndist eg betur um, og sá eg þá á miðju gólfi kistur tvær járnvarðar. Þær vóru ólæstar, og gat eg því skygnst undir lokin. Þær vóru fullar af alls konar skrautgripum úr gulli og silfri, og gimsteinum og perlum. Þar vóru drykkjarskálar af gulli, stórt skrín fult af fádum gimsteinum og annað þar eftir.

Eg varð þess líka var, að í veggjahólfunum vóru dýrgripir, sem vóru engu minna virði en þeir sem vóru í kistunum, en eg hafði engan tíma til að rannsaka slíkt. Eg sá, að það vóru engar ýkjur, sem fólkið hafði sagt mér, að greifinn væri vell-auðugur, því að eg hafði aldrei séð neitt þvílíkt.

Mér varð hughægra, þegar eg sá, að ekki var einu sinni skeytt um að læsa hurðinni á þessum sal,—þó hurðin væri járnvarin báðum megin —, þessum sal, sem hafði að geyma slíkt ógrynni fjár.

Eg þóttist nú skilja betur en áður, af hverju greifinn væri svo óvenjulega varkár með margt — það gæti komið af því, að hann mætti búast við ránum og þjófnaði í höllinni, þegar hann væri ekki við, og því mundi hann líka læsa svo vandlega öllum hurðum.

Eg lauk nú varlega upp næstu hurð. Þar varð fyrir mér svefnherbergi, litlu stærra en svefnherbergið mitt. Við vegginn gegnt glugganum stóð rúm með himni yfir og með afar miklum rúmtjöldum. Þaðan sá eg inn í herbergi með bókaskápum, og var stórt skrifborð á miðju gólfi. Eg þóttist nú vita, að eg væri staddur í herbergjum greifans, sem svöruðu til herbergja þeirra annars vegar í höllinni, sem eg hafði stöðugt haft umgöngu um. Eg þorði varla að líta í kringum mig, því eg gat búist við að greifinn eða einhver annar yrði var við mig og var þá óvíst, hvernig færi fyrir mér. Tvær hurðir voru í herberginu og gekk eg að þeirri, sem stærst var, og fann að hún var lokuð, en þegar eg herti á hurðarhúninum, laukst hurðin upp og eg var þá alt í einu staddur í stóra borðsalnum, þar sem eg var vanur að

borða. Þessi herbergi fundust mér nú inndæl og ánægjuleg — mér fanst eg nú vera kominn heim til mín, og þó hafði mér áður fundist eg vera þar í varðhaldi og ekki hugsað um annað en að reyna til að flýja þaðan. Mér fanst sem margir mánuðir væru liðnir síðan eg var þar, og þó vóru það ekki nema nokkrir klukkutím- ar. Alt var í sömu skordum og áður. Eg gekk að glugganum og leit út yfir hallargarð- inn. Hinum megin blasti við mér portturn- inn, þar sem stiginn lá niður í undirdjúp hall- arinnar. Eg sá nú að það mundi ekki hafa munað nema hársbreidd, að eg komst lifandi hingað aftur.

Mér fanst enn að einhver þungi lægi yfir mér og eg fann að eg þurfti að þvo af mér rykið, kóngulóarvefina, mygluna og moldina, sem eg hafði borið á mér.

Eg varð þess var, að eg hafði sáran blett á hálsinum, rétt yfir slagæðinni, og sáust þar tannaför; talnabandið hafði auðsjáanlega hlíft mér og hafði það mótað sig inn í hálsinn.

Eg reyndi að þvo mér svo vandlega sem eg gat, en gat þó ekki afmáð blettinn á hálsinum.

Eg fór nú inn í borðsalinn, því eg var orð- inn glorhungraður og hafði áður tekið eftir því, að borðið var dúkað þegar eg kom inn. Þegar eg kom að borðinu, sá eg þar hina gömlu mállausu konu, og var hún að bera á

borð. Mér skjátlar víst ekki, þó eg fullyrði það, að henni brá svo við, þegar hún sá mig, sem hún yrði bæði hrædd og hissa; hún skildi auðsjáanlega ekkert í því, hvernig eg gæti verið þangað kominn. Hún hlaut að hafa verið rétt áður inni í svefnherbergi mínu og gengið úr skugga um, að eg var þar ekki inni. Hún horfði á mig með óttasvip og síðan á dyrnar, sem eg hafði gengið inn um, og svo á dyr greifans. Þegar hún hafði borið alt á borð, bauð hún mér að setjast niður, og lét eg ekki segja mér það tvisvar.

Eg tók hressilega til snæðings og heldi fult vínglasið mitt og tæmði það í einum teig. En í sama bili varð mér svo hverft við, að eg misti glasið úr hendi mér á gólfid, svo að það brotnaði.

Eg heyrði að lyklinum að herbergi greifans var snúið að innanverðu — einhver læsti hurðinni.

Þetta atvik hefði verið einskisvert, ef öðru-vísi hefði staðið á; en í þessu húsi finst mér mikið til um alt.

Eg hefi aldrei orðið annars var, en að þessi hurð hafi stöðugt verið læst að innanverðu síðan eg kom hingað.

En hurðin hafði nú verið ólæst, og var það stök hepni fyrir mig — nú var hún aftur læst, og það hlaut að koma af því:

— að einhver hefði farið á eftir mér eða séð mig, þegar eg kom inn fyrst,

— að greifinn hefði komið þangað síðan og læst dyrunum; eða

— að kerlingin hefir þóttzt skilja, að eg kæmi þessa leið, og flýtt sér að læsa hurðinni til þess að eg færi ekki inn í þessi herbergi, sem eg ætti eflaust ekki að ganga um.

Eg þóttist vita, að greifinn vildi ekki að eg hefði neina umgöngu um herbergi sín, því hann hefir aldrei boðið mér að sýna mér þau og allt af haft þau harðlokuð.

Mér hafði líka orðið það óvart, að fara inn í þessi herbergi, en eg get ekki slitið það úr minni mér, að eg hef þó verið þar inni.

Eg ásetti mér að segja greifanum hreint og beint eins og var, ef til kæmi, að eg hefði vilzt í höllinni og að það hefði verið hundahepni, að eg rataði heim í herbergi mín aftur. En ekki ætlaði eg að láta bera neitt á því, sem fyrir mig hafði borið.

Þegar eg stóð upp frá borðinu, kveikti eg í vindli og gekk fram að glugganum. Mér fanst vera hálfkalt inni og lauk eg því upp glugganum til þess að fá hressingu af hlýjara lofti, sem sólin hefði vermt og skilið eftir milli veggjanna í hallargarðinum.

Meðan eg stóð þar og reykti, heyrði eg eins og lási væri skelt og sneri mér við. Mállausa

kerlingin var komin inn. En hvaðan hafði hún komið? Eg hafði verið svo þreyttur og utan við mig, þegar hún kom fyrst inn, að eg hafði ekki tekið eftir því, hvaða leið hún kom. Eg sá, að hún hafði ekki komið gegnum þær dyr, sem að ganginum vissu, sem liggur eftir höllinni.

Eg varð sannfærður um, að hún hlyti að hafa komið aðra leið, og að einhversstaðar hlytu að vera leynidyr, sem hún gengi venjulega um. Eg hafði oft reynt að tala við hana með bend-ingum, en það varð árangurslaust; hún gat með engu móti skilið mig, en starði á mig hissa og eins og hálfsmeyk. Nú var eina ráðið að veita því nákvæma eftirtekt, hvaðan hún kæmi og hvert hún færi.

Eg sá nú, að hún gaf mér hornauga, og lézt eg ekki taka eftir því, og sneri mér að glugganum, en gægðist um öxl mér til að sjá hvað henni liði. Eg þóttist vita það fyrir víst, að einhversstaðar úr borðsalnum væri þær dyr til útgöngu, sem eg hafði svo lengi leitað að, til þess að geta komist úr varðhaldinu.

Hún afdúkaði borðið fjótt og fimlega, og lét borðbúnaðinn inn í skáp, sem var í veggnum og eg hafði ekki fyrri veitt eftirtekt. Síðan tindi hún upp brotin, sem lágu á gólfinu, og að því búnu sá eg að hún hikaði við og hreyfði sig ekki; hún leit þá til mín, og sá eg að hún hafði einhverna illan grun á mér; eg lét sem eg

tæki ekki eftir neinu, en hafði því betur gát á henni. Rétt á eftir varð mér þó lítið út um gluggann á svölurnar, sem voru á flugi yfir hallargarðinum, og heyrði eg þá sama hvininn og áður, og þegar eg leit við, sá eg kerlinguna hvergi. Eg heyrði nú glögt, að hljóðið kom úr áttstrenda smáherberginu, sem var á milli borðsalsins og svefnklefa míns, en eg hafði skilið það eftir opið.

Þar hlutu því leynidyrnar að vera.

Eg stökk undir eins þangað inn, og fór að rannsaka þetta litla herbergi.

Eg skoðaði það svo vandlega sem eg gat, en varð einskis vísari, enda var hálfdimt þar inni, því herbergið var gluggalaust, og lagði þangað að eins skímu úr hinum herbergjunum. Eg ásetti mér þó, að reyna að skygnast þar betur um síðar, og hætti við þessa rannsókn að sinni.

Eg var líka orðinn þreyttur eftir ráfið um höllina framan af deginum.

Eg lagðist því fyrir í rúmi mínu og sofnaði undir eins, en vaknaði aftur eftir klukkustund, hress og afþreyttur. Eg bjóst nú við að greifinn væri heim kominn, og fór því inn í lessal hans, en hann var þar ekki. Eg fór því að skrifa í dagbók mína mér til dægrastyttingar, og finst mér þetta alt ótrúlegt og líkast draumi, ef það styddist ekki við ápreifanleg rök, sem ekki verða véfengd. Eg veit varla hverju eg á að

trúa, en verst er það, að eg hlýt að hafa ímugust á greifanum. — — Til hvers ætlar hann að kaupa sér hús í Lundúnum og flytja þangað? Húsbóndi minn vill ekki vamm sitt vita, og mundi það koma honum illa, ef hann styddi að því, að flytja ísbyggileg illþýði inn í Lundúnir, því nóg er þar fyrir af slíku.

Nú er greifans von á hverri stundu; það er komið sólarlag og þessi fallegi dalur er þrunginn af kveldilminum og sömu fegurðarblíðunni eins og þegar eg sá hann í fyrsta sinn. — Eg verð að fara upp á loftið; það hlýtur að vera miklu fallegra útsýni úr myndasalnum og turninum. Ætti eg ekki — — —

12. maí. Guð varðveiti mig. Eg veit varla hvort eg vaki eða sef, eða hvort það er einbýlið og það, að alt er hér svo ólíkt því sem eg hef vanist, sem veldur því, að eg sé og heyri eitthvað sem ekki á sér stað. Mig hefir líklega dreymt, en guð gefi að mig dreymi aldrei slíkan draum.

Greifinn hefir fullyrt við mig, að hann hafi fundið mig alklæddan í rúmi mínu þegar hann kom heim og í fasta svefni, og að honum hefði sýnst, að mig dreymdi illa; eg hefði umlað og látið illa í svefninum, og hefði hann því vak-
ið mig. Eg kannaðist undir eins við, að hann mundi herma rétt frá, af því eg vaknaði um

miðja nótt og lá þá í öllum fótunum ofan á rúminu; ljós logaði á borðinu, og greifinn stóð við rúmið og hvesti á mig svörtu augun; eg fann að eg var lémagna og eins og eg hefði drukkið eitthvert svefnlyf, og hlýddi eg þegjandi orðum hans að afklæða mig. Eg hlýt að hafa sofnað undir eins aftur, því úr því vissi eg ekki af mér fyrri en komið var langt fram á dag.

En víst er það, að eg mundi greinilega þegar eg vaknaði alt sem hafði gerst daginn áður og þangað til fram á nótt, en það kemur alls ekki heim við það, sem greifinn telur mér trú um; hann fullyrðir, að hann hafi fundið mig í svefnherbergi mínu. Eg get þó ekki skilið, af hverju hann segir mér ekki satt; hann hafði þó varað mig við að vera í auðu herbergjunum hér upp á loftinu eftir sólsetur, en því hafði eg alveg gleymt í gærkveldi. Eg verð að fallast á það, sem hann sagði mér, að loftið í þessari gömlu höll er ekki holt, þótt það sé ef til vill örðugt að finna sóttkveikjurnar í því. Menntala um andlegar pestir, en ætli menn geti ekki líka ímyndað sér andleg sýkingarefni, sem veiki ímyndunina og hugarfarið á sama hátt og kóleru-bakterían og difteritis-bakterían veikir líkamann? Og er nokkuð á móti því, að slík sýkingarefni geti legið í dái mörgum árum saman eða öldum saman? Eg er hvorki sálfræðingur

né læknir, en eg læt að eins mína skoðun í ljós. Eg get hvorki né vil gera grein fyrir því, en eg finn það glögt, að á sama hátt og ýms áhrif, sem að utan koma, geta gert mig sjúkan, á sama hátt hefi eg orðið fyrir áhrifum, hvort sem þau eru andleg eða ekki, sem kveikja hjá mér ímyndanir og tilfundningar, sem eg hefi ekki haft áður og eru ekki af betri endanum.

Greifinn segir, að mig hafi dreymt og það er sennilegasta skýringin. Eg var þreyttur um kveldið, taugar mínar voru æstar og ímyndunin hálfveik af því sem fyrir mig hafði borið seinasta dægrið. Eg hafði sofnað í öllum fótunum. Nei, eg þori að sverja að eg gerði það ekki — —.

Eg sat við borðið í lessalnum eins og nú. Alt í einu fanst mér að eg ætti að fara upp á loftið til að sjá betur sólarlagið. Eg fleygði pennanum og bar bókina með mér inn í svefnherbergið og síðan hljóp eg upp stigann. Sólin var ekki gengin undir, þegar eg kom í turninn, sem er hjá myndasalnum. Þaðan er betri útsýn en úr nokkrum öðrum stað í höllinni. — Eg gekk að öllum gluggunum og stóð seinast við þann gluggann, sem gaf mér best útsýnið. Í öllum gluggahólfunum voru bekkir til að sitja á. Eg settist niður, lauk upp glugganum og sökti mér alveg niður í náttúrufegurðina, kveikti í vindli og hallaði mér aftur á bak.

Það var hitamolla, og eg bjóst við þrumuveðri um nóttina. Eg var þreyttur og nenti ekki að hræra legg né lið, enda fanst mér eg vera vel fyrir kallaður að virða fyrir mér náttúrufegurðina. Eftir sólarlagið dreifðist glóandi kveldroði um allt loftið; það var eins og allur himininn væri í ljósum loga, og við svartbláa og írauða þokubólstra í austri báru þjótandi gulleit ský, sem liðu hátt í lofti í yfirfarinu. Mér fór að verða undarlega heitt um hjartaræturnar, og mér fanst eins og eg ætti von á einhverju, og vissi ekki hverju. Eg hefi aldrei á æfi minni verið svo á mig kominn. Eg get ekki lýst því, en það var eins og eg væri hálfdrukkinn. Rökkrið seig yfir, en sama hitamollan hélzt enn, og loftið var fult af blómilmi úr dalnum. Eg hagræddi koddanum í bekknum, teygði betur úr mér, og starði stöðugt út í loftið, því mig furðaði á, að skrugguveðrið var ekki enn skolið á —.

Eg hlýt að hafa sofnað, því eg man glögt eftir því, að eg vaknaði með líkri tilkenslu eins og ef rafstraumur hefði farið í gegnum mig, og eg fann það á mér, að eg var ekki einsamall. Það var orðið svo dimt sem orðið getur á sumarnóttu hér á landi. Það grilti að eins í gluggana, og eg gat með naumindum greint eitthvað af húsbúnaði í kringum mig. Eg gat yrst ekki áttað mig á því, hvar eg var stadd —

ur. Mér þótti sem eg væri kominn í einhvern ókunnan heim, og mér fanst eins og hvíslað væri að mér: Ástir, sem brenna sem beiskasta hatur, og hatur, sem brennur eins og ástir!

Það vóru orð greifans, þegar hann var að sýna mér myndirnar, en í alt öðrum róm, í einhverjum lokkandi róm. Eg hneig hálf-meðvitundarlaus aftur á bak á bekkinn.

Í sama bili brá fyrir tveimur eldingum, svo hálf-bjart varð í herberginu. Í þessari birtu sá eg hana rétt hjá mér. Hún var alveg eins og í fyrsta sinni þegar eg sá hana. Þegar dimdi aftur, sá eg hana ekki, en eg varð þess var að hún kom nær mér og beygði sig yfir mig — eg var máttlaus og gat ekki hreyft mig — —.

Aftur brá eldingu fyrir, og eg sá framan í hana rétt við andlitið á mér; hún starði beint í augun á mér og munnurinn var hálfopinn — eg sá menið á hálsinum á henni, sem var ber ofan á brjósti; eg sá að hún kraup á kné við bekkinn, sem eg sat á. Þá varð aftur koldimt og mér fanst eins og eg hrapaði hálf-meðvitundarlaus eitthvað langt niður. — Ilmurinn af blómunum hafði hálf-svæft mig og mér fanst sem mjúkir kvenhandleggir vefðust utan um mig; eg fann andardrátt hennar á andlitinu á mér og fann að hún þrýsti vörunum að hálsinum á mér — —.

Eg veit ekki hvað langur tími hefir liðið. En alt í einu vaknaði eg snögglega og fanst mér þá sem hún liði úr faðmi mér, en eg kendi ónota í öllum líkamanum. Í sama bili sá eg ljósi bregða fyrir — ekki af eldingu heldur af lampa. Greifinn kom inn og bar lampa í hendinni. Hann æpti upp; eg þóttist vita, að það mundi vera eitthvert blótsyrði á máli sem eg skildi ekki. — Hann gekk þegar til mín og lýsti framan í mig.

„Því í fjandanum gerið þér þetta; því hlýðið þér mér ekki“, sagði hann á þýzku, skjálfsandi af reiði, þó hann reyndi að stilla sig. „Hvað eruð þér að gera hér um þetta leyti. Þér skuluð vita, að Draculitz er húsbóndi í húsi sínu“.

Hann lét aftur gluggann. Lampann hafði hann látið á gólfid og sló ljósið af gólfinu einhverjum draugslegum eða djöfullegum blæ á andlit honum, en hárið reis á höfðinu á honum, eins og reiðu ljóni.

Eg var að standa upp og ætlaði að segja eitthvað mér til afsökunar.

Hann stóð við stundarkorn og starði á mig, eins og hann væri að hugsa sig um. Síðan sagði hann með skipandi rödd:

„Leggið yður út af“.

Eg hlýddi hugsunarlaust og lagði mig aftur á koddana.

Hann tók lampann og skoðaði vandlega andlitið og hálsinn á mér. Svo hló hann kulda-
hlátur.

„Vinur góður“, sagði hann — og varð nú alt í einu þýður í rómnum — „þér hefðuð átt að muna það, að eg hafði varað yður við því að vera hér uppi þegar farið væri að rökkva. Þér hafið auðvitað gleymt því. En eg verð að áminna yður um það aftur. Þér hafið farið óvarlega, að sofna hér við opna gluggana. Það hefir verið ráðist á yður í svefninum?“

Hann strauk með hendinni um ennið á mér og svo ofan á hálsinn.

En upp frá því man eg ekki eftir mér fyrri en eg vaknaði í rúmi mínu í öllum fótunum og greifinn stóð hjá mér og kvaðst hafa viljað vekja mig af því mig hafði dreymt illa. Það væri kominn háttatími fyrir löngu og væri mér því bezt að afklæða mig. Eg hlýddi honum, og vaknaði ekki aftur fyrri en komið var langt fram á dag.

Eg hefi nú sagt frá öllu, sem hér hefir borið fyrir mig, þó það sé í sem fæstum orðum, en það er nógu greinilegt til þess, að eg hlýt að vera sannfærður um, að það er enginn draumur, að minsta kosti ekki venjulegur draumur. Til þess að ganga úr skugga um það, hefi eg litast um á loftinu á albjörtum degi. Eg fór íau í turnherbergið og var

það alveg eins og um kvöldið. Allur húsbúnaðurinn var óhreyfður og alt var í sömu skorðum og áður.

En það skiftir mestu, að eg fann að koddarnir á bekknum í glugganum voru í ólagi, eins og mig minnir að eg legði þá, til þess að betur færi um mig, og eg kannaðist vel við að silkið, sem bekkirnir voru fóðraðir með, var alveg eins og mig minti að það væri. Eg fann vindilösku í gluggahvolfinu; ég lagði hana þar meðan ég var að reykja, og ég sá spor í rykinu á gólfinu, sem auðsjáanlega hafði ekki verið sópað afar-lengi, og eins og slóð eftir léttan kjól. Eg er því ekki í neinum efa um, að eg man alt rétt. Eg veit að eg hef verið þar uppi þetta kveld, þó greifinn neiti því. Eg get nú reyndar ekki skilið í því, hvers vegna hann gerir það. Hitt væri skiljanlegra, að eg hefði brotið móti boði hans með því að vera þar uppi. Eg gæti þá fremur skilið í því, að alt sem mér þykir hafa borið fyrir mig sé draumur — — —.

Þegar við fundumst í gærkveldi, var greifinn kominn í lessalinn, aldrei þessu vanur. Hann var hinn ljúfasti í viðmóti — hafði tekið úr skápunum fjölda af enskum lögbókum, og lögbókum frá Austurríki, til að sýna mér og gera mér kveldið sem skemtilegast. Það er stór furða, hve mikið honum hefir farið fram í ensku á svo stuttum tíma; hann hlýtur að hafa næmt eyra, því

hann lærir ótrúlega fljótt framburðinn, og það er varla unt að heyra annað en að hann sé Englendingur, nema á einstaka orði, þar sem hljóðið er örðugast fyrir hann. Eg haldi honum fyrir það, og virtist mér hann hafa mikla ánægju af því.

„Mér þykir vænt um að heyra það, kæri Harker“, sagði hann með miklum ákafa. — „Haldið þér að eg geti, eftir nokkrar vikur skulum við segja — eða mánuð — talað yðar fallega mál eins og Englendingur. Haldið þér ekki að Lundúnabúar heyri það undir eins að eg er útlendingur? Eg á yður mikið upp að iana, vinur minn — — þér megið reiða yður á að eg launa yður það“.

Eg sagði að hann mundi þó bezt læra málið þegar hann væri kominn til Lundúna, eða réttara sagt framburðinn, því hann er fullfær í málinu sjálfu. Þar gæti hann heyrt fleiri tala og kynst ýmsum mállýzkum.

„Nei, það verður að vera sem eg segi. Eg vil ekki eiga það á hættu, að vekja eftirtekt eða láta hlæja að mér þegar eg kem til Lundúna. — Hvað sýnist yður? Eg hefi svo margt í huga, og er fús að borga góða aðstoð“.

„En það er svo margt, sem ekki verður borgað með peningum, og svo er með þann greiða og þá ánægju sem þér hafið veitt mér. Eg vona að þér unið hag yðar framvegis hjá mér; þér ættuð að geta hvílt yður hér eftir erfið

störf. Í bóksafni mínu er nóg af lögfræðibókum, og þar er ýmislegt af fágætum ritum, sem yður mundi ekki auðvelt að finna í stærri söfnum. Hér er því fjársjóður fyrir gáfaðan lögfræðing, og eg veit fyrir vist, að þessi höll hefir nóg að bjóða yður; þér þekkið minst af því. Eg er sannfærður um, að yður þarf ekki að leiðast“.

Eg vissi ekki, hvað eg átti að hugsa um þessi orð. Mér fanst eins og einhver háðblær væri á þeim. Mér kom hvað eftir annað til hugar, að segja honum upp alla sögu og biðja hann að tala hreinskilnislega við mig, en eg gerði það samt ekki, og það hefir líklega verið bezt ráðið. — Eg færði það að eins í tal við hann, að húsbónda mínum mundi ef til vill mislíka það, ef eg dveldi hér lengi eða vikum saman.

„Eg hefi sagt yður, að þér verðið gestur minn fyrst um sinn. Þér hafið látið húsbónda yðar vita um það, og fáeinar vikur gera hvorki til né frá. Við tölum svo ekki meira um það“.

Hann leit til mín með því augnráði, þegar hann sagði þetta, að eg sá þann kost vænstan, að nefna ekki burtför mína á nafn. Eg sá, að eg yrði að vera í varðhaldi hjá honum, hvort sem mér þætti það ljúft eða leitt. Eg fæ samt ekki skilið, hvers vegna hann heldur mér hér kyrrum, því það er ekki annað en fyrirsláttur, að hann þykist þurfa að læra af

mér málið. Hann hlýtur að hafa annan tilgang, sem eg á þó bággt með að gizka á.

Eg hefi nú samt afráðið að verða hér ekki, þó hann vilji halda mér. Fararleyfi héðan fæ eg hvorki með góðu né illu; það er því ekki um annað að gera, en að reyna að flýja héðan á laun.

Eg fór í þessa ferð sem hverja aðra ferð til erindareksturs, sem eg bjóst við að geta lokið á fáum dögum — en nú er eg alt í einu orðinn ófrjáls maður og á valdi austurlenzks harðstjóra, og ekki óhræddur um líf mitt fyrir honum.

Nei, héðan verð eg að komast. Eg finn það glögt, að vistin hér verður mér óþolandi. Eg finn, að eg hefi þegar mist nokkuð af þeirri geðstillingu, sem eg á að mér. Eg hefi ætíð verið talinn mesti stillingarmaður, og sett mér það mark, að láta aðra aldrei hafa áhrif á mig. — Það er í fyrsta sinni, sem það hefir komið fyrir mig, að eg hefi alvarlega orðið að lúta vilja annara.

Eg verð að taka mér eitthvert starf fyrir hendur til þess að hafa af mér leiðindin.

Eg er nú farinn að semja ritgerð í „Lögfræðis timarit“ um réttarfar Ungara að fornu og nýju. Það er rétt, sem greifinn hefir sagt, að bóksafn hans er ótæmandi fjársjóður fyrir lögfræðing. Eg gæti haft mikil not af því — ef aðrar ástæður væru fyrir hendi. Það er annars

ætið betra, að vita en vita ekki, og þegar eins stendur á og fyrir mér, er iðjuleysið mjög skaðlegt. Eg vinn í mesta ákafa og sökkti mér niður í bækurnar.

Margt er talað um dáleiðslu — eg hefi sjálfur aldrei reynt að láta dáleiða mig, en í málflutningastörfum mínum hefi eg oftast en einu sinni orðið þess var, að misverknaður hefir verið kendur dáleiðslu. Eg hefi alt af álitid, að þessi dáleiðsla, sem kölluð er, sé ekki annað en skortur á siðferðisþreki eða vilja. Eg hefi aldrei viljað kannast við, að neitt væri eftir því farandi í málaferlum. Ef lagamenn færi að halda því fram, gæti það orðið til þess, að rugla alveg réttarmeðvitund manna og sjálfsábyrgð. En það væri þægilegt fyrir alla breyska menn, ef þeir á þann hátt gætu skotið skuld sinni á náungann, sem þeir hefðu ekki getað móti stadið. — Það mundi verða til þess að mannfélagið færi alt um koll. — Því þótt eg hafi orðið að kenna á því, að vilji minn hefir orðið að bráðna eins og vax fyrir áhrifum annars, verða alveg máttlaus og að engu, þá finn eg og veit, að það er alt mér að kenna. Væri sál mín hreinni og vilji minn til hins góða sterkari og harðnaðri í bardaganum, mundi eg ekki auðveldlega láta undan fyrir einhverju, sem eg veit ekki hvað er — sem eg ekki einu sinni get hugtekið með heilbrigðri skynsemi.

Hún beygði sig yfir mig og eg fann hvernig augu hennar leituðu eftir insta edli mínu, sjálfstæði mínu og öllum andlegum krafti mínum; eg fann það, þótt eg gæti þá ekki gert mér grein fyrir því. Eg hallaðist aftur í stólinn og horfði á hana. Ljósbertuna bar á rúbins-hjartað á brjósti hennar og mér fanst sem blóð rynni úr því. — — Var eg sofandi? — — Eg sá að eins geislann í augum hennar — — og þó sé eg nú fullgreinilega, að brjóst hennar var blóði drifð og man hversu mig hrylti við því. Það sem á eftir fór man eg ekki betur en væri draumur, þar sem sannleikur og óveruleiki renna saman. Hún hneig ofan á hnéð á mér — eg fann hennar mjúklega líkama í faðmi mínum og fann, að hún vafði handleggjunum utan um mig svo fast, að eg ætlaði varla að geta náð andanum, og enn þá fann eg, hvernig hún þrýsti vörunum að hálsi mér með löngum titrandi kossi. Það var eins og eg bráðnaði upp og vissi varla af mér, og tími og rúm yrði að engu. — — En svo þótti mér sem eg vaknaði við og kendi sárt til, og að hún hvíslaði í ákefð að mér: „Taktu burtu krossinn — krossinn — mér fellur hann illa — taktu hann burtu“.

Eg þóttist þá vita, að hún mundi eiga við krossmarkið, sem hékk við talnabaudið, sem eg bar á hálsinum — en þá var sem einhver innri

kraftur í mér risi upp á móti því, sem eg get með engu móti gert grein fyrir. Því sjálfur legg eg engan trúnað á dauða hluti, hvorki krossa né annað, og eg er svo sanu-lúterskur, að eg get ekki eignað krossinum yfirnáttúrlegan kraft, eins og rammkatólskt fólk gerir. En satt að segja veit eg ekki hvað til kom, að eg hlýddi henni ekki — en það var eins og því væri hvíslað að mér, að eg skyldi engan gaum gefa orðum hennar. Eg vaknaði eins og af móki, og það var því líkast sem eitthvert ósýnilegt band slitnaði af mér. Mér fanst hún þá spretta upp eins og fjöður, og horfa sem snöggvast framan í mig með hótunarsvip. Síðan rétti hún út handlegginn yfir höfuðið á mér, og lét hann síðan smámsaman síga niður og starði á mig á meðan. Jafnframt þokaðist hún fram að dyrunum, en eg stóð eftir sem steini lostinn og tók ekki eftir því, hvert hún fór, þótt mig langaði til að vita það.

Og síðan finst mér sem hún sé stöðugt í kringum mig, og þótt eg finni glögt til þess, hve eg er þreklaus og finni til hryllings, þegar eg hugsa til hennar, get eg þó ekki losað mig úr þeim böndum sem hún hefir vafið mig — þessum ósýnilegu þráðum, sem eg hefi orðið var við að spunnir hafa verið utan um mig síðan eg kom hingað — upphaflega örsmáir og léttir eins og kóngu-

lóarvefir, og síðan sterkari og sterkari, svo að við liggur, að þeir kyrki mig.

Eg hefi séð hana tvisvar sinnum síðan. Í annað skiftið í rökkrinu, eins og í fyrsta sinni þegar eg sá hana; þá stóð eg við gluggann í lessalnum og horfði út, en þegar eg leit við, sá eg að hún stóð að baki mér, og eg vissi ekki fyrri til, en hún hafði sveiflað handleggjunum utan um mig, og eg fann að hún þrýsti kossi á hálsinn á mér eins og fyrri. Hitt skiftið stóð hún, hvít og spengileg, undir miðjum lampanum í áttstrenda herberginu, þegar eg lauk upp dyrum mínum. Við horfðumst á, en eg var þá nógu styrkur til að snúa við og skella hurðinni í lás á milli okkar.

En vakandi og sofandi sveimar hún alt af fyrir hugaraugum mínum, og ef eg gegndi þeirri rödd, sem mér finst alt af tala til mín, mundi eg leita hana uppi um alla höllina.

Það er að eins ein þrá í mér, sem er sterkari; þráin að komast héðan í burtu þó það kosti líf mitt. En hvernig á eg að komast héðan?

Portið er alt af læst og aðrar útidyr þekki eg ekki. Greifinn hefir að vísu ekki gætur á mér, en samt veit eg fyrir víst, að hann mundi brátt komast að því, ef eg reyndi að flýja. Það er eins og hann veiti mér stöðugt athygli hróðugur og hæðandi — — hann hirðir nú varla um að draga dulur á það. Þegar hann

hefir talað við mig — því hann er alt af jafniðinn að temja sér enskuna, — og eg er svo utan við mig, að eg gleymi að svara honum, þá þagnar hann og lítur á mig með þeim svip, sem eg get að vísu ekki lýst, en skýtur mér skelk í bringu. Eg er nær því sannfærður um, að hann veit og skilur hvernig mér líður, og að honum þykir vænt um það.

Oft hljóma í eyrum mér orðin, sem hann sagði við mig fyrstu dagana, sem eg var hér, þegar hann var að tala um frænku sína, sem hann sagði vera brjálaða. Eg man hve lymskulega hann gaut þá augunum. Ætli eg sé flæktur í snöru? Er hún gedveik — eða hvað er hún? — Nei héðan verð eg að fara áður en eg geng af vitinu.

Hinn 21. Eg er ekki lengur í efa um það, — þessi höll er heimkynni illra anda, en ekki menskra manna með hjörtum og samvizkum.

Eg skal nú í fáum orðum gera grein fyrir því, sem eg hefi orðið vís.

Hvað eftir annað hefi eg rannsakað áttstrenda herbergið til þess að leita að útgangi þeim er eg var sannfærður um, að hlyti að vera þar, þótt mér tækist ekki að finna hann.

Í fyrri nótt, þegar greifinn var farinn, og eg þóttist vita að hann mundi sofnaður, réð eg af að gera eina tilraun enn.

Eg lauk upp dyrum á svefnherbergi mínu, kveikti á öllum ljósfærum og reyndi að rannsaka herbergið í krók og kring.

Eg þóttist vita, að leynidyrnar hlytu að vera beint á móti dyrunum á herbergi mínu. Það voru eiginlega ekki nema fjórir veggir á herberginu, sem dyr gátu verið á; því skáveggirnir í hornunum voru ekki nógu breiðir til þess að leynidyr gætu verið á þeim. Á tveimur veggjunum voru dyr, dyrnar að svefnherberginu og að borðsalnum; ein hliðin lá út að hallarveggnum, og gat því ekki verið nema um eina hlið að ræða. Eftir langa leit tók eg eftir þristrendu typpi á gólfinu. Eg steig á það með fætinum, og í sömu svipan lukust upp dyr í veggnum, alveg hljóðlaust, og nógu breiðar og háar til að ganga í gegnum.

Hér sá eg þá, hvernig á því stóð, hve skyndilega kerlingin hvarf í hvert skifti sem hún gekk út úr borðsalnum.

Eg lýsti með gætni inn í dyrnar, og sá eg þá inn í breiðan gang, sem eg þóttist vita, að hefði að deginum birtu úr glugga þar uppi; við endann á ganginum sá eg stiga sem lá niður.

Eg flýtti mér inn í herbergi mitt og sótti þangað eldspítur og marghleypu, kveikti á kertinu í járnbrautarljósberanum mínum og fór síðan á rannsóknarferð ofan stigann. Stiginn var hægur ofangöngu, og var auðséd, að

hann var tíðfarinn. Eg var nú með hressasta móti, og lá vel á mér yfir því, að eg hafði loks fundið þann útgang, sem eg hafði lengi leitað eftir. Eg fór því ofan stigann og fór nú sem gætilegast.

Alt í einu stóð eg við og varð hverft við það, að eg heyrði óm af einhverju hljóði, sem eg gat ekki gert mér grein fyrir. Mér heyrðist þessi ómur koma lengst neðan úr jörðinni. Eg komst þó brátt að því, að þetta mundi vera lúðrahljómur, og varð smásaman hlé á honum. Eg stóð grafkyrr og hlustaði.

Eg þóttist geta greint 12 lúðra eða básúnur.

Mér lá við að snúa aftur, svo hrylti mig við þessum tónum, og eg varð hræddur í fyrsta sinni á æfi minni.

Eg gat þó hert mig upp og hélt áfram ofan stigann.

Eg hafði verið svo varkár, að eg hafði tekið af mér skóna, sem eg var vanur að brúka, og látið á mig flókaskó. Heyrðist því ekki fremur til mín en flugu. Þegar eg var kominn svo langt niður sem svaraði hæð frá gólfi til lofts, varð hljóðið gleggra, og þóttist eg nú heyra óm af mannamáli, og virtust mér raddirnar mjög svo grimdarlegar; heyrði eg að margir töluðu í einu, eins og þegar börn lesa utanbókar í skóla, sem fylgir gömlu siðunum.

Nú fann eg einkennilega reykjarlykt, og

þegar eg tók lampann hærra, sá eg mjóar rákir af bláleitum reyk, sem lagði upp eftir stiganum.

Eg var nú orðinn svo forvitinn, að eg hugsaði ekkert um þá hættu, sem mér gat verið eða hlaut að vera búin, ef eg færi lengra. Eg vildi fyrir hvern mun fá að sjá hvað gerðist þar niðri.

Eg lagði nú á stað ofan í annan stiga og fór gætilega sem fyrr. Það var skrúfstigi og var höggvinn í berg, og þóttist eg vita af því, að nú væri eg kominn niður fyrir alla múra hallarinnar. Þessi stigi ætlaði aldrei að taka enda.

Loks sá eg glampa af eldi niðri í djúpinu, og þóx þá hljómurinn að neðan margfaldlega.

Eg slökti óðara ljósið og stóð grafkyrr í sömu sporum.

Eldsbirtuna lagði gegnum lágar dyr, sem voru neðst í stiganum, og sló birtunni á neðstu rimarnar og á reykinn, sem lá eins og þoka við stigann að neðan. Eg hélt enn lengra ofan stigann, og læddist með veggnum þeim megin sem birtan var minni. Loks komst eg að dyrunum, og með hálfum huga skygndist eg inn um þær.

Mér varð hughægra þegar eg sá, að dyrnar voru ekki í hvelfingu þeirri, sem eldsbirtan kom frá, heldur tóku þar við eins konar svalir og frá þeim lá rið niður í salinn, sem eldsbirtan kom frá og þar sem mannamálið var. Eg skreið

þangað og gat dulist þar á bak við grindurnar að framanverðu.

Þó eg verði tíræður, gleymi eg aldrei þeirri sjón er eg sá þá.

Þar niðri var stór hvelfdur kjallari og mjög lágt undir loft; héldu tveir digrir stólpar uppi þakinu. Mér virtust veggirnir ekki vera hlaðnir, heldur höggðir í bergið. Veggirnir voru kol svartir af reyk, sem lagt hefir af kindlum, sem loguðu þar niðri. Þaðan kom birtan, sem eg hafði áður séð glampa af, og reykurinn, sem lagði upp í stigann.

Þar niðri var fult af fólki, bæði karlar og konur; það hefði vel getað verið hálf tótt annað hundrað og var sitt í hvorum hóp.

Aldrei hefi eg séð andlit jafngreinilega mörkuð af þeim eiginleikum, sem vér köllum dýrlega og hneykslumst á, þegar þeir koma fram hjá manningnum, þótt vér álitum þá eðlilega hjá dýrunum. Mér fanst eg hálfþekkja andlitin, og gat eg ekki í fyrstu gert mér grein fyrir, hvar eg hefði séð þau, en eftir nánari íhugun varð mér það ljóst, að eg hafði séð sviplík andlit á ættarmyndum Draculitz greifa. Þegar eg fer að rifja upp, hvernig mér komu þau fyrir sjónir, man eg að mér þóttu þau fremur djöfulleg en dýrsleg.

Alt var fólkið bert ofan að miðju, og var það hryllileg sjón, að sjá þessa mógulu líkami,

sem vóru að allri vöðvagerð líkari öpum en mönnum. Mannlíkaminn er þó göfugasta verk náttúrunnar, þegar hann er í fullu samræmi, en hér fór saman svipur, vöxtur og limaburður og var það alt líkara dýrum en mönnum.

Það þóttist eg sjá, að hér færi fram einhverskonar trúarleg athöfn.

Eg fór nú að litast um, og sá eg þá andspænis mér eins konar altari, eða hvað eg á að kalla það; það var stór svartur steinn og upp úr honum var steinstöpull úr svörtum marmara. Á veggnum á bak við þennan steinstöpul, sem virtist eiga að vera í stað krossmarks þess, sem víða er haft á ölturum í kirkjum, sá eg að málað var viðbjóðslegt og hrædilegt andlit, mjög stórskorið, en í kringum það vóru málaðir eldslogar á svörtum grunni.

Fyrir framan var stórt marmaraprep, og þar sá eg að sátu sex dólgar, og voru þeir líkari öpum en mönnum. Þeir húktu á hækjum sínum og störfðu á vegginn hinum megin. Eg sá að þeir höfðu í margföldum mæli til að bera þá illu eiginleika, sem bersýnilegir vóru á svip hins fólksins. Ennin vóru flöt, og varla þumlungs breið, og hrukkótt; þeir vóru strihærðir og höfuðstórir, svíradigrir sem naut og afarherðabreiðir. Þeir vóru allir berir og búkarnir mögulir og vaxnir býsna miklu hári.

Mig hrylti við að sjá þessa sýn, og þóttist

eg þegar skilja, að það mundi hafa verið einn af þessu illþýði sem réðst á mig í dimma stig-
anum og varð mér yfirsterkari.

Nú hófst samkynja söngur og eg hafði heyrt, þegar eg fór ofan stigann. Öll kjallarahvelfing-
in bergmálaði af hinum sömu skelfingartónum. Ef lúðrar þeir sem Ísraelsprestar höfðu, þegar þeir fóru kringum Jerikó, hafa verið líkir þess-
um hljóðfærum, furða eg mig ekki á því, þótt borgarmúrarnir hryndu. Mér fanst bergið hrist-
ast, og lá við að eg félli í ómegin.

Alt í einu sá eg stórvaxinn gamlan mann; hann var hvítur fyrir hærnum og gráskeggjaður og í rauðum fótisíðum kufli, en með beran háls og handleggji.

Það var greifinn.

Þegar hann gekk fram fyrir söfnuðinn, hneigðu allir sig svo djúpt sem axið á akrinum, þegar kastvindur þýtur yfir.

Hann gekk fyrir altarið.

Eftir ýmsar seremóníur, sem vóru þess eðlis, að þeim verður ekki lýst, sá eg hvar þeir sex menn, ef menn skyldi kalla, komu og báru tveir og tveir milli sín þrjár ungar stúlkur, sem vóru með hendur á bakinu. Þær vóru allar berar að kalla, vel vaxnar og yadisleg-
ar, og þær hefðu víst verið fyrirtaksfríðar, ef þær hefðu ekki verið afmyndaðar af skelfingu.

Síðan kom hópur af mönnum, sem vóru svip-

líkir þeim sem fyrir voru; þeir báru trumbur mjög fornlegar að útliti, með undarlegu hljóði, sem var líkast þrumuhljóði.

Loks komu fjórir menn, sem voru ólíkir öllum hinum; þeir báru lúðra, sem voru nálega mannhæð á lengd og voru úr glöfögrum kopar; þóttist eg nú skilja, að þaðan hefði komið sá lúðrahljómur, sem eg hafði heyrt.

Nú gekk allur söfnuðurinn að altarinu; en hinn rauðklæddi öldungur, sem eg gat ekki betur séð en væri greifinn sjálfur, gekk fram og las formála nokkurn. Lúðramennirnir hófu þá söng sinn af nýju, og í sömu svipan sá eg að einn af ómennum þeim, sem höfðu kvenbandingjann í milli sín, tók hana og slengdi henni endilangri upp á altarið, en hún brauzt um eins og hún væri að berjast við dauðann.

Eftir stundarkorn kom öldungurinn rauðklæddi og beygði sig yfir stúlkuna. Hann horfði hvast í augu henni. Eg sá að svipur hennar breyttist skjótt; hræðslan virtist smámsaman hverfa, og dauðbleikar kinnar hennar fengu smámsaman eðlilegan roða. Það var eins og hún yrði máttlaus um leið; varirnar lukust upp með munadarbrossi; hún hálflokaði augunum og hallaði höfðinu aftur á bak, breiddi út faðminn og virtist í sama bili vera meðvitundarlaus. —

Þá benti öldungurinn einum af þessum mannhundum, sem kraup við altarið, og í sama bili

stökk hann eins og óargadýr á stúlkuna. Eg gat naumast varist að hljóða upp yfir mig.

Eg sá hvernig hann beit hana á hálsinn og virtist sjúga úr henni blóðið. Hún barðist um stundarkorn, en það skifti engum togum. Hún var dauð.

Þá kváðu aftur við lúðrarnir, en líkið lá á blótstallanum.

Það var eins og söfnuðurinn yrði ærður, þegar hann sá blóðið renna úr sárinu. Öldungurinn gekk að fórninni, dýfði höndum í blóðið og stökkti því alt í kringum sig.

Eg hafði séð svo mikið, að mig langaði ekki til að dvelja lengur í fylgsni mínu. Eg gat með naumindum staðið upp. Fæturnir gátu varla borið mig, en þó tókst mér með herkjum að komast upp stigann. Eg kveikti á ljóskerinu, þegar eg var kominn upp úr stiganum; mér tókst að lúka upp hurðinni og lét hana vandlega á eftir mér. Á leiðinni heyrði eg hinn vöðalega hljóm að neðan.

Eg var máttlaus eins og eg væri nýstaðinn upp úr langri legu og titrandi af hræðslu fleygði eg mér í rúmið.

Það er ekki tilbúningur guðfræðinganna, að helvíti sé til, því það er hér á jörðu. Eg hef sjálfur staðið á barmi þess og séð djöflana að verki sínu.

Í annað sinn verður mér ef til vill fórnað.

— Nú eru liðnir tveir dagar síðan, en eg hefi ekki haft kjark til að rannsaka, hvort eg geti komist út þar sem leynistiginn er.

Alt er í sömu skordum og áður. Greifinn situr hjá mér á kvöldin og er ljúfmenskan sjálf í orðum og viðmóti. Frammi fyrir mér liggur á borðinu nýjasta heimilaskrá Lundúna; og hér eru alls konar bækur, sem skýra frá framförum níttjándu aldarinnar.

En hér undir niðri, undir þessari höll, tíðkast hin hræðilegustu mannblót, enn voðalegri en nokkrar sögur fara af.

Hinn 25. Eg hefi ekki getað á heilum mér tekið eftir það sem eg hefi séð hér og heyrt. — —

Eg held mér skjátlist ekki þó eg segi, að mér sýnist greifinn verða ískyggilegri með hverjum degi. Hann er að vísu ljúfmenskan sjálf, þegar hann talar við mig, en einhver háðblær er á orðum hans og þau eru að verða meira og meira tvíræð, og þegar mér hefir stundum orðið að horfa í augu hans, hefir tillit hans skotið mér skelk í bringu.

Síðan eg skrifaði húsbónda mínum og unnustu minni, að eg yrði að dvelja hér nokkrar vikur, hefi eg ekkert bréf fengið frá honum og þegar eg hefi kvartað um það, að engin póstbréf kæmu hingað, hefir hann sagt:

„Hvað hefi eg saman að sælda við umheiminn, gamall einstæðingur?“ sagði hann. „Hver ætli skrifi mér og hverjum ætti eg að skrifa? Hér er strjálbyggt uppi í fjöllunum, og vatnsflóð hafa nú brotið margar brýr og gert samgöngurnar örðugar. Þér verðið að afsaka það, ungi vinur minn, þó samgöngur vorar og ýms tilhögun hjá oss, sem við gerum okkur ánægða með, sé ófullkomnari en í miðpunkti heimsmenningarinnar. Eg vona þó að samgöngurnar batni, þegar leysingarnar minka“.

Eg sá að þetta var sennilega talað, og af því eg hafði skrifað Vilmu, að póstgöngur væru hér mjög ófullkomnar, þóttist eg vita, að hún mundi ekki undrast um mig, eða verða óróleg þó hún fengi ekki bréf frá mér.

En sjálfum er mér ekki rótt; það veit guð.

— Tveimur dögum eftir það, er greifinn hafði verið að segja mér frá samgönguleysinu, fann eg í bóksafni hans fimm eða sex tölublöð af nýjum blöðum, enskum og frönskum, þar á meðal eitt tölublað af „Times“, sem voru miklu yngri en þau blöð, sem greifinn hafði áður sýnt mér. Mér fór þá að detta margt í hug um það, að póstgöngurnar mundu alls ekki vera svo ótíðar, sem greifinn hafði sagt mér. Eg hefi líka heyrt það á honum, að hann er nákunnugur ýmsum pólitískum viðburðum, sem eru alveg nýlega um garð gengnir. Hann kvaðst

hafa frétt um þá hjá kunningjum sínum í nágrenninu — en kynlegt er það, að þessir nágrennar hans eru svo fréttافرóðir, ef vatnsflóð og aðrar hindranir náttúrunnar tálma pósthferðunum hingað.

Svo er annað fleira.

Fyrir nokkrum dögum gleymdi eg úrinu mínu í lessalnum, þegar eg skildi við greifann og fór að háttu. Eg fór aftur á fætur, og tók ljósið með mér. Úrið lá á borðinu og höfðu lausbréf lagzt ofan á það. Þegar eg færði þau til, sá eg tvö eða þrjú innsigluð bréf og hafði greifinn skrifað utan á þau. Eg las áritanir bréfa, og varð hverft við, er eg sá að þessi bréf vóru til manna, sem kunnir eru um alla Evrópu fyrir afskifti sín í stjórnmálum, félagsmálum og menningarmálum.

Mig langaði til að rífa upp eitthvert af þessum bréfum, en eg þorði þó ekki að gera það.

Þegar eg lagði bréfin aftur á borðið, sá eg þar lágu líka ólokuð bréf, sem greifinn hafði verið að lesa, og datt ofan yfir mig, er eg sá, að þessi bréf vóru ekki nema þriggja daga gömul.

Þá var engin ástæða að kvarta um tregar pósthgöngur. Af hverju hefir greifinn ekki viljað segja mér satt um það?

Nú hikaði eg ekki við að lesa bréfið sem næst mér lá. Það var á frönsku, og undir því stóð nafn alkunnugs manns.

Bréfritarinn þakkaði fyrir afarmikla peninga-sendingu, sem hann hafði fengið með heiðruðu bréfi greifans frá 16. maí — í vikunni sem leið — og kvaðst hann hafa lokið þeim erindum, sem honum hefðu verið á hendur falin í bréf-inu. Eftir ýmsar torskildar klausur, þar sem nokkrir menn voru nefndir að eins með upp-hafsstöfum þeirra, kom niðurlag bréfsins, og hljóðaði á þessa leið:

„Alt er búið undir hina stóru byltingu með óþreytandi elju. Málefni vort fær nýja fylgis-menn með hverjum degi. Þeir sem eru „út-valdir“ af mannkyninu hafa fulllengi stunið undir óþolandi kúgun þröngsýns og svívirði-legs meiri hluta. Við erum vaxnir upp úr þessum þræla-siðareglum, og náum brátt þeim þroska, að vér getum boðað frelsisboðskapinn.

Heimurinn á að lúta hinum sterku“.

Þetta er orðtak greifans, sem hann er sífellt að stagast á.

Bréfsefnið hafði þó ekki mest áhrif á mig, né heldur hið alkunna mannsnafn, sem undir því stóð — heldur það, að eg þóttist nú sjá, að greifinn hafði stöðugt fengið bréf og skrifað bréf síðan eg kom hingað.

Eg ætlaði að fara að lesa fleiri bréf, og rak þá augun í nafn mjög alkunnugs Englendingss — en þá fann eg glögt, að eg varð að fara, því eg fann að *hún* var á leiðinni til mín. Eg

hljóp út, og tvílæsti svefnherbergishurðinni á eftir mér. — — —

Mér finst sem mér sé borgið, ef eg loka að mér þessari hurð. — — —

Það var nokkrum dögum síðar, að það atvik kom fyrir mig, sem sýndi mér að eg er hér í mestu lífshættu.

Eg sat og skrifaði í lessal greifans, eins og eg hef oft gert. Hann kom inn og heilsaði mér, og færði mér þá gleðifregn, að hann gæti nú sent mann til Bistritz, og skyldi eg nú skrifa heim, ef eg vildi.

Þó eg tryði honum ekki, lét eg í ljós gleði mína yfir þessu, og stóð upp til þess að fá mér pappír og ritfæri. Greifinn sagði þá hvatskeytlega:

„Hér er alt sem þér þurfið á að halda, vinur“, sagði greifinn — „tíminn er heldur naumur“, sagði hann og lauk upp skúffu og fékk mér pappír og ritfæri. Síðan sagði hann með miklum einlægnissvip:

„Póstgöngurnar hér eru seinar og óvissar, og því væri bezt fyrir yður að skrifa þrjú bréf og með þrem dagsetningum. Eg skal biðja póstmeistarann að sjá um að þessi bréf komist til skila í tæka tíð, svo vinir yðar fái að vita hvenær yðar er von“. — Hann sá það á mér, að eg skyldi ekkert í þessari tillögu hans. — „Jú“, sagði hann, „skrifið í fyrsta bréfið, að þér hafið þegar lokið störfum yðar hér og að þér

munið koma heim eftir fáa daga, — skrifið í annað bréfið, að þér farið næsta dag og í þriðja bréfið, já — látum okkur nú sjá — já skrifið þér í það, að þér séuð á leið til Bistritz“. — —

Eg starði á hann, og varð orðfall af undrun, en þá leit hann á mig með þeim svip, að eg þorði ekki að stynja upp nokkuru orði.

Það dugar ekki að mæla á móti því sem hann vill vera láta, en eg er hræddur um, að hann gruni, að eg viti of mikið — og þá sleppir hann mér ekki héðan lifandi.

Eg stundi upp nokkurum orðum í þá átt, að eg mundi gera eftir því sem hann segði fyrir, en spurði þó hvenær eg ætti að dagsetja bréfin.

Fyrsta bréfið 12. júní, annað bréfið 19. júní og þriðja bréfið 22. júní.

Mér fanst sem eg væri dæmdur til dauða, en skrifaði þó eins og hann mælti fyrir.

Hinn 29. Dálítið hefir komið fyrir, sem ef til vill getur orðið mér að liði. Sú gratþögn, sem hér hefir verið síðan eg kom hingað, var rofin í gær. Þegar eg kom inn í borðsalinn, sá eg að Tatara-hópur var í hallargarðinum.

Þessi flokkupjód er mjög fjölmenn í Ungarn og Sjöbyrgi (Siebenburgen); skiftir þar mörgum þúsundum. Þeir standa að sumu leyti utan við landslögin og eru þar fastheldnari á afgömlum síðum sínum og venjum en annarstað-

ar í Evrópu. Þó telja þeir stundum einhvern völdugan aðalsmann verndara sinn, taka upp ætt nafn hans og álíta sig sem lenda menn hans. Þeir eru viltir, bugaðir og samvizkulausir, og hafa engin eiginleg trúarbrögð, svo menn viti, en eru þó mjög hjátrúarfullir.

Mér kom til hugar, að eg kynni að geta sent bréf með þessu fólki. Eg heilsaði þeim og talaði til þeirra út um gluggana til að komast í kynni við þá; þeir tóku ofan fyrir mér með mikilli lotningu, en þeir skildu mig ekki fremur en eg þá. Eg hafði lokið við bréfin. Eg skrifaði að eins fáeinar línur til húsbónda míns, og bað hann að tala við Vilmu, því hún gæti sagt honum það sem hann fýsti að vita. Henni skrifaði eg langt og greinilegt bréf, og sagði henni allt sem var um hagi mína. Það bréf skrifaði eg með hraðskrift, svo að það yrði síður lesið. Eg sagði henni að greifinn mundi vera eitthvað brjáláður, og ein af hans meinlokum væri sú, að hann þyrfti að halda mér svo lengi hér, en vistin væri mér hér óþolandi; eg fór því fram á það, að húsbóndi minn gerði gangskör að því að ná mér héðan fyrir aðstoð brezka sendiherrans í Vín og brezka konsúlsins í Buda-Pest, og lét í ljós bezta traust mitt á ensku stjórninni, sem jafnan gerir sér far um að vernda þegna sína.

Mér hefir nú tekist að fá Töturum bréfin. Eg fleygði þeim út um gluggann og tveimur gullpeningum. Einn af Töturunum tók það upp, hneigði sig djúpt, lagði bréfið á brjóst sér og benti til vesturs; hann skildi mig auðsjáanlega. Meira gat eg ekki gert. Eg fór aftur inn í lessalinn og bið þar greifans — —

Hinn 31. Þegar eg var að skrifa síðustu orðin hér á undan kom greifinn. Hann heilsaði mér með venjulegri kurteisi, sem kemur ónotalega fyrir sjónir, af því eg veit hvað undir býr; síðan settist eg við bordið öðrum megin. Eg mintist nú eitthvað á hina óvanalegu gesti í hallargarðinum, og bætti þar við meiningarlausu gaspri um það, hve merkilegt fólk Tatarar væru.

„Þeir eru gott fólk. Betur að þeir væru fleiri en þeir eru. Þá færi margt öðruvísi en fer. Þeir hafa öldum saman geymt trúlega marga fjársjóðu hinna huldu fræða, sem annars hefðu gleymst. Í fyllingu tímans mun trúfesti þeirra ekki verða ólaunuð“.

Eg vissi ekki hverju eg ætti að svara þessu — því aldrei hefir „rökkurfólkið“ verið talin nein fyrirmynd í breytni sinni í vestur-Evrópu, og fræði þeirra telja menn einkisverð og örgustu hjátrú — en greifinn tók af mér ómak-
ið og tók til máls:

„Höfðingi Tatara fékk mér þessi bréf, sem eg áleit mig auðvitað skyldan að taka við, þó þau séu ekki til mín og eg viti ekki frá hverjum þau eru. Hvað er þetta?“ segir hann og brýtur upp annað bréfið, „er þetta frá yður, kæri Harker, og til okkar góða vinar Péturs Hawkins? En hitt bréfið“, — hann braut það líka upp og varð svartur sem sótt þegar hann sá þessa einkennilegu skrift, sem hann gat ekki lesið, og leit reiðilega á mig — „það er ómerkilegt, nafnlaust bréf, sem smánar trúnað og gestrisni, en af því það er nafnlaust, þá kemur það hvorugum okkar við“.

Hann kveikti í bréfinu við ljósið og fleygði því síðan í ofninn. Síðan sagði hann:

„Bréfið til Hawkins, — það skal eg auðvitað sjá um, af því eg sé að þér hafið skrifað undir það. Bréfin frá yður, kæri vin, eru mér heilög, og þér ættuð að vita, að þau eru bezt komin hjá mér. Eg bið yður margsinnis afsökunar á því, að eg braut það upp. Þér gerið svo vel að skrifa aftur utan á það“. Hann rétti mér umslag og hneigði sig kurteislega fyrir mer.

Eg sá mér ekki annað fært en að skrifa aftur utan á bréfið og fá honum það, og gekk hann síðan í burtu. Þegar eg nokkrum augnablikum síðar ætlaði að fara inn í herbergi mitt, fann eg að dyrnar á borðsalnum voru lokaðar að utanverðu. Mér varð mjög hverft við þetta,

og eg sneri því aftur að skrifborðinu og reyndi að stilla mig sem bezt eg gat. Eg ætlaði að halda áfram að skrifa en gat það ekki; fór eg svo að ganga um gólf, en eg hafði enga stillingu til þess. Loks fleygði eg mér upp í sófann og eg hlýt að hafa sofnað þar, því eg vaknaði við það, að greifinn kom inn aftur og var að sjá í bezta skapi. Þegar hann tók eftir því, að eg hafði sofnað, sagði hann mjög vingjarnlega: „Æ, góði vinur, þér eruð þreyttur, þér þurfið að fara að háttu. Sængin er beztu vinurinn. Eg get því miður ekki gert mér það til ánægju, að hafa yður hjá mér í kveld, því eg hefi svo mikið að gera. Góða nótt og sofið þér vel“.

Eg bauð honum aftur góða nótt og sá eg þá á honum háðsvipinn; gekk eg síðan inn í svefnherbergi mitt og sofnaði óðara en eg lagði höfuðið á koddann. Örvæntingin getur fundið sér hvíld.

3. júní. Nú hefi eg orðið var við nýjar vélar, sem boða mér alt hið versta.

Þegar eg í dag fór að skoða í ferðatösku mína til að leita þar að bréfsefnum, ef eg kynni að fá færi til að koma bréfi frá mér, sé eg að allur pappírinn er horfinn, og alt það sem eg hefi skrifað, nema þessi eina bók, sem eg hefi venjulega borið á mér, vegabréf mitt, meðmælisbréf mitt, öll minnisblöð mín um alt sem eg þarf að vita á ferðinni, svo sem um lestátíma,

hótel o. s. frv., það er alt farið. Mér verður þá örðugt að fara heim aftur. — En peningar og verðmætir munir vóru ósnertir og alt annað þar sem það átti að vera.

Mér fór nú að detta margt í hug og hljóp eg því að skápnun, sem ferðaföt mín hengu í og eg hafði ekki lokið upp í marga daga.

Þar var alt farið — og ekki svo mikið sem regnhlífir var eftir.

Eg stóð eins og þrumulostinn. Hvernig hefir þetta orðið, og hver er tilgangurinn? Mér datt fyrst í hug, að flýta mér til greifans, kæra fyrir honum stuldinn og biðja hann að gera tafarlaust ráðstafanir til ná í þjófinn, en þegar eg fór að hugsa betur um það, áleit eg ráðlegast að gera það ekki.

Engin mun ganga um þessi herbergi án vilja greifans og vitundar; ekki einu sinni mundu Tatararnir þora að drýgja svo ósvífinn þjófnað fyrir augum húsbóndans svo að segja. Gömlu blindu kerlinguna gruna eg ekki; hvorki hún né Tatarar mundu hafa neitt við það að gera, því fremur sem annað verðmætara já fyrir þeim. Ferðaveski mitt hefir að geyma dýra muni úr silfri og krystalli, í vasabók minni liggur enn álitlegurbunki af austurrískum seðlum, og dýrindis vindlahylki liggur rétt hjá pappírnum, sem stolið hefir verið. Þetta hefir alt verið látið óhreyft, og má ráða af því, að það hefir ekki

verið neinn þjófur, eins og þeir gerast venjulega, sem stolið hefir úr töskunni, heldur hefir það verið einhver, sem hefir viljað ná í meðmælisbréf mitt og önnur gögn, sem eg hafði á ferðinni, en alls ekki kært sig um peninga eða verðmæta hluti.

Eg réði af að láta sem ekkert hefði í skorist. En í hvaða tilgangi hefir þessu verið stolið?

Eg er varla í efa um það, þetta hefir enginn aunar gert en greifinn. En það er þó lítt skiljanlegt, hvað hann ætti að gera með vegabréf mitt eða meðmælisbréf, þó hann færi til Englands, því það gæti hann hvorttveggja fengið undir sínu nafni.

Tilgangurinn getur enginn verið annar en sá, að láta mig ekki komast heim aftur, eða hindra það að eg geti flúið héðan.

Það verður erfitt fyrir mig að komast þvert yfir Evrópu vegabréfslaut og í hversdagsfötunum mínum, þótt mér auðnaðist að komast héðan, án þess að verða álitinn flóttamaður eða landshornamaður. — — —

Hinn 6. Drottinn má vita, hvað hér er hafst að. Í þessum hluta hallarinnar, sem eg bý í sem fangi, er sífeld grafþögn; aldrei heyrst minsta skóhljóð í göngum hallarinnar og engin rödd vekur bergmálið í hinum gömlu hvelvingum. En frá hallargarðinum dynja harðar og

óþýðar raddir Tatara, og eldar þeirra brenna þar fram á nætur; eg heyri eins og glamur af rekum og járnköllum, sem mér virðist koma úr kjallaranum. Eg hefi int í þá átt við greifann, hvað hér væri um að vera, en hann hefir svarað mér út í hött.

Eg hefi séð í Tatarahópnum nokkra menn af öðru kyui, hina sömu sem eg hefi áður séð í kjallaranum, menn sem líkari eru öpum en mönnum. Svo er að sjá sem Töturum semji við þá. Tatararnir eru laglegasta fólk og kvenfólkið sumt er frítt. Mér er næst að halda, að Draculitz-ættin muni eiga kyn sitt að rekja til beggja þessara flokka.

Hinn 8. Í morgun vaknaði eg um dagmálabil við einhverjar dunur úti fyrir. Eg rauk á fætur og flýtti mér út í borðsalinn. Þegar eg leit út um gluggann, sá eg hvað um var að vera. Úti fyrir sá eg fjóra stóra flutningsvagna, eins og bændur hafa hér í landi, og vóru þeir komnir inn í hallargarðinn. Þeir vóru hlaðnir stórum kössum, sem reknir vóru saman úr heilum borðum, og tóku Tatararnir þá af vögnunum og röðuðu þeim niður í hallargarðinum. Eg þóttist sjá að þeir væru tómir.

Fyrir hverjum vagni gengu sex sterklegir hestar, og ökumenn vóru í þjóðbúningi Slovaka, sem er alla vega litur. Þeir báru bardastóra

flókahatta, höfðu háa skó og vóru í saudhédnum með langa stafi í höndum.

Þeir stóðu afsíðis, og sá eg á svip þeirra, að þeir undruðust mjög höllina og hina háu turna hennar.

Eg varð feginn komu þessara manna, og hélt að forsjónin hefði sent þá til að gera mér að minsta kosti lítinn greiða. Eg hljóp sem fætur togðu ofan stigann, og þóttist nú vera viss um, að hliðið á hallargarðinum væri opið, en það var rammlega læst eins og vant var. Eg flýtti mér því aftur upp að glugganum, og sá eg að Slovakar voru kyrrir í garðinum; eg benti þeim að koma nær og reyndi að láta þá vita að eg vildi tala við þá. Eg ætlaði að reyna að koma á þá bréfi, sem eg ætlaði að skrifa samstundis í lessalnum. Þeir horfðu fyrst á mig, fóru svo að bera ráð sín saman og spurðu síðast Tatarana að einhverju. Sami maðurinn, sem tekið hafði við bréfi mínu fyrr, gekk þá til þeirra og sagði eitthvað við þá, svo þeir fóru allir að hlæja. Eftir það tókst mér það ekki að fá þá til viðtals, hvornig sem eg reyndi að kalla og benda þeim; þeir létust ekki einu sinni heyra til mín og sneru sér undan.

Þegar vagnarnir voru orðnir lausir, sá eg að maður sá, sem virtist vera höfðingi Tataranna, fékk bændunum peninga, og tóku þeir þá hesta sína og fóru á burt. Þegar eg varð þess viss, að

það mundi verða árangurslaust fyrir mig, hætti eg að gera frekari tilraunir.

Hinn 10. Vistin hér verður æ ískyggilegri.

Við greifinn sátum saman að kveldinu og vorum að tala um pólitískar fréttir utan úr heiminum, sem komnar voru í nýjum blöðum, sem höfðu komið um daginn (þó hafði eg ekkert bréf fengið). Greifinn kann góða grein á öllum viðburðum, sem að stjórnámum lúta, en ekki get eg ímyndað mér, hvaða stjórnámálflokki hann fylgir. Hann virðist vera mjög frjálsslyndur í sumum greinum, jafnvel hreinn og beinn byltingamaður; í öðrum greinum eru skoðanir hans svo afganglar og úreldar, að það er líkast sem hann sé langt fyrir neðan alla aðra afturhaldsmenn. Hann hugsar mikið um sósíalista og anarkista, og hefir hann oft látið í ljós undarlegar skoðanir um báða þá flokka.

„Það er tilvalið fólk, dugandi fólk“, sagði hann fyrir skömmu, þegar okkur varð tilrætt um eitt uppbot stjórnleysingja, sem allur hinn mentaði heimur hafði látið mjög illa yfir og lýst yfir andstygd sinni. Hann neri saman lófunum og eldur brann úr augum hans.

„Eg veit ekki hvað þér eigið við, herra greifi“, sagði eg. „Vald múgsins getur aldrei verið yður að skapi“.

„Múgurinn, þessi sauðsvarta alþýða, fær

aldrei nein völd“, sagði hann, „og verður aldrei annað en verkfæri í höndum hinna sterku, sem drotna með lýðnum og yfir lýðnum. En fæstir skilja vísdóm þann, er fólgin er í þessum sannleika. Æ, þið Englendingar stærið ykkur af stjórnfrelsi yðar og framförum, sem þið kallið, en það eru að eins tveir eða þrír menn meðal yðar, sem fyllilega skilja hvað framfarir eru og vita, að skrifrelsi yðar er versti fjandi framfaranna“. — — —

Á þessa leið hefi eg oft heyrt hann tala, og hefir það vakið athygli mína, þó eg hafi ekki getað gert mér grein fyrir því, hver mergurinn væri málsins — því þegar eg hefi int lengra í þá átt, hefir hann æfinlega farið undan í flæmingi og svarað mér út í hött, svo að eg hefi verið engu nær en áður.

Við sátum lengi saman, og að skilnaði bauð hann mér góða nótt. Eg átti mjög erfitt með að sofa og fór á fætur í afturelding, lauk upp glugganum og reyndi að lesa mig í svefn.

Um morguninn var hér þoka uppi í fjöllumum, og sá eg því ekki ofan í dalinn fyrir neðan. Sólin roðaði turnatoppa á höllinni, en þokan lá eins og þunn slæða á veggjunum þar fyrir neðan og varð því þéttari er neðar dró. Eg fór að virða þetta fyrir mér, og varð þá aftur fyrir mér sama sjónin, sem eg sá þar nóttina sem unga stúlkan mun hafa verið myrt

þar. Eg gat þó ekki greint þetta ferliki í þokunni, né séð glögglega veggjarbrúnina, sem gengið var eftir.

Litlu síðar sá eg annan koma á veggjarbrúnni. Hann var sýnu minni, og sá eg þegar nær kom, að það var maður, sem fetaði sig áfram hægt og hægt á stéttinni, þar sem hengiflugið var undir.

Eg færði mig undan glugganum og reyndi að gæta betur að honum.

Maðurinn var í ferðafötunum mínum, og var að öðru leyti, að mér sýndist, svo nauðalíkur mér á vöxt og hæð og manngildi alt, að mér var sem eg sæi minn eiginn feigðarsvip. Hann var niðurlátur, og gat eg því ekki glögt séð framan í hann, en eg sá að hann var ungur og dökkur á brún og brá, og að hann væri einhuga og taugasterkur, gat eg séð af því, að hann fór þetta hættulega einstigi.

Eg horfði á eftir honum þangað til eg sá að hann skreið inn um glugga á höllinni við vestra turninn.

Eg þykist nú sjá, að þeir sem hafa stolið frá mér fötunum muni hafa ætlað sér eitthvað með þau, og eg er að velta því fyrir mér, hvað það geti verið. Það er auðséð, að það hefir átt að varna mér að komast brott héðan, en það hlýtur fleira að búa undir. Þessi maður, sem klæddur er í föt mín, á að líkindum að koma í minn stað,

eða eg að koma í hans stað, til þess að villa sjónir. Síðan verður látið svo sem eg hafi verið staddur á öðrum stað en eg er á, á þeim eða þeim tíma. Veggjarstéttin, sem naumast er álnar breið, hlýtur að liggja að riði, þar sem ganga megi ofan hallarvegginn. Á þann hátt má því komast frá höllinni að baki hennar og fara heim í hana aftur, þó allar dyr séu lokaðar og vindubrúin dregin upp.

Eg get nú skilið, af hverju greifinn hefir ekki viljað hafa gluggana opna eftir dagsetur. Hann hefir ekki viljað eiga undir því, að eg yrði margs vísari um háttu hans. Hefði eg hlýtt honum, hefði eg ekki heldur haft neina vitneskju um neitt af þessu.

Það sem eg hefi nú komist á snodir um er fremur iskyggilegt fyrir mig — því ekki er að vita hvaða glæpir mér kunna að verða kendir, þegar einhver annar hefir tekið á sig gervi mitt.

Ef greifanum kynni nú að detta í hug, að láta mig hverfa skyndilega — og mig grunar, að eg hafi séð og heyrt alt of mikið til þess að hann vilji sleppa mér héðan lifandi — þá hefir hann með þessu móti fundið ráð til þess að verja sig gegn hvers konar grun og ákærum.

Segjum nú svo, að Hawkins eða Vilma létu utanríkisstjórnina og sendiherrann í Vín gera rannsóknir, eða segjum svo, að menn yrðu sendir hingað til rannsókna. Hver yrði þá niðurstaðan?

Það kæmi þá upp úr kafinu, að ungur Eng-
lendingur, um þrjár álnir á hæð, mjög dökkur
á yfirlit og klæddur í gráleit ferðaföt, hefði ver-
ið hér á ferð fyrstu dagana í maí og farið með
vagni til Borgoskarðsins, en þangað hafði greif-
inn látið sækja hann. Bréf sem síðar hefðu
komið frá Tómas Harker sýndu, að hann hefði
komið til hallarinnar og fengið þar beztu við-
tökur. Greifinn kveður það satt vera. Nokkuru
síðar skrifar Harker, að hann hafi ráðið að
leggja á stað tiltekinn dag, og loks skrifar
hann frá Bistritz, að hann sé kominn á stað —
og síðan hefir ekki frézt af honum. Greifinn
veit ekki neitt. Rannsóknir í sveitinni í nánd
við höllina leiða í ljós, að Harker hefir sézt.
Svo veit enginn neitt framar.

Eina ráðið fyrir mig er að flýja, en það eru
lítlar líkur til að mér takist það. — —

Hinn 13. Eg sá hann aftur í nótt, rétt
fyrir sólaruppkomuna. Hann fór sömu leið
og áður. Þó gat eg ekki séð hvaðan hann
kom. Þegar eg hefi komist að því hvaðan hann
fer út, mun eg reyna að rannsaka turninn, þó
mér standi stuggur af því, að reika um hina
mörgu ganga í þessari höll.

Hinn 16. Loks hefi eg séð hann bæði
koma og fara. Eg hafði afráðið að vaka alla

nóttina, ef þess þyrfti, og sagði því greifanum, að eg væri óvanalega þreyttur af því eg hefði unnið venju fremur um daginn. Hann hafði ekkert á móti því, og við skildum þegar eg hafði lokið kveldverði og fór eg þá inn í herbergi mitt. Eg slókti svo ljósið og settist við gluggann, sem eg lauk alveg upp.

Eg þyrfti ekki lengi að biða, það var björt nótt og tunglsljós. Litlu eftir kl. 11 heyrði eg eitt-hvert þrusk, og þegar eg leit með gætni út fyrir, sá eg mann, sem skreið á veggjarstéttinni og virtist koma frá vestri turninum og hverfa í grend við eystri turninn. Síðan vafði eg á breiðunni utan um mig og beið.

Eg varð að biða lengi og sofnaði um síðir þar sem eg sat, en vaknaði í afturelding og þóttist ekki hafa varið vel nóttunni. Klukkan var þá nærri 5; það var orðið albjart. Eg taldi víst, að hann væri fyrir löngu kominn aftur. En í sömu svipan varð eg var við eitthvað á hreyfingu fyrir meðan mig. Eg þreif kíkinn minn. Já, þarna kom hann. — — En eg gat ekki einu sinni séð það með kikinum, hvornig hann fór að því að klífa upp snarbrattan múrinn. Það hlaut að vera fótffesta þar, höggvin spor í vegginn — en það þarf líka sterkar taugar og stílt skap til að geta farið þann veg. Já, það eru höggvin spor í vegginn, og þá hefi eg líka fundið veg fyrir mig að flýja héðan

— og það varðar mestu. Hann hvarf alt í einu við eystri turninn.

Hinn 17. Greifinn sagði mér í gær, að hann yrði að vera að heiman allan daginn, og eg hefi nú notað tækifærið, að rannsaka eystri turninn.

Eg varð að fara upp í myndasalinn, því allar aðrar leiðir eru lokaðar. Eg hefi ekki verið þar uppi líkamlega síðan eg fékk þar kossinn í glampanum af eldingunni — en eg hefi verið þar því oftár í huganum og ímynduninni — og því hefi eg með öllum mætti varist því að fara þar upp. Eg hefi fundið að þar átti hún heima, og að hún mundi geta yfirbugað mig.—

En eg hefi enn þá aldrei séð hana nema í rökkrinu eða á nóttunni. Eg hefi aldrei séð hana í albjörtu, né fundið þá eins til þeirrar þrár, sem hefir dregið mig til hennar.

Eg var því óhræddur að fara upp á loftið.

Sólin skein gegnum rykugar rúðurnar; myndirnar í salnum böðuðust í ljósi, en eg þorði ekki að líta á þær, því í sama bili sem eg lauk upp dyrunum, fanst mér eins og stóra myndin fyrir gaffinum reisa sig upp og breiða faðminn í móti mér. — — Eg flýtti mér gegnum salinn og önnur herbergi, sem öll voru skrautleg og í þeim stíl sem tíðkaðist á dögum Napóleons 1. Loks kom eg að vængjahurð, sem eg

þóttist vita, að vera mundi að turninum. Hún var ólæst, en skráin stírd af ryði.

Þegar eg kom inn sá eg kringlóttan turnsal og var í miðjum salnum stór skrautleg rekkja með himni yfir höfðalaginu. Efst í sængurhimninum var mynd af Amor með bogann, og loftið í herberginu var málað með skýjum eins og vorhiminn og gægðust fram leikandi amorínur að skýjabaki. Það var eins og maður væri í svefnherbergi gyðjunnar Venusar sjálfrar.

Eg gekk að rúminu og fór að aðgæta, hvort nokkur hefði sofð í því nýlega, en eg sá undir eins að þykt ryk lá á silkiábreiðunni og að mauravefir voru á rúmgáflinum. Það hlaut að vera fullur mannsaldur eða meira síðan sofð hafði verið í þessu rúmi. Og á hinum gula koddanum var dökkur blettur, en hann hafði einhvern tíma verið rauður sem blóð. Víst hefir einhver látið hér lífið, þegar þetta blóð rann af koddanum ofan á gólfíð, þar sem svartí bletturinn vitnar enn um löngu drýgðan glæp.

Enginn efi er á því, að hér hafi hinn afbrýðissami eiginmaður grimmilega hefnt sín á hinni fögru konu, sem hann hefir alveg haft á sínu valdi. „Enginn sá eða heyrði neitt; enginn þorði að spyrja að neinu. Hún lá dauð í rúminu; það var alt sem menn vissu; hún var færð í þau fót, sem hún ber á þessari mynd, og kistulögð. Hún hvílir í kapellunni, þar sem

flestir af ætt Draculitz hvíla, en eins og þér sjáið, vinur, er hún alt af jafnfalleg“ — — sagði greifinn við mig einu sinni.

Mér var sem eg heyrði rödd greifans, þegar hann sagði þetta, og mér kom til hugar það sem síðan hefir borið fyrir mig. — —

Eg hljóp út að glugga og lauk honum upp. Héðan ofan að jörðu eru mörg hundruð fet — og líklega hefir eftirlætisvinur greifsynjunnar farið út um þennan glugga.

Undir hallarglugganum tók við gljúfur með freyðandi fossi. Eg reyndi að stilla gedshræringar mínar, og gekk út að glugganum hinum megin, sem lá næst framhlið hallarinnar. Þaðan gat eg glögt séð þá leið, sem maðurinn hafði farið í nótt.

Eg hafði með mér kíkinn minn, og þegar eg teygði mig út, sá eg höggvin spor í vegginn sem varla var hægt að sjá með berum augum. Þar voru líka járnkrókar, sem auðséð var að ætlaðir voru til þess að halda sér við. Þenna veg mátti auðsjáanlega fara til þess að komast á stéttina á veggnum, sem eg hafði séð manninn feta eftir. Nú varð eg að reyna að finna ráð til þess að komast á þessa stétt frá þeim herbergjum, sem eg bý í, og eg vona að mér takist það með guðs hjálp.

Hinn 19. Guð má vita, hvort eg kemst héðan nokkurn tíma lifandi. Eg get ekki fært í letur það, sem ríkast er í grun mínum, en mér virðist sem eg hafi þessar undanfögnu vikur séð hættu, sem vofir yfir mannkyninu og fæstir hafa hugmynd um. En hún er þess eðlis, að allir góðir menn hljóta að hefjast handa og berjast gegn henni, hveurrar trúar og þjóðar sem þeir eru.

Eg gerði nýja rannsóknarferð í gær. Greifinn sagði mér í fyrrakveld, að hann yrði að vera allan daginn að heiman, og bað mig að raða niður ýmsum skjölum og bókum, sem hann ætlaði að fara með til Lundúna, og gera skrá yfir það alt saman. Þegar eg kom inn í bókasafnið, sá eg þar var kominn stór kassi, og bækur þær sem eg átti að skrá og raða lágu í sófanum. Þetta kom mér reyndar undarlega fyrir sjónir, eftir alt sem eg hafði áður séð, því hver skyldi ímynda sér Kölska með ferðatösku og járnbrautarseðil í hendinni — en eg get ekki gert að því, að ferðabúnaður greifans vekur svipaðar hugsanir hjá mér. Þessir Tatarar (Zigaunar öðru nafni), sem hér hafa dvalið síðustu dagana, eru að búa greifann á stað. Eg sá þá vera að koma og fara með kassa þá sem Slóvakar fluttu hingað, og svo er að sjá sem þeir séu mjög þungir í meðförum. Hinir tómu kassar fækka smámsaman.

Þrír eða fjórir óvenjulega risavaxnir menn, sem mig minnir að eg sæl í kjallaranum kveldið minnilega, hafa verið í vinnu hjá greifanum seinustu dagana; þeir eru tröllefidir að burðum og fara með þyngsla-bákn eins og fis.

Í dag var enginn maður í garðinum, en kassarnir voru óhreyfdir.

Nú var því grafarþögn í höllinni. Eg kveikti í vindli og gekk út í borðsalinn og ætlaði að ganga þar um gólf stundarkorn áður en eg færi að taka saman skjöl og bækur greifans. Gamla konan hafði fyrir löngu tekið af borðinu og horfið jafn-hljóðlega og hún var vön — og eg vissi það af reynslunni, að hún mundi ekki koma aftur í nokkra klukkutíma. Mér datt þá í hug, að eg hefði aldrei betra færi til að rannsaka leynistigann og komast eftir því, hvort þar væri ekki unt að leita útgöngu.

Eg hugsaði ekki meira um það, en bjó mig á stað, því hefði eg farið að rifja upp það sem fyrir mig hafði borið þar niðri, hefði og aldrei árátt að fara þangað.

Eg gætti að því að marghleypan mín væri í lagi, gekk inn í áttstrenda herbergið, þrýsti á hnappinn, og hurðin laukst upp snögglega og hljóðlaust. Síðan kveikti eg á ljóskeri mínu og fór með gætni ofan stigann. Þar var nú ekki eins dimt og verið hafði um nóttina, því daufa birtu lagði úr tveimur gluggum.

Þegar eg kom ofan úr stiganum, stóð eg við og vissi ekki hvert halda skyldi. Eg var kominn í einhvers konar hvelfdan forsal, og sá eg að göng lágu til beggja hliða, til austurs og vesturs. Eg réð af að fara göngin sem lágu til vesturs, því þau lágu í áttina til gluggans, sem eg hafði von um að eg gæti komist um út á veggjarstéttina.

Þegar göngunum lauk, varð fyrir mér lokuð hurð; eg lauk henni upp með hálfum hug.

Mér lá við að æpa af fögnuði, því eg sá, að eg var nú kominn að þeim stiga, sem eg hafði gengið upp, þegar eg á hinni löngu ferð um höllina fór úr kapellunni upp í herbergi greifans, en við þenna stiga var sá gluggi, sem eg hafði von um að geta komist út um, ef eg reyndi að flýja.

Eg gekk varlega upp í stigann, og gekk úr skugga um það, að eg hafði rétt fyrir mér. Eg sá sólskinið í glugganum og fann hreinan og svalandi loftblæ á vanga mér. Eg sá að veggjarstéttin var nóg til að ganga hana, þótt hún sýndist mjó tilsýndar. Ekki þurfti annað meira en manni yrði hverft við eða skrikaði fótur — þá var dauðinn vis. Mig hryllir við að þurfa að fara þennan veg. — — — En mér finst þó sem steini sé létt af mér, þegar eg sé þarna undanfæri til að flýja, ef til vill. Til tryggingar tók eg lykilinn úr hurðinni og stakk

honum í vasa minn. Hurðin er svo þung, og járnin svo ryðguð, að hún helzt í fellingum, þótt henni sé ekki læst, og þeir sem ganga um hana — hverir sem það eru — verða ef til vill ekki varir við, að lykilinn vantar.

Að þessu búnu datt mér í hug, að skygnast dálítið um í kapellunni og kjallarahvelfingunni undir henni.

Þar var alt með sama útliti og áður, nema gölfíð var brotið upp og hafði því öllu verið rótað til. Þar voru járnkarlar, pálar og rekur sem sýndu verksummerki, að þar hafði verið hætt við ólokið starf.

Hér þóttist eg sjá að Tatarahópurinn hefði verið að verki.

Innst í hvelfingunni, þar sem vissi út að hallargarðinum, sá eg tvo eða þrjá kassa; þeir voru allir járnir varðir og lokin skrúfuð á tvo af þeim; einn þeirra var hálfopin.

Eg fór að verða forvitinn, og klæif yfir upp-rifið grjótt og moldarhrúgur. Eg tók þá eftir því, að þessi kjallarahvelfing var grafreitur og ekki mjög gamall, því undan fæti mínum valt mannshauskúpa, sem var lítt fúin.

Kassarnir voru úr þykkum furuplönkum og með kaðalhöldum. Þriðji kassinn var vandaðastur að gerð, og voru nokkur göt boruð á lokið. Eg bjóst við að finna þar einhverja dýrgrip, því mér eru í fersku minni auðæfin

í turninum, og hélt að þessir kassar væru fullir af gulli og fágudum gimsteinum.

En mér hnykti alvarlega við, þegar eg leit undir lokið. Kassinn var hálfullur af mold, og í honum lá maður endilangur — gamall maður hvítur fyrir hærum og með hvítt yfirskegg — með öðrum orðum: greifinn sjálfur.

Eg hrökk saman í hnipur bak við kassann, en eftir fáein andartök áráddi eg að standa upp, og beygði eg mig þá niður til þess að gæta aftur að greifanum.

Ekki var um að villast; það var greifinn, og í sömu fötunum og hann gekk í kveldið áður. Eg gat ekki betur séð, en hann væri steindauður, og eg gat varla ímyndað mér að nokkur maður væri svo sérlyndur, að hann tæki sér þarna hvíld viljandi. Mér dattu nú í hug Tatararnir, sem höfðu farið burt í dag. Gat ekki verið að þetta illpýði hefði drepið húsbónda minn, og farið á burt síðan með svo mikið af auðæfum hans sem þeir hefðu getað náð? Síst var fyrir að synja, að þeim væri það ætlandi.

Greifinn hafði að eins verið fangelsisvörður að minni reynd síðustu vikurnar, og eg mátti því verða feginn að verða laus úr varðhaldi hans.

Var hann dauður eða svað hann dauðalíkum svefni? Og af hverju hafði hann valið sér þennan hvíldarstað?

Hann leit ekki út fyrir að vera dauður. Andlitsdrættirnir voru jafn-tilkomumiklir og harðlegir og vant var, og þó hann væri föstur, sýndist mér það ekki dauðafölva, heldur venjulegur yfirbragðslitur hans. Ekki þorði eg að snerta hann, því vita þóttist eg, að hann mundi ekki láta mér haldast það uppi að ósekju, að fara um höllina í leyfisleysi.

Eftir stundardvöl réð eg af að snúa aftur til herbergis míns og bíða þar morguns; yrði hann þá ekki kominn, þá væri komið tækifærið fyrir mig að reyna að flýja héðan.

Eg hafði von um, ef greifinn væri dauður, að eg gæti komist burt úr höllinni aðra leið en glæfraleiðina sem eg hafði fundið.

Áður en eg sneri við, tók eg eftir því, að lokið á kassanum var með sex sterkum járnhespum, sem krækja mátti í kengi í kassanum að innanverðu, og loka honum þannig að innan, án þess annað yrði séð en lokið væri skrúfað á hann. Þannig mátti loka honum og lúka honum upp að innanverðu.

Það þóttist eg þegar vita, að skrin þetta mundiætlað til þess að fela í því mann, sem vildi vera í leyni.

Eg sneri nú aftur upp til herbergis míns, og var mér ekki rótt það sem eftir var dagsins.

Þegar komið var að rökkri, hafði eg lokið við að búa um bækurnar; en eg var þá orðinn

órólegur, svo að eg gat ekki setið kyrr eitt augnablik, heldur gekk eg í ákafa um gólf og var sem á nálum.

„Kemur hann, eða kemur hann ekki“, hugsaði eg með sjálfum mér.

Klukkan varð átta, níu, tíu — ekkert heyrðist.

Eg var síðast kominn á flugstig að fara ofan í kjallara og vitja karlsins, en þá var alt í einu lokið upp dyrunum og greifinn kom inn. Hann var óvenju fjörugur að sjá, og eins og hann hefði yngst upp.

„Hér er eg kominn, vinur“, sagði hann glaðlega. „Eg vona að yður hafi ekki leiðst í dag. Eg hefi sjálfur verið önnum kafinn, og er nú orðinn þreyttur og þarfnast hvíldar, en eg ætlaði fyrst að finna yður og vita, hvernig yður liði, og hvort þér væruð langt kominn með verkið. Nei — þér eruð búinn. Eg þakka yður kærlega fyrir. Ef þér gætuð gert mér þann greiða á morgun, að skrásetja alt sem er í skápnum þarna“, sagði hann, „þá þætti mér mjög vænt um“. Hann benti mér á miðhólfín í skápnum, og vóru þar geymd alls konar áhöld, sem sýndust vera til þess að gera eðlisfræðilegar tilraunir. Kvaðst hann sjálfur ekki geta gert það vegna annara anna.

Eg horfði á hann agndofa og svaraði honum ekki. Mér sýndist hann nú svo óvenjulega

unglegur, og var sem eldur brynni úr augum hans, eða réttara grimd villidýrs, sem finnur að það er komið að bráð sinni.

Eg stundi því upp, að eg þekti nöfnin á fæstum þeim hlutum, sem í skápnunum voru, og gæti eg því varla samið skrá yfir þá.

„Verkfæri, vinur, tóm verkfæri, sem vísindamaðurinn notar til þess að láta hina dauðu náttúru verða lifandi og hlýða sér“, sagði hann. „Þið vesturlandamenn eigið eftir að læra margt; þið hafið ekki komist lengra en í forsal vísindanna, þar sem líf og dauði liggja í efnishrúgum. Jæja, eg skal gera það sjálfur. Nú verð eg samt að bjóða yður góða nótt. Eg þarf að fara að hvíla mig. Eg hefi líka nóg að gera á morgun, og get líklega ekki komið til yðar aftur fyrr en annað kveld. Verið þér sælir — þangað til“.

Hann rétti mér hendina og var jafnhvatur í spori þegar hann fór sem hann var þegar hann kom inn. En hann var líkari ungum manni, sem hleypur á fund við heitmey sína, en öldungi, sem gengur til rekkju að loknu dagsverki. — — —

Hinn 20. Enn hefi eg komið ofan í kjallarann.

Hann lá þar enn, og mér sýndist hann vera unglegri og fjörlegri en áður. Og þegar hann

kom inn seint um kveldið, varð mér hverft við að sjá hann. — Mér sýndist hann voðalegri en nokkurn tíma áður.

Hann er þó enn kurteis í viðmóti við mig, þó eg finni glögt háðið og fyrirlitninguna undir niðri.

Í dag sagði hann við mig:

„Tíminn líður, vinur, og bráðum kemur að skilnaðarstundinni. Þér farið aftur heim í yðar fagra England“, — þetta sagði hann með ein-kennilegum róm — „og eg geng að mínu verki, sem er svo háttað, að það er mjög ólíklegt, að við sjáumst aftur. Það getur líka verið, að eg verði að fara héðan á undan yður, — en vagninn minn getið þér fengið þegar þér viljið, og ekið til Bistritz, þó eg verði ekki heima. Eg á yður mikið að þakka fyrir samveruna“.

Eg varð fyrst utan við mig af ánægju, þegar eg heyrði hann segja þetta, því þar hafði eg þó loforð hans um, að eg fengi að losna úr þessu varðhaldi, sem hefir nær því gert út af við mig, — en eitthvað í orðum hans og útliti hafði þau áhrif á mig, að eg gat ekki trúað honum.

Eg get ekki annað en trúað því, að hann ætli sér að láta mig ekki sleppa héðan lifandi, — — *eg veit of mikið.*

Eg sagði eitthvað kurteist til málamynda, en sagði um leið, að ef hann færi í burtu, yrði eg

að fara líka — og því þá ekki í dag eða á morgun, ef hann þyrfti ekki lengur á mér að halda?

„Nei, það er ekki unt, vinur“, sagði hann; „ökumaður minn og hestarnir mínir eru ekki heima sem stendur“.

„Gerir ekkert til; eg get farið fótgangandi, en farangur minn má senda á eftir“.

„Fótgangandi, vinur? Liggur yður svo mikið á?“ Hann starði á mig með háðbrosi, svo að hrollur fór um mig allan. „Þér þekkið ekki Karpatafjöllin. Þó eg leyfði gesti mínum að fara fótgangandi frá mér, þá yrði sú gönguför yðar síðasta för. Úlfarnir hérna í skóginum“ — hann gekk út að glugganum og lauk honum upp. „Heyrið til“, sagði hann.

Þá heyrði eg úlfabyt úti í skóginum.

„Það er ekki við lömb að leika sér. Yður er betra að bíða hér heima“.

Hinn 23. júní. Tatararnir komu aftur í gær og tóku til starfa. Þeir munu þó langt komnir með verk sitt, því flestir kassarnir eru fullir og lokin negld á þá. Greifinn hefir að eins litið inn til mín; hann virðist vera eins og á nálum, og hann er orðinn breyttur í útliti; mér missýnist ekki, þó mér sýnist hann vera nokkurum árum yngri en þegar eg

kom hingað. Það er eins og blóðið renni örara í æðum hans en þegar eg kom; hann er ekki eins vaxgulur á hörundslit og hann var; hefir fengið eins og eirroða í kinnarnar; augun eru fjörlegri og með meiri ljóma, en stundum bregður fyrir einkennilegum roða á þeim. Hann er tígulegur að sjá, en það fer alt af hrollur um mig, þegar eg verð fyrir augnatilliti hans.

Hinn 24. Guð hjálpi mér. — — — Það er hægt að verjast aðkomandi hættum með hugrekki og kærsku, en þær hættur, sem koma að innan, frá manni sjálfum, er örðugra að varast. Því vígi, sem hefir svikara í setuliði sínu, er vís hætta, hversu rammbýgt sem það er. — Og eg hefi átt ofureffi að verjast. — — —

Eg veit ekki hver hún er — en eg hefi þó komist að því, að það er ekki satt, sem greifinn hefir sagt mér um hana, og þegar eg rifja upp alt það, sem eg hefi séð og orðið var við, veit eg ekki mitt rjúkandi ráð og kemst ekki að neinni niðurstöðu, nema eg láti skynsæmina leggja árar í bát og trúi því sem engum manni dettur í hug að trúa. —

Mig hryllir við að hugsa um hana, og þó

langar mig til að sjá hana. Hún er eins og huldukonurnar, sem seiddu menn inn í bergin til sín.

Eg hefi nú í þrjá daga staðráðið að flýja hédan; eg hefi átt færi á því, og nú þekki eg leiðina, þó hún sé hættuleg. Eg hefi hvað eftir annað verið kominn að því að fara á stað. En þá kemur að mér ósigrandi löngun að sjá hana, og eg ræð mér ekki lengur — eg verð að sjá hana einu sinni enn.

Og það er óskiljanlegt, — eg get ekki trúað því, en verð að trúa því, að hún kemur æfinglega þegar mér dettur hún í hug, eins og hún væri kölluð, eða hún stæði þá fyrir utan dyrnar, búin til inngöngu.

Áður en eg get stílt mig, er hún komin til mín, og eg get ekki ráðið mér lengur. Eg hefi þó ekki látið undan henni í einu, og það hefir bjargað mér.

Krossmarkið, sem gamla konan gaf mér, hefi eg aldrei tekið af mér.

Hver sem vill getur kallað það hjátrú, en mér finst nú að það sé því að þakka, að greifinn drap mig ekki um kveldið, þegar hann tók fyrir kverkar mér, og því var það að þakka, að eg slapp frá hinum illa dólgi, sem réðst á mig í stiganum.

Hún hefir stöðugt hvíslað að mér og beðið

mig að taka af mér krossmarkið, en eg hefi ekki gert það. — —

Hinn 28. Þessi orð skrifa eg í dagbók mína seint um nótt í svefnherbergi mínu, sem er hið eina hæli, þar sem eg má vera óhræddur. Eg hefi nú staðráðið, að flýja hédan undir eins og full-ljóst verður. En svo að vandamenn mínir fái að vita, ef unt er, hvað á daga mína hefir drifið og hvað orðið hefir mér að bana, hefi eg skrifað nafn og áritun til Vilmu á fremsta blað þessarar bókar, bæði á þýzku og ensku, með þeim tilmælum, að finnandinn er beðinn að koma bókinni til skila þangað, sem áritunin bendir til, og segja jafnframt, hvernig bókin er honum í hendur komin. Meira get eg ekki gert, og mér er það full-ljóst, að lítil líkindi eru til, að þessi síðasta kveðja mín komist nokkurn tíma þangað sem eg ætlast til, ef nú er úti um mig. —

Vilma, ef eg lifi, þá skulum við bæði einhvern tíma lesa þessar línur og þakka guði fyrir að lifi mínu var borgið. En ef eg dey, þá er þetta mín síðasta kveðja til þín. Þegar þú hefir lesið það sem eg hefi skrifað, muntu sjá, að eg hefi orðið að falla fyrir öflum, sem eru sterkari en eg, og að þaðan stafar hætta fyrir mankynið, sem hverjum góð-

um manni er skylt að berjast á móti. — —
 Leitaðu ráða vitrustu og beztu manna, helst þeirra, sem miklu hafa að ráða í mannfélaginu. — Eg hefi ritað nokkur nöfn á síðasta blað bókarinnar. — — Eg hefi ekki tíma til að rita nákvæmara. Guð gefi þér þrek til að nota reynslu mína. Hugur minn dvelur hjá þér — hvað sem um líkamann verður.

Eg ætla svo í fáum orðum að segja frá því, sem fyrir mig hefir komið síðustu dagana.

Skriftin á næstu blaðsíðu hér á undan minnir mig á, hvernig mér leið þegar eg var að skrifa — þá varð eg var við, að hún kom og dró mig að sér. Hún hvíslaði blíðlætisorðum að mér, hún kysti mig, og hún bað mig innilega að taka krossmarkið af hálsinum — hendurnar á mér lyftust, en eg gat þó stjórnað mér — —

Eg vissi ekki hvað langur tími leið, en alt í einu heyrði eg rödd greifans. Hann sagði með hörðum málrómi og háðslegum:

„Burt héðan, þú vinnur fyrir gíg — tíminn er ekki kominn. Bíddu nokkra daga enn — — þegar eg þarf hans ekki lengur, mátt þú hafa hann og þá — —“

Eg heyrði undarlega hvellan hlátur, eins og hljóð úr glerklukku — það var rödd hennar — mig hryllir enn við henni; hún var ekki lík neinni manalegri rödd.

Rétt á eftir heyrði eg að greifinn sagði: „Gott kveld, vinur. Þér hafið sofnað við vinnu yðar, sé ég“, og þegar eg lauk upp augunum, stóð hann við skrifborðið fyrir fram- an mig og horfði á mig með hvössu augna- ráði. — Eg var þreyttur og máttlaus; hann sagði mér að fara að hátta og hlýddi eg hon- um þegjandi. — Eg veit nú varla hvort það hefir verið draumur eða vaka, sem eg sagði nú frá. Hafi það verið draumur, þá hefir það verið viðvörundardraumur. En eg held að það hafi ekki verið draumur.

Dagana á eftir bað greifinn mig að raða ýmsum skjölum, bókum og verkfærum, og búa um. Hann lét mig líka fara yfir, leiðréttta og hreinskrifa tvö bréf, sem hann hafði ritað á ensku og vóru til enskra manna, þó eg vissi ekki nöfn þeirra. Þar var alt talað á huldu og tvírætt, og virtist efnið vera um einhver stórmál, þótt eg skildi það ekki. En eg sá nú, að greifinn var ekki lengur hræddur við mig — hann álfur mig víst bráðfeigan mann, sem ekki þurfi að óttast að komi upp neinum leyndarmálum.

Í gær munu Tatarar hafa lokið verki sínu. Snemma um morguninn var ekið tveimur stórum vögnum inn í hallargarðinn, með sex

hestum fyrir, og voru hinir þungu kassar látnir á þá og smámsaman fluttir burtu. Ökumennirnir voru Slóvakar, en vopnaðir Tatarar fóru með hverri ferð.

Þegar tók að dimma, voru að eins þrír kassar eftir. Flestir af Töturunum voru farnir, en í hallargarðinum voru enn nokkrir menn af því kyni, sem eg hefi áður lýst og líkari voru öpum en mönnum. Mér kom í hug, að nú gæti ef til vildi verið gott færi fyrir mig að komast á brott; eg taldi líklegt að hliðið mundi vera ólæst. Eg læddist út, en það var harðlokað, eins og vant var, og þar að auki voru þar á verði hinir ógeðslegu þjónar greifans. Eg flýtti mér því inn aftur, og heyrði eg fótatak og mäs á eftir mér. Eg komst inn í borðsalinn og læsti hurðinni og lagðist á hana. Fann eg að reynt var að lúka henni upp, en eftir litla stund varð kyrð á öllu.

Eg þóttist nú sjá, að greifinn mundi hafa búist við að eg mundi reyna að flýja og gert ráðstafanir til að sporna við því. Mig hryllir við að hugsa til þess, hvernig farið hefði, ef illþýðið hefði náð mér. Eg er ekki hræddur við dauðann, — en á þann hátt vil eg ekki deyja.

Seint um kveldið kom greifinn. Hann var hinn kátasti, gekk mjög hratt um gólfid, talaði í ákafa og neri stöðugt saman nöglunum, sem voru mjög langar; það var venja hans,

og hafði mér ætíð geðjast illa að þeim kæk. — Hefði hann ekki verið snjöhvítur fyrir hær-um og kampurinn líka hvítur, hefði vel mátt gizka á að hann væri tæplega fertugur.

„Já, vinur“, sagði hann í blíðum róm, „nú er eg bráðum ferðbúinn. Enn þá á eg þó eftir að ráðstafa ýmsu hér í grendinni, — eg verð líklega að því allan daginn á morgun — og af því eg veit ekki, hvort eg kem aftur í tæka tíð, til þess að geta kvatt yður, þá geri eg það nú. Hestar mínir og vagn er til taks á morgun handa yður. — Hvenær ætlið þér að fara á stað?“

Þessi spurning kom að mér svo óvörum, að mér varð orðfall. Eg einblíndi á hann og stundi upp einhverju um lestartíma — Bistritz o. s. frv. — Mig svimaði, og eg fekk svo ákafan hjartslátt, að mér fanst eg ætla að kafna.

Þegar eg raknaði við, sá eg að greifinn horfði á mig með einkennilegum háðslegum smábrosum.

„Er máttulegt fyrir yður að fara kl. 12?“ sagði hann. „Þér komið þá í tæka tíð til að fara með kveldlestinni til Buda-Pest. — Jæja, eg skal þá sjá um, að vagninn standi hér við hliðið um hádegi, og ef mér verður unt, skal eg líka koma til að óska yður góðrar ferðar. En ef mér skyldi dveljast, þá kveð eg yður nú. Verið þér nú sælir, kærri ungi vinur minn“ —

hann rétti mér hendina — „verið nú sælir, og eg þakka yður innilega fyrir skemtilega samveru. Eg get ekki metið hana eða launað með gulli, en tíminn er yður dýrmætur, og á okkar heimili er ekki venja, að veita gjöfum viðtöku fyrir ekkert. Þér leyfið mér því“, sagði hann og lauk upp skúffu í skrifborðinu og tók dálítinn rauðan silkipoka og rétti að mér — „að gefa yður þetta fyrir, og þetta“, sagði hann, og tók eitthvað úr brjóstvasa sínum, „svo sem til minja um veru yðar hér og þakklátssemi Draculitz. Þetta eru smámunir, en það eru gamlir ættargripir, sem eru í sínu gildi, og eg vona að þeir verði til að minna yður á dvöl yðar hjá mér“.

Málrómurinn var með einkennilegum blæ, og þegar eg leit upp og horfði framan í hann, sá eg lævisan og háðslegan svip, sem varð þó undir eins að vingjarnlegu brosi. Eg sá nú að gripurinn, sem hann tók úr brjóstvasanum, var forn hringur með gimsteinahjarta og stórum rúbín í miðju — það leiftraði af steinunum í vaxljósbirtunni, og geislarnir af þeim voru marglitir, og svo sterkir, að þeir gengu svo inn í heilann á mér, að mér fanst sem mig svimaði, og lá við að falla í ómegin.

Eg gat með naumindum haft augun af þessum töfragrip, en þegar mér tókst það, voru töfrarnir líka horfnir, þó eg væri ekki samur

eftir. Eg hafði líka tekið nauðugur við pökunum, og fann eg að í honum voru gullpeningar. „Þér gerið alt of mikið úr mér“, sagði eg, og reyndi að láta ekki á neinu bera. „Eg get ekki tekið á móti yðar höfðinglegu gjöfum“.

„Hafið engin orð um það“, sagði hann og hvesti röddina; „eg ræð nú þessu. Og mér er ánægja að því, að vita þennan ættargrip í yðar eigu. Berið hann og hugsid til Draculitz. — Margir hafa áður borið hann; hann hefir verið talinn eins konar verndargripur í ætt vorri, en þér Englendingar trúið ekki slíku. Berið hann samt og — eg óska yður til hamingju með hann. Þér eigið enn eftir að njóta lífsins, — þér eruð laglegur maður — ungur og glæsilegur. — Verið nú sælir, kæri Tómas Harker. Ef við sjáumst ekki aftur, og það getur vel farið svo, þá hafið þér blessun Draculitz. — Það er þá á morgun — klukkan tólf“.

Hann tók í hönd mér, og svo fast sem hann hefði járngreipur, og höndin var köld sem ís eða fægður málmur. Höndin á mér dofnaði á eftir, og eg fann að dofann lagði upp handlegginn. Mig langaði til að hrinda honum frá mér, en eg gat stilt mig. Síðan gekk hann að dyrunum.

„Berið hringinn“, sagði hann aftur, „þér gerið það fyrir mig og — hugsid til Draculitz“. Hann kysti á finger sinn að gömlum síð og fór svo út.

Eg vissi ekki hverju eg átti að trúá. Gat það verið, að eg kæmist í burt héðan? Var þá allur grunur minn ástæðulaus? Ef nokkuð væri að marka það sem greifinn sagði, átti eg að verða á ferð á næturlestinni til Buda-Pest annað kvöld, en allt sem eg hefi orðið hér var við ætti þá að vera óskiljanlegur draumur. — —

Eg settist við borðið og þakkaði guði fyrir, að eg væri nú sloppinn úr allri hættu. Síðan fór eg að tína saman farangur minn og búast til ferðar.

Hringurinn lá á borðinu; mér fanst eg þurfa að reyna hvort hann væri mér mátulegur, og það var eins og einhver ósýnilegur kraftur drægi mig að honum. Eg tók hann upp, og um leið fann eg einhvern brennandi straum leggja um æðar mínar; eg datt hálf-meðvitundarlaus ofan á stóliann — eg fleygði hringnum á borðið. Og þá raknaði eg brátt við aftur.

Eg lá í stólnum langt fram á nótt, en að síðustu stóð eg upp og gekk inn í svefnherbergið og sofnaði fast. Þegar eg vaknaði sá eg með skelfingu að *klukkan var eitt*. — — Eg hafði sofnað yfir mig. Eg flýtti mér á fætur í ofboði og stökk út að borðstofuglugganum.

Enga hreyfing var nú að sjá í hallargarðinum. Tatararnir voru nú allir á burt, og allur farangurinn sem þar hafði verið. Vagn greifans var þar ekki heldur.

Eg hljóp ofan í forstofuna og ætlaði að reyna að ná í ökumanninn og segja honum að eg væri ferðbúinn.

Hliðið var læst, og slagbröndum skotið fyrir það, svo engin von var til að komast út.

Þegar eg kom aftur inn í borðsalinn, tók eg eftir því, að enginn matur hafði verið borinn á borð. — Eg flýtti mér nú inn í áttstrenda herbergið, þrýsti á dyrhappinn og ætlaði að reyna að komast þá leið út úr höllinni, en þar var alt harðlæst.

Nú sá eg að eg var lokaður aleinn inni í þessari höll sem mús í gildru. —

Alt var eyðilegt í höllinni. Skrifborð greifans var autt og bókaskáparnir voru að mestu tómir; ritföngin höfðu verið tekin burtu; þar var ekkert nema hringurinn.

Klukkan varð sex — sjö — átta; það fór að rökkva. Grafarþögn var í höllinni. Eg var orðinn máttlaus af hungri. Eg reyndi til að brjóta leynidyraröðina, en tókst það ekki.

Eg var nú ekki lengur í neinum vafa um það, að greifinn hafði lokað mig inni með vilja og ætlast til að eg sylti í hel í þessari ógurlegu gröf, eða fengi enn verri afdrif.

Eftir því sem dimma tók urðu hugaraugu mín hvassari og mér kom margt í hug, sem eg skrifa ekki hér. Maktir myrkranna hafa tekið saman ráð sín gegn mér — eg veit ekki

í hvaða tilgangi, en eg sé og þekki hættuna.
 — — Mér er sem eg heyri hvíslað í eyra
 mér — eg veit að hún er ekki langt frá mér.
 — — Hvítir handleggir, inndælar varir. — —
 „Þegar eg er farinn getur þú haft hann“,
 sagði greifinn, eða var það draumur?

Nei eg vil ekki selja sál mína. Eg hlýði
 ekki þessum falsröddum — eg vil vera maður.

Ef þú læsir einhverna tíma þessar línur,
 Vilma, þá veistu, að eg er dáinn og að eg
 hefi ætíð elskað þig og verið þér trúur.

Eg hefi nú afráðið það sem eg ætla að gera.
 Eg hefi rist sundur lökin úr rúminu mínu og
 fléttað úr þeim reipi, sem eg vona að haldi.
 Í því ætla eg að siga niður úr glugganum,
 þegar bjart er orðið, og reyna að komast of-
 an á stéttina. Það er hættuför, en getur tek-
 ist. Ef mér mistekst, þá tekur þó ekkert ann-
 að verra við en dauðinn. —

Það birtir meir og meir.

Eg hefi fest reipið. Eg er nú tilbúinn.

Vertu nú sæl í seinasta sinni, kæra Vilma,
 fyrirgefðu mér alt sem eg kynni að hafa gert
 á hluta þinn, og þú mátt trúá því, að eg hefi
 alltaf elskað þig og enga nema þig.

II. kafli.

1. kap. *Lúsía Western.*

Meðan Tómas Harker kvaldist milli vonar og ótta í höll Draculitz greifa, dvaldi festarmær hans Vilma við baðstöð í Whitby á austurströnd Englands. Vilma var kenslukona við einn af hinum stærri alþýðuskólum, en dvaldi þetta ár í sumarlausninni hjá æskuvinstúlku sinni Lúsíu Western. Það var venja Vilmu, að skrifa dagbók, eins og mannsefni hennar gerði, og mest af því sem síðari hluti þessarar sögu segir frá er tekið úr dagbók hennar.

Vinstúlka Vilmu, Lúsía Western, var inndæl stúlka og þótti öllum vænt um hana, ekki sízt karlmönnum. Hún var mjög þýð og skemtilig í viðmóti, en þó dálítið hégómagiörn og vildi láta mönnum litast vel á sig. Móðir hennar var ekkja og vel efnuð, en heilsulítill og þjáðist af þungum hjartasjúkdómi, svo að hún varð að forðast allar geðshræringar og ókyrð. Lúsía var líka fremur heilsutæp; hún hafði óvenjulega viðkvæmar tilfinningar, og hafði átt vanda fyrir það, að ganga í svefni þegar

hún var barn; var því um kent, að faðir hennar hefði verið mjög laus á kostunum.

Lúsía var föstnuð fyrir fám vikum ungum manni, Arthur Holmwood, sem var elzti sonur og erfingi Godalnings lávarðar. En hennar höfðu áður bedið vinir hans, John Seward, frægur læknir, forstöðumaður geðveikisþítala í Parfleet, einu úthverfi Lundúna, og miljóningur frá Ameríku, Qvincey Morris; þeir voru báðir bráðelskir að stúlkunni, en hún hafði neitað þeim báðum. Þeim þótti þó vænt um hana fyrir því, og voru jafngóðir vinir Arthurs eftir sem áður.

Þær vinstúlkurnar lásu saman, unnu saman og gengu saman sér til skemtunar. Þeim varð tíðförlast í kirkjugarðinn; hann var uppi á hæð, og var þaðan bezta víðsýni út á haf, og sátu þær þar oft um sólsetrin og nutu fegurðar þeirra.

Vilma var þó oft áhyggjufull og óróleg; hún var hrædd um Tómas; hún hafði ekki fengið nema eitt bréf frá honum eftir það hann kom til Draculitz. Hún hafði skrifað húsbónda Tómasar, Hawkins málaflutningsmanni, og bedið hann að spyrjast fyrir um Tómas hjá konsúlunum í Vín og Budapest.

2. kap. Stormurinn í Withby.

Hinn 4. ágúst gerði svo mikinn ofsastorm í Whitby, að enginn mundi þvílíkt veður. Vedrið

brast á úr miðnætti, og sjórinn varð allur sem sjóðandi hver.

Í bjarmannum frá vitanum við Whitby varð vart við stóra skonnortu, sem hafði öll segl uppi. Menn þóttust vita, að það væri sama skipið, sem sést hafði dagana á undan; hafði mönnum orðið starsýnt á það fyrir það, að stjórnin á því þótti furðuleg. Sker var á leiðinni inn á höfnina, og hafði það orðið mörgum skipum að grand; vindurinn stóð beint á skerið af skipinu, og var því bersýnilegt, að það mundi rekast á það, en alt í einu sneri vindurinn sér, og skipið rendi inn á höfnina, eins og því væri stýrt, og rak upp á þurt land. Fólkið þyrptist ofan að sjónum, og þá sáu menn í glampanum frá vitanum, að dauður maður var bundinn við stýrið og reri höfudið á honum til og frá eftir því sem skipið ruggaði.

3. kap. Úr skipsdagbókinni.

Þegar farið var að rannsaka skipið, kom það í ljós, að þetta var rússneskt skip frá Varna og hét „Demeter“. Það var hlaðið kössum, sem voru fullir af mold, og samkvæmt farmseðlinum áttu þeir að vera sendir til verkfræðilegra þarfa. Engin mannleg vera var á skipinu, nema hinn dauði maður við stýrið. Hann var bundinn á báðum höndum, og krossmark hafði hann bundið um hendurnar. Í vasa hans var flaska

með miða í, sem var viðauki við skipsdagbókina.

Skipsdagbókin skýrði svo frá:

Undir eins og skipið var lagt á stað, varð vart við að skipshöfnin var óvenjulega fálát. Skipstjóri og stýrimaður reyndu að komast eftir, hvað til þess kæmi, en skipverjar svöruðu engu: þó létu þeir skilja á sér, að eitthvað væri óhreint á skipinu og signdu sig. Skipið var komið skamt áleiðis, er vökumaðurinn hvarf eina nótt.

Daginn eftir sagði einn af skipverjum skipstjóranum, að einhver ókunnugur maður væri á skipinu, og væri hann líklega falinn í farmrúminu. Höfðu fleiri af skipverjum líka þózt verða varir við einhvern ókunnan mann.

Skipstjóri lét því leita vandlega um skipið, en enginn varð neins vísari.

Skipið fór nú fram hjá Gibraltar, og nokkra daga farnaðist því vel.

Þá hvarf annar stýrimaður eina nótt, er hann var á vöku sinni.

Daginn eftir var skipið komið inn í Bretlandssund; þá voru enn tveir horfnir af skipverjum.

Eina nótt vaknaði skipstjóri við óttalegt hljóð. Hann þaut upp á þilfarið og hitti þar stýrimanninn, sem líka hafði heyrt hljóðið. Vökumaðurinn var horfinn.

Næstu nótt var skipið komið út í Englandshaf. Þá hvarf enn einn af skipverjum. Skip-

stjóri kallaði á stýrimann, og hann kom upp á þilfarið náfölnur af hræðslu. Hann hvíslaði að skipstjóranum: „Djöfullinn sjálfur er á skipinn; eg hefi séð hann; hann er hár og horaður, fölnur sem nár og með glóðaraugu. Hann stóð og horfði út á sjóinn. Eg læddist að baki hans og rak hníf í gegnum hann — en hnífurinn gekk í gegnum hann eins og búkurinn væri ekkert annað en loft“.

Stýrimaðurinn kvaðst þó ekki hætta fyrr en hann fyndi hann, og fór síðan með ljós og verkfæri ofan í lestarrúmið til að rannsaka kassana sem þar voru.

Alt í einu heyrði skipstjóri voðahljóð neðan úr skipinu og rétt á eftir kom stýrimaðurinn upp á þilfarið, afskræmdur af hræðslu:

„Eg veit hvernig á öllu stendur, — en sjórinn skal frelsa mig — eg hefi ekkert annað undanfæri“.

Að svo mæltu fleygði hann sér fyrir borð, áður en skipstjóri gat haft hendur á honum.

Enn fremur hafði skipstjóri skrifað á þessa leið: „Eg hefi séð hann — það var rétt gert af stýrimanninum að fleygja sér í sjóinn. En skipstjóri má ekki fara af skipi sínu. Eg hefi afráðið að binda mig við stýrið“. — — —

4. kap. *Barón Székély,*

Morguninn eftir skipbrotið fanst gamall skip-

stjóri dauður á bekk við kirkjugarðinn. Á svip hans var að sjá sem hann hefði dáíð af hræðslu. Hann var málkunnugur þeim Vilmu og Lúsíu. Þetta fekk mjög á Lúsíu. Hún varð nú enn taugaveikari en áður og fór að ganga í svefni.

Vilma gekk með henni eitt kvöld meðfram sjónum, og gengu þær þá inn í kirkjugarðinn, eins og þær voru vanar. Þar hittu þær frænda Lúsíu, sem Morton hét, og var með honum útlendur maður, miðaldra að sjá og mjög ein-kennilegur útlits.

Morton sagði þeim að hann hétí baron Székély. Hann var stór vexti og þreklegur, með svart hár, en farinn að hærast, og með svartan kamp, svarteygður og hvasseygður. Hann fór undir eins að tala við Lúsíu, og virtist hafa gaman af að tala við hana.

Nóttina eftir vaknaði Vilma við það, að Lúsía hafði farið ofan úr rúminu, og var komin út að glugganum. Hún hafði dregið gluggtjaldið frá, og stóð í nærfötunum og með flaksandi hárið út við gluggann og sagði: „Ég kem, ég kem, en dyrnar eru lokaðar“. Í sama bili gerði hún tilraun til að fleygja sér út um gluggann. En þá var Vilma komin að glugganum, tók utan um hana og dró hana aftur að rúminu.

Lúsía varð ekki róleg fyrr en eftir langan tíma. Hún gat ekki sofnað, og tautaði hvað

eftir annað: „Hvað ætli hann hafi viljað mér?“ Vilma gaf henni eitt staup af víni, og þá sofnaði hún og svaf vel það sem eftir var næturinnar.

Daginn eftir fundu þær vinstúlkurnar barón Székély í kirkjugarðinum. Hann var mjög málhreifur við þær. Hópur Tatara (sígauna) var þá nýkominn til bæjarins, og sagði baróninn þeim ýmislegt af háttum þessarar flökkubjóðar í heimlandi hans. Hann sagði að þeir kynnu ýms hulin fræði, og að til væru óteljandi náttúrukraftar og lög, sem örfáir bæru kensl á.

Hann kvað kvenfólkið vera gætt einna bestum og mestum kröftum, og Tatara kvenfólkið kynni líka að nota þá. „Eg er líka sannfærður um“, sagði hann við Lúsiu, „að þér hafið þessa hæfileika til að bera, og að það er að eins undir yður sjálfri komið að beita þeim.“

Vilma tók eftir því að þetta fekk mikið á Lúsiu.

5. kap. Tatararnir.

Þeim vinstúlkunum fór að detta margt í hug, og urðu mjög forvitnar eftir viðtal þeirra við baróninn. Þær fóru því daginn eftir að heimsækja flökkubjóðina, sem slegið hafði tjöldum sínum utanbæjar.

Vilma þóttist þegar sjá, að þar hefði verið

búist við komu þeirra. Þeim var tekið með kostum og kynjum, en þó var mest haft við Lúsíu. Fyrirmaður flokksins kysti klæðafald hennar. Hann lét síðan túlk sinn spyrja hana að því, hvort hún vildi að hennar auðmjúki þjónn gerði eitthvað fyrir hana. Hún svaraði: „Mér hefir verið sagt, að þjóðflokkur yðar sé fróðari en aðrar þjóðir í ýmsum greinum. Ég hefði gaman að forvitnast um það.“ Höfðinginn gekk síðan inn í tjald sitt og kom aftur út með unga stúlku. Hún vafði sig í gullsaumudu silkisjali gulu. Hún rétti Lúsíu glerkúlu, og bað hana að horfa í hana. Henni þótti þá sem hún sæi Arthur vera að kyssa ungan kvenmann sem sat hjá honum. En daginn eftir fékk hún bréf frá honum, og sagði hann henni þar frá því, að María systir hans hafði komið til hans kvöldið áður. Hún var gift rúmenskum manni, sem var aðstoðarmaður austurríka sendiherrans í Lundúnum, Koromezzo fursta. Ættingjar Maríu höfðu gert alt sem þeir gátu til þess að koma í veg fyrir giftingu þeirra, af því furstinn var illa kyntur.

Þau höfðu farið til Konstantínopel undir eins eftir giftinguna.

6. kap. Sjúkleiki og dauði Lúsíu.

Eftir þetta ágerðist meir og meir sjúkleiki Lúsíu. Hún fór einförum og var ekki mönn-

um sinnandi. Hún fór þá til Lundúna og fór að búa sig undir giftingu sína. Þangað var þá baróninn kominn, og talaði oft við hana.

Hún gat ekki sofð á nóttunni, og varð fölarí með degi hverjum. Þegar Arthur kom að heimsækja hana, brá honum í brún að sjá útlit hennar. Hann lét senda eftir lækni, Dr. Seward, en hann gat ekki hjálpað henni, og skrifaði því prófessor í Amsterdam, Van Helshing, sem var frægur um allan heim fyrir rannsóknir sínar á taugasjúkdómum. Hann gaf henni ráð við sjúkdómi hennar og virtist henni batna um tíma. En henni versnaði aftur, og var þá hinn hollenzki læknir fenginn af nýju. Hann kvað hana vera þjáða af blóðleysi, og að úr því yrði ekki bætt nema með því, að taka blóð úr heilbrigðum manni og veita því inn í æðar hennar. Þetta gerðu læknarnir, og batnaði henni nokkuð við það. Hinn hollenzki læknir varð að fara heim til sín. En daginn eftir, þegar Seward læknir ók þangað sem Lúsía átti heima, var hús hennar harðlokað, bæði fordyrum og bakdyrum, og var þó komið fram yfir nónn. En rétt um sama leyti heyrði hann að einhverir komu hlaupandi garðmegin, og var það garðmaðurinn og einn af verk mönnum hans. Þeir stóðu á öndinni af skelfingu, og gátu varla komið upp nokkuru orði. Loks gat læknirinn skilið á þeim, að

stofustúlkan hefði verið drepin og að blóðugt líkið lægi úti í garðinum.

Þegar hann fór að gæta betur að, sá hann að glugginn var brotinn á svefnherbergi Lúsíu. Hann bjóst þá við öllu illu.

Hann leit inn um gluggann, og sá að alt var í sömu skorðum og áður í herberginu. En í rúminu sá hann Lúsíu og móður hennar, og virtust þær báðar vera dauðar.

Hann rétti höndina inn um gluggann, lauk honum upp og vatt sér inn, en bað mennina að bíða sín úti fyrir. Þegar hann kom að rúminu, sá hann að móðir Lúsíu var dauð og virtist hafa dáið af hræðslu, en Lúsía lá hreyfingarlaus fyrir ofan hana í rúminu, og gat hann ekki séð, hvort hún var dauð eða lifandi. Hann vissi þá ekki hvað til bragðs skyldi taka. En rétt í því heyrði hann að vagni var ekið að húsinu. Hann bað mennina, sem stóðu úti fyrir, að taka á móti aðkomumönnunum og var þar kominn Van Helsing prófessor. Þeir fóru nú báðir að skoða Lúsíu og urðu þá varir við, að hún var með lífi. Réð prófessorinn að láta láta gera henni volgt bað, og fóru þeir nú að leita að vinnukonunum, en þær voru allar í fasta svefni, og urðu ekki vaktar, hvernig sem ýtt var við þeim.

Þá var fengin kona garðmannsins og dóttir hans, og bjuggu þær til baðið. Eftir nokkrar

tilraunir tókst læknum að vekja svo Lúsíu til lífsins, að þeir þóttust geta sett blóð inn í hana. En þá var um það að ræða, úr hverjum þeirra blóðið ætti að taka. Báðir höfðu þeir orðið að sæta miklum blóðmissi við hinar fyrri tilraunir.

En í því bar að Quincey Morris, hinn unga Ameríkumann, sem áður hafði bedið Lúsíu. Hann bar kveðju Arthurs, og kvaðst fús á, að láta taka blóð úr sér.

Það tókst um síðir að vekja Lúsíu til lífsins, svo að hjarta og lungu tóku til starfa.

Þegar lækarnir þóttust geta gengið burt frá sjúklingnum stundarkorn, fóru þeir að vitja um hitt fólkid í húsinu.

Lögreglumennirnir voru farnir að leita morðingjans. Vinnukonurnar voru nývaknaðar; þær höfðu farið að sofa í sama mund og vant var, en var sízt að skilja hve seint þær hefðu vaknað. Þær vissu ekkert um morð stofumeyjarinnar, en sögðu að hún hefði verið von að fara sinna ferða og verið kveldgöngul.

Lögreglumennirnir þóttust sjá, að morðið hefði verið með ráðum gert og mundi stofustúlkan hafa verið í vitorði með ódádámönnunum og mundi hafa gefið vinnukonunum svefnlyf. Síðan hefðu þeir drepíð hana til þess að enginn væri til frásagna. Það þótti þeim mest furðan, að engu hafði verið stolið. Tatarahópur hafði ver-

ið þar í grendinni undanfarna daga, og þótti líklegt, að þeir ættu þátt í þessum glæp, einkum fyrir þá sök, að þeir höfðu haft sig á burt daginn eftir morðið.

Læknarnir skoðuðu líkið vandlega, og virtist þeim ekki betur, en að stúlkan hefði verið bitin á barkann.

Loks fundu þeir sedil, sem Lúsía hafði skrifað á það sem fyrir hana hafði borið um nóttina. Henni virtist vera barið á gluggann hvað eftir annað, og loks svo fast að rúðan brotnaði. Síðan þóttist hún sjá illilegt mannsandlit í glugganum. Þær mæðguruar féllu þá í öngvit. En þegar hún raknaði við aftur, sá hún að móðir hennar var dáið, og gat þá með naumindum skrifað þetta á sedil, ásamt kveðju til vina sinna og kunningja, því hún bjóst við dauða sínum. Að afliðnu miðnætti næstu nótt varð Seward læknir var við að barið var hægt á gluggann, en hann varð einkis vísari.

Um morguninn var hún svo veik, að læknarnir voru örkola vonar um hana, og þann dag dó hún að viðstöddum læknunum og Arthur. Síðast sagði hún við prófessorinn: „Verndaðu hann og gefðu mér frið“.

Nú var búist við jarðarförinni. Kvöldið fyrir jarðarförina gengu þeir Seward læknir og Arthur inn í herbergið, þar sem lík mæðguanna voru, með blómum í kring og háum kertastjaka

með logandi vaxljósum. Lækirinn lyfti upp líkblæjunni, og varð þeim þá mjög hverft við. Það var eins og Lúsía væri lifandi. Hún var jafnvel unglegri en hún hafði verið síðasta kastið. Engin merki dauða eða rotnunar sáust á líkinu.

Um nóttina svaf Arthur í herbergi Lúsíu og læknirinn í næsta herbergi. Um nóttina vaknaði læknirinn við eitthvert hljóð; hann stökk á fætur og tók sér ljós í hönd, sá að myrkur var í herbergi Arthurs, en hurðin á herberginu, þar sem líkin voru, stóð í hálfu gátt. Hann gekk þar inn. Þá sá hann að lokinu á kistu Lúsíu hafði verið lyft upp og að blómstrin voru í hrúgu. Arthur lá í öngviti við hlið kistunnar. Læknirinn tók hann og bar hann inn í rúm, og þegar hann raknaði við, stóð hann fast á því, að Lúsía væri lifandi, og að hún hefði risið upp brosandí í kistunni. Hann hefði orðið andvaka, og þá hefði hann langað svo mikið til að sjá líkið, að hann fór á fætur.

Hann hélt því svo fast fram, að hún væri ekki dáin, að læknarnir gerðu alt sem þeir gátu til að lifga hana, en það varð árangurslaust. Arthur lét sér þó ekki nægja það, og lét aldrei skrúfa lokið á kistuna. Kistan var látin standa í grafhvelfingu, þar sem nægilegt loft gat leikið um, og hjá kistunni voru lagðar ábreiður og nesti handa líkinu, ef það kynni að rakna við.

7. kap. *Leit eftir Tómasi Harker.*

Nú vikur sögunni til Vilmu. Hún fékk orðsending frá húsbónda Tómasar Harkers, Hawkins málfutningsmanni, að hann vildi fá að tala við hana. Hann hafði látið spyrjast fyrir um Harker í héraðinu í grend við Drakulitz, og sendimaðurinn, Tellet, einkis orðið vísari annars, en að sagan sagði, að Harker hefði lengi verið á flækingi þar í sveitinni, og einkum hefði hann hafst við á veitingahúsinu í Zolyva, smábæ þar í grendinni, og verið með ýmsum slörkurum og spilafuglum. Hann hafði líka átt vingott við Margrétu, dóttur veitingamannsins þar, og hafði hún fundist myrt skamt frá Drakulitz-höllinni, og var Harker alment grunaður um að hafa drepið hana.

Sagt var að hann hefði sézt um þessar slóðir í byrjun júlí-mánaðar, en síðan hafði ekkert spurzt til hans. Greifinn hafði farið burt úr höllinni í júnílok, og var höllin nú í eyði. 15. júlí hafði allmikið fé verið tekið í banka í Budapest undir nafni Harkers, og lýstu bankamenn svo manni þeim, sem féð tók úr bankanum, að hann virtist býsna líkur Harker.

Vilma bað um allar þessar skýrslur og fékk þær með miklum eftirgangsmunum. Hún dró engan efa á, að þær væru rangar. Hún lagði síðan á stað og létti ekki ferðinni fyrr en hún kom til Budapest.

Þar tók hún sér bústað hjá ensku fólki, sem var kunnugt húsbónda Harkers. Eftir það hún var komin þangað, fór hún eitt sinn með því fólki út úr borginni til smábæjar eins við Doná.

Þar komu þau að veitingahúsi og fengu sér þar hressingu. Meðan þau stóðu þar við, urðu þau vör við Tatarahóp, sem hafðist þar við. Í þessum hóp sá hún mann, sem var svo líkur Tómasi Harker, að varla var hægt að þekkja þá sundur. En litlu síðar fréttist að maður hefði verið drepinn þar í bænum, og sannaðist, að það var þessi Tatari. Hann var mjög líkur Tómasi Harker, og var álitid, að hann hefði verið sá maður, sem hefði átt þátt í þeim klækjum, sem Tómasi Harker voru eignaðir.

Hinn enski rannsóknarmaður þóttist nú sjá, að hann hefði farið villur vegar, og hóf nú nýjar leitir.

8. kap. Heimsókn að Drakulitz.

Daginn eftir fóru þau Vilma og Tellet til Bistritz. Á leiðinni gat sendimaðurinn þess, sem var gamall lögreglumaður, að hann hefði beðið um einn af hinum fremstu starfsbræðrum sínum að heiman, Barington, sér til aðstoðar. Það væri nú orðið víst, að hér væri fundið flókið samsæri og að líklegt væri, að gamli greifinn Draculitz væri einn af þeim sem hefðu

taumhaldið á því. Það væri mjög erfitt viðfangs, en gæti Barrington ekki komist að sannleikanum, mundi það ekki verða á margra færi.

Þegar til Bistritz kom, fóru þau bæði inn í veitingahús það, sem Tómas Harker hafði búið í $3\frac{1}{2}$ mánuði áður.

Vilma talaði við veitingakonuna, og mundi hún vel eftir „fína enska herranum“, sem hafði búið hjá henni. Hún gat þess líka, að hún hefði reynt að telja honum hughvarf að fara til Draculitz, og að hún hefði gefið honum krossinn svo sem verndargrip.

Hún gat þó eða vildi ekkert segja um greifann, en Vilma þóttist skilja á henni, að búast mætti við öllu illu.

Það leið ekki á löngu, að Barrington kom til Bistritz, og með honum Hawkins gamli málaflutningsmaður, og fagnaði Vilma komu þeirra.

Þegar þeir höfðu hvílt sig eina nótt eftir ferðina, lögðu þau öll á stað til bæjarins Zolyva, því þar þóttist Tellet hafa spurt til Tómasar Harkers, þó þær fregnir virtust vera tómur uppsuni. Þaðan var að eins klukkutíma ferð til Draculitz. Þau settust þar að á veitingahúsi og létust vera að ferðast sér til skemtunar. Þau gerðu sér þá fyrst ferð að gamni sínu til Draculitz-hallarinnar.

Vegurinn lá um skógivaxið fjallendi. Öku- maðurinn var mjög tregur til að fara þessa

leið og þegar kom á fjallás einn, þar sem sjá mátti heim að höllinni, aftók ökumaðurinn að fara lengra.

Vindubrúin lá niðri og portið var opið. Þegar þau voru komin í hallargarðinn skiftu þau sér og fóru að reyna að komast eftir, hvort nokkura lifandi veru væri þar að finna.

Þau urðu einkis vísari, nema Vilmu þótti sem ráðist væri á sig er hún kom inn í höllina. Hún rak upp hljóð og í sama bili var henni slengt niður og því komu félagar hennar til hennar. Hún hafði meitt sig í öðrum fætinum.

Þau lögðu síðan á stað, og eftir ráðum Barringtons, sem einn skildi landsmálið, var ökumaðurinn beðinn að snúa aðra leið.

9. kap. Klaustrið.

Þau lögðu nú leið sína að systraklaustri þar í grendinni. Systurnar höfðu lengi lagt stund á að hjúkra sjúkum útlendingum.

Vilma hafði fallið í öngvit af þreytu og þjóningum, þegar hún kom til klaustursins. Þegar hún lauk upp augunum, sá hún að hún var inni í litlu hvítu herbergi, og lá í hörðu en hreinlegu rúmi, og að bundið hafði verið um fótinn á henni. Við rúmið sat stúlka í nunnubúningi, en þegar Vilma yrti á hana á þýzku, gat hún engu svarað nema hristi höfuðið.

Litlu síðar kom önnur eldri nunna inn til

hennar og talaði vel frönsku. Hún bað Vilmu vera velkomna og sagði henni, að hún hefði meitt sig svo mikið í fætinum, að hún yrði að liggja nokkurar vikur áður en hún yrði heil.

Vilma fékst mikið um þetta, en nunnan huggaði hana og sagði: „Það er Guðs vilji, dóttir sæl, og hans vilji er ætíð bestur. Hver getur sagt um í hvaða tilgangi hann hefir leitt yður hingað? Ekkert gerist tilgangslaust í heiminum“.

Þessi orð urðu Vilmu til mikils hugarléttis, og henni þótti líka vænt um, að leitarmennirnir héldu áfram rannsóknum sínum. Þeir voru nú orðnir sannfærðir um, að farið hafði verið mannavilt og að reynt hafði verið með margbrotnum vélum að bera Tomas Harker glæpum, sem aðrir höfðu drýgt.

Hawkins málaflutningsmaður varð nú að hverfa heim aftur vegna annrikis.

Nunnurnar hjúkruðu Vilmu svo sem þær gátu. Margar þeirra gátu talað þýzku, sumar frönsku, og sumar voru ítalskar, og gat Vilma gert sig skiljanlega við þær allar. Engin þeirra talaði eða skildi ensku. Vilma hafði mestar mætur á nunnunni frá Austurríki, sem hét Agatha. Það var lítil og glaðleg stúlka með dökk augu, og talaði oft um sjúklingana sína, sem henni þótti svo vænt um. Systurnar vitjuðu sjúklinganna í nágrenninu, og gengu iðulega til þeirra

svo mílum skifti í ýmsar áttir. Þar að auki var sjúklingahús í klaustrinu, og lét systir Agatha sér einkum ant um þá. Hún mintist oft á mann sem hún sagði að hefði lengi legið í „heilafeber“ í klaustrinu, og virtist hafa algerlega tapað minninu þegar honum loks fór að batna. Vilma spurði Agöthu margs um höllina, og kunni hún margt af henni að segja; flest af því þótti Vilmu ótrúlegt. Hún sagði að það væri trú þar um slóðir, að hvít dama reikaði í hinum gömlu hallargöngum og sæist stundum í gluggunum í tunglsljósinu. Hún sagði að það væri mál manna, að hver sem sæi hana yrði ærður, og að margir menn, sem hefðu hætt sér á fund hennar, hefðu horfið og aldrei sést síðan.

Það væri líka sagt, að glæpamanna hópur byggi í höllinni, en að höfðingi þeirra væri í félagi við kölska sjálfan.

10. kap. Fundur Tómasar og Vilmu.

Einhvern dag spurði systir Agatha Vilmu: „Þér sem kunnið svo mörg mál, getið þér ekki sagt mér, hvað „mæ lövv“ þýðir?“

Hún kvaðst ekki skilja það, og spurði hana af hverju hún vildi vita það.

Nunnan sagði, að sjúklingurinn væri stundum að tala um „mæ lövv“. Það væri leiðinlegt að geta ekki skilið hann.

Kveldið eftir fór Vilma að hugsa um þessi orð. Það vaktist þá upp fyrir henni, að „mæ lövv“ mundi vera ensku orðin „my love“ og mundi sjúklingurinn vera að tala um heitmey sína eða konu. Þetta sagði hún nunnunni um morguninn og kom þeim báðum saman um, að ganga til sjúklingsins og komast eftir því, hvort hann væri samlandi Vilmu.

Abbadísinn taldi það úr, af því Vilma var veik í fætinum, og var það afráðið, að hún skyldi heldur skrifa honum. Hún skrifaði á seðil og spurði hann, hvort hann væri Englendingur. Hann var svo veikur í höfðinu, að hann gat naumast lesið, og stafaði eins og barn. Eftir nokkra umhugsun skrifaði hann aftur með skjálfandi hendi: „Jú, eg er Englendingur; guð blessi hjálp yðar“.

Nú skrifuðust þau á á hverjum degi. Hann gat framan af ekki skrifað nema ósamstæðar setningar. Hann hafði algerlega gleymt öllu sem á daga hans hafði drifið, og ef hann var spurður að einhverju, sagði hann stöðugt: „Man ekki, alt gleymt“.

Loks fór Vilma með nunnunum að finna hann.

Vilma heilsaði honum á ensku, en henni brá svo þegar hún sá hann, að hún rak upp hljóð og hneig í ómegin.

Hún þekti þar unnusta sinn Tómas Harker.

Hann hafði líka þekt hana, en varð líka svo mikið um það, að hann féll í ómegin.

Þegar hann raknaði við kallaði hann: „Vilma, hvar ertu? Eg sá þig, en nú hafa þeir tekið þig aftur frá mér“.

Vilma sá að Tómas var með öllu ráði, þó hann væri mjög veikur. Hún sat nú hjá honum á hverjum degi og hrestist hann skjótt. Smámsaman fekk hann aftur minnið, þ. e. hann mundi alt sem hann hafði lifað áður en hann fór heiman að í þessa löngu ferð, en það sem síðar hafði drifið á daga hans var sem óskrifað blað.

Vilma lét nú húsbónda Harkers vita þessi gleðitiðindi og eftir nokkra daga var hann kominn í klaustrið og Barrington með honum.

Barrington kvaðst hafa komist að ýmsum leyndarmálum; sig vantaði að eins nokkra smáþætti í flókna vélabendu, sem hann hefði nú að mestu getað greitt úr, og mundi Tómas Harker geta leyst úr því sem á vantaði. Honum varð því hverft við, er hann heyrði, að Harker hafði mist alt minni frá þeim tíma sem hann dvaldi hjá greifanum, og að það var því til einkis að spyrja hann.

Hawkins gamli, húsbóndi Harkers, talaði lengi við hann. Hann áleit að hann væri orðinn heill heilsu, og hélt að minnisbrestur hans mundi bætast, af því um svo stutt tímabil væri

að ræða. Hann sagði Vilmu, að hann hefði arfleitt Tómas og hana að öllum eigum sínum, og vonaði að þau reistu bú í húsi sínu. En fyrir alla muni vildi hann að þau frestuðu ekki hjúskapnum, og hafði hann því í för sinni enskan prest frá Budapest og lögfræðing frá enska konsúlatinu þar í borginni, sem átti að vera vígsluvottur með Barrington.

Vígslan fór fram daginn eftir, og síðan kvöddu hjónin nunnurnar, sem þótti fyrir að skilja við þau. Þær glöðnuðu þó í bragði við það, að Hawkins gamli gaf klaustrinu talsverða peninga.

Þau héldu svo heimleiðis í hægðum sínum. Í Vín leitaði Vilma til frægs taugalæknis, og kvaðst hann vona að manni hennar mundi smámsaman batna. Þó þótti honum ólíklegt að hann fengi aftur minni sitt um síðasta tímabilið áður en hann varð sjúkur. Læknirinn réð frá að spyrja Tómas nokkurs frá því tímabili.

11. kap. Heimkoman.

Eftir langa ferð komu þau loks heim til Englands. Þar frétti Vilma lát Lúsíu vinkonu sinnar, og fekk skömmu síðar bréf frá hollenzka lækninum Van Helsing, sem hafði stundað hana. Arthur hafði verið veikur frá því hún dó, og átti hann að bera Vilmu kveðju hans. Læknirinn kvaðst vilja finna hana og kvaðst

þá mundu segja henni fleira. Hún svaraði honum aftur og bauð hann velkominn til sín. Hann kom skömmu síðar og spurði margs um háttu Lúsíu þann tíma, sem þær hefðu síðast verið saman. Hann færði Vilmu dýrindis demantshring, sem hann sagði að Lúsía hefði borið, en hann bað hana að gera það samt fyrir sín orð, að bera hann ekki. Hann fýsti mjög að vita um, hvernig Harker liði, og sagði að sig langaði til að vita um heilsufar hans.

Viku síðar en hér var komið dó fyrverandi húsbóndi Harkers, Hawkins gamli, af hjartasjúkdómi. Hann hafði verið búinn við dauða sínum og hafði ráðstafað eigum sínum. Hann hafði arfleitt ungu hjónin eins og hann hafði ráð fyrir gert.

Hawkins var grafiann tveimur dögum síðar í Lundúnum eins og hann hafði ákveðið í erfðaskrá sinni. Ungu hjónin voru við jarðarförina. En þegar þau voru á leiðinni frá jarðarförinni gengu þau sér til hressingar í Hyde-park. Á heimleiðinni til hótellsins, sem þau gistu í, lá leið þeirra um Piccadilly, og mætti þeim þar ung dama, mjög frið. Hún var í ljómandi vagni með gráum hestum fyrir og með henni þjónar í einkennisbúningi. Hún var óvenjulega frið og glæsileg, en klæðnaðurinn var nokkuð yfir-lætislegur. Vilmu varð starsýnt á hana, en rétt í því fann hún að Tómas kleip í handlegg

hennar og rak upp lágt hljóð. Hún leit við og sá að hann var náfölnur og að hann hvesti augun í einhverju óeðlilegu æði fram undan sér. Hún sá að hann horfði á mann sem var að tala við dömuna. Hann var hár vexti og tígulegur að sjá, en nokkuð einkennilegur útlits.

Vilmu varð hverft við, því hún sá að þar var kominn baron Székély, sem hún hafði kynzt í Whitby. Henni varð þó fyrst fyrir að hugsa um Tómas, og náði sér því samstundis í léttivagn handa þeim, og óku þau svo sem hraðast til hótelsins.

Tómas var svo utan við sig, að hann vissi varla hvað gerdist. Smámsaman hallaði hann höfðinu að öxl Vilmu og sofnaði. Hann vaknaði aftur rétt áður en þau hjónin komu heim til hótelsins, og hafði þá gleymt því sem síðast hafði fyrir hann borið.

Daginn eftir fór Vilma að raða ýmsu niður heima hjá sér, sem ekki hafði verið komið í lag þegar þau fluttu í húsið. Meðal annars fór hún að skoða í ferðatösku þeirra, sem þau höfðu komið með frá Sjöborgalandi. Í botninum á töskunni fann hún böggul, sem var vafinn innan í kirkjutíðindi klaustursins. Það vaktist þá upp fyrir henni, að systir Agatha hafði sagt þegar þær kvöddust, að hún hefði lagt dótið í töskuna; en hún hafði sagt henni

í annað skifti, að Tómas hefði haft á sér eitt-hvað smávegis og einskisvirði, þegar hann var fluttur til klaustursins.

Vilma varð því mjög forvitin, þegar hún fór að skoða böggulinn. Í honum var ekki annað en talnaband með messingarkrossi og dagbók Tómasar með hraðritun, sem stendur í fyrra hluta þessar sögu. Hún las á fremsta blaðinu nafn sitt.

Þegar Tómas var sofnaður um kveldið, fór Vilma að lesa í dagbókinni, og hún varð bæði hrædd og forviða þegar hún las hana. Það sló jafnmiklum óhug á hana, af því að lesa hana fyrir það, þó hún héldi að það væri ekki annað en hugarburður, sem þar var skrifað.

Henni fór að detta í hug, að Draculitz greifi og Székély barón mundi vera sami maður.

Tómas var lasinn næstu daga; hann gat reyndar gegnt störfum sínum, en var mjög utan við sig. Á nóttunni talaði hann upp úr svefninum, og mátti þá heyra á orðum hans, að hann dreymdi um vistina hjá greifanum.

12. kap. Læknirinn og Barrington.

Þegar Tómasi leið verst, kom hollenzki læknirinn eins og hann væri kallaður. Vilma bað hann innilega velkominn, og hún var ekki lengi á sér að segja honum allt um ferð sína til Draculitz-hallarinnar og um dagbók Tómasar.

Hann lét sér mikið um finnast, og fékk að láni dagbók Tómasar, sem Vilma hafði hreinritað. Hann hét að koma daginn eftir og vakti við dagbókina um nóttina. Þegar hann kom aftur, sagði hann Vilmu, að dagbókin væri gulls ígildi og að hún brygði ljósi yfir margt, sem áður hefði verið í myrkrunum hulið.

Hann sagði að Tómasi mundi hafa brugðið svo við, þegar hann mætti mannum á götunni í Lundúnum, af því að þá hefði vistin hjá greifanum eitthvað vakist upp fyrir honum. En sú óljósa endurminning mundi hafa komið honum svo ókunnuglega fyrir, þar sem hann hafði nú gleymt því öllu, og vissi ekki um dagbókina, að hann hefði haldið, að hann væri að missa vitið. — Vilma sótti þá mann sinn til viðtals.

Þeir töluðu lengi saman læknirinn og hann. Læknirinn komst að þeirri niðurstöðu, að Tómas hafði aftur fengið minnið, en mundi þó ekki atvikið í Piccdilly, jarðarfarardag Hawkins.

Læknirinn gaf Tómasi ýms heilræði, og bað hann að halda kyrru fyrir fyrst um sinn og forðast allt sem gæti æst skapsmuni hans. Hann hafði dagbókina með sér og ætlaði að sýna hana nokkurum kunningjum sínum.

Fám dögum síðar kom Barrington heim til Vilmu. Hann var nýkominn heim til Lúndúna og fór til Exeter, þar sem þau Vilma áttu heima, til að fræðast um fasteignarkaup Draculitz

greifa í Lundúnum. Hún gat þess líka við hann, að Tómas hefði fengið minnið aftur og að dagbók hans væri fundin.

Barrington kom sér saman um það við frú Vilmu, að hann skyldi ekki tala við Tómas fyrir en hann hefði ráðfært sig við Van Helsing, og kom þeim saman um að koma eftir tvo daga.

Þeir komu í ákveðinn tíma og töluðu lengi við Tómas.

Þegar því var lokið, hitti Barrington aftur Vilmu að máli og kvaðst furða sig yfir niðurstöðum læknisins. Hann virti hann mikils, en áleit hann trúarvingul og hjátrúarmann. Sjálfur kvaðst hann ekki styðjast við annað en sannreyndir, og áleit að alt sem sagt væri um Draculitz greifa og féлага hans væri eðlilegt, þó mörgum þætti það furðu gegna.

Að svo mæltu fór hann á stað.

Læknirinn, Van Helsing, fór nú að skýra Vilmu frá rannsóknum sínum og niðurstöðum.

Hann tók svo til orða:

„Uppfundningar þessarar níttjándu aldar eru undraverðar. Þær hafa skapað nýjan heim og kent oss að þekkja náttúrukrafta, sem forfeður vorir ýmist höfðu enga vitneskju um, eða töldu yfirnáttúrlega. Vísindamenn nú á dögum geta varla þvertekið fyrir neitt, sem sé óhugsandi í náttúrunni. Náttúran hefir óendanlega breytileg lög, og skynjan mannsins getur

ekki notið sín vegna þess, að skilningarvitin eru ekki nógu fullkomin færi.

Til munu vera kraftar og lög, sem niðjum vorum auðnast að finna, þó vjer þekkjum þau ekki; þeir munu læra að þekkja þá krafta, temja þá og ráða yfir þeim. Hver veit nema til sé heimur af ósýnilegum verum, sem hrífa oss til góðs eða ills, eftir því sem verkast vill.

Eg hef komist að þeirri niðurstöðu, og með mér margir aðrir hugsarar á vorum dögum, að slíkar verur séu til, og að þær hlýði lögum, sem vér ekki þekkjum, og séu búnar alt öðrum hæfileikum og kröftum en vér.

Þjóðtrúin kannast við margt, sem vísindin vita ekkert um, eða vísindamennirnir neita. Eitt af því er það, að til séu verur, sem sveimi hér á jörðinni þó þær deyi. Látum nú svo vera, að ein slík vera væri maður, sem hefði lifað illa hér í lífi og verið glæpamaður og manndrápari. Hann deyr sem aðrir menn. En sálin getur ekki slitið sig lausa við þann líkama, sem bindur hana við jörðina. Hún lafir því við hann, og samkvæmt lögum, sem vér þekkjum ekki, getur hún aftur tekið sér bústað í honum og fært nýtt líf í hann, og notað hann enn til þess að fremja þær fýsnir, sem henni eru tamastar. En til þess að geta haldið þessu lífi við, þarf þetta illþýði að lifa á líf-

greifa í Lundúnum. Hún gat þess líka við hann, að Tómas hefði fengið minnið aftur og að dagbók hans væri fundin.

Barrington kom sér saman um það við frú Vilmu, að hann skyldi ekki tala við Tómas fyrr en hann hefði ráðfært sig við Van Helsing, og kom þeim saman um að koma eftir tvo daga.

Þeir komu í ákveðinn tíma og töluðu lengi við Tómas.

Þegar því var lokið, hittí Barrington aftur Vilmu að máli og kvaðst furða sig yfir niðurstöðum læknisins. Hann virti hann mikils, en áleit hann trúarvingul og hjátrúarmann. Sjálfur kvaðst hann ekki styðjast við annað en sannreyndir, og áleit að alt sem sagt væri um Draculitz greifa og félaga hans væri eðlilegt, þó mörgum þætti það furðu gegna.

Að svo mæltu fór hann á stað.

Læknirinn, Van Helsing, fór nú að skýra Vilmu frá rannsóknum sínum og niðurstöðum.

Hann tók svo til orða:

„Uppfundningar þessarar níttjándu aldar eru undraverðar. Þær hafa skapað nýjan heim og kent oss að þekkja náttúrukrafta, sem forfeður vorir ýmist höfðu enga vitneskju um, eða töldu yfirnáttúrlega. Vísindamenn nú á dögum geta varla þvertekið fyrir neitt, sem sé óhugsandi í náttúrunni. Náttúran hefir óendanlega breytileg lög, og skynjan mannsins getur

ekki notið sín vegna þess, að skilningarvitin eru ekki nógu fullkomin færi.

Til munu vera kraftar og lög, sem niðjum vorum auðnast að finna, þó vjer þekkjum þau ekki; þeir munu læra að þekkja þá krafta, temja þá og ráða yfir þeim. Hver veit nema til sé heimur af ósýnilegum verum, sem hrífa oss til góðs eða ills, eftir því sem verkast vill.

Eg hef komist að þeirri niðurstöðu, og með mér margir aðrir hugsarar á vorum dögum, að slíkar verur séu til, og að þær hlýði lögum, sem vér ekki þekkjum, og séu búnar alt öðrum hæfileikum og kröftum en vér.

Þjóðtrúin kannast við margt, sem vísindin vita ekkert um, eða vísindamennirnir neita. Eitt af því er það, að til séu verur, sem sveimi hér á jörðinni þó þær deyi. Látum nú svo vera, að ein slík vera væri maður, sem hefði lifað illa hér í lífi og verið glæpamaður og manndrápari. Hann deyr sem aðrir menn. En sálin getur ekki slitið sig lausa við þann líkama, sem bindur hana við jörðina. Hún lafir því við hann, og samkvæmt lögum, sem vér þekkjum ekki, getur hún aftur tekið sér bústað í honum og fært nýtt líf í hann, og notað hann enn til þess að fremja þær fýsnir, sem henni eru tamastar. En til þess að geta haldið þessu lífi við, þarf þetta illþýði að lifa á líf-

andi manna blóði, og lætur því aldrei afmann-drápum.

Svo segir þjóðtrúin, en þar við má enn bæta, að þessir manndraugar eiga eftir þjóðtrúnni að geta haft áhrif á aðra menn, ekki einungis vonða menn, heldur líka þá, sem veikir eru fyrir“.

Þau áttu tal um fráfall Lúsíu, og um það sagði læknirinn:

„Eg hefi fulla ástæðu til að halda“, sagði hann, „að þessi saklausa stúlka hafi orðið fyrir samkynja áhrifum og eg á hér við, eða eins konar dáleiðslu. Þessir óvinir mannkynsins geta á þann hátt gert góða menn að verkfærum sínum, ef þeir ná valdi yfir þeim. — — Hún sem borin var til grafar í hvítum sakleysis klæðum hefir nú þau áhrif á unnusta sinn að hún reynir að draga hann í gröfina með sér.

Eg er sannfærður um að þessi makt myrkra-anna breiðist út í kringum okkur. Vér sjáum mörg dæmi í blöðunum, sem benda á það. Vinur okkar Barrington er á annari skoðun en eg, og þykist geta skýrt alt það, sem hann hefir komist að, á annan hátt“.

Hann kvaddi hjónin og fór. Vilma festi engan trúnað á því sem hann sagði, hversu mikils sem hún virti hann.

13. kap. Fólkið í Carfax.

Það sem stendur í þessum kapitula er tekið eftir skrifudum blöðum, sem fundust eftir Seward yfirlækni geðveikisþítalans í Parfleet, sem áður er nefndur í þessari sögu.

Spítali sá, sem Seward veitti forstöðu, stóð beint á móti Carfax, sem Draculitz greifi hafði keypt.

Barrington gerði sér nú erindi til spítalalækneisins til þess að fræðast um, hvað til bæri í Carfax.

Læknirinn sagði honum, að síðasta kastið hefði þar verið miklar aðgerðir, og að þangað hefði verið fluttur dýrindis húsbúnaður. Hann hefði síðan séð skrautvagna aka þangað oft en einu sinni og miklu viðhafnar meiri en tíðkast í þeim hluta borgarinnar.

Þegar Barrington spurði hann, hvort hann hefði veitt eftirtekt nokkrum vagni, sem borið hefði af öðrum, gat hann um afarskrautlegan vagn sem gráir hestar hefðu gengið fyrir, og hefðu setið í honum þjónar í gráum einkennisbúningi og ljómandi frið ung dama, reyndar nokkuð svipmeiri en alment gerist. Af lýsingunni þóttist Barrington þekkja, að það væri frú sendiherraritarans frakkneska.

„En það eru ekki skrautvagnarnir, sem ég veitti mesta eftirtekt, heldur undarlegir og

andi manna blóði, og lætur því aldrei af manndrápum.

Svo segir þjóðtrúin, en þar við má enn bæta, að þessir manndraugar eiga eftir þjóðtrúnni að geta haft áhrif á aðra menn, ekki einungis vonða menn, heldur líka þá, sem veikir eru fyrir“.

Þau áttu tal um fráfali Lúsíu, og um það sagði læknirinn:

„Eg hefi fulla ástæðu til að halda“, sagði hann, „að þessi saklausu stúlka hafi orðið fyrir samkynja áhrifum og eg á hér við, eða eins konar dáleiðslu. Þessir óvinir mannkynsins geta á þann hátt gert góða menn að verkfærum sínum, ef þeir ná valdi yfir þeim. — — Hún sem borin var til grafar í hvítum sakleysis klæðum hefir nú þau áhrif á unnusta sinn að hún reynir að draga hann í gröfina með sér.

Eg er sannfærður um að þessi makt myrkraanna breiðist út í kringum okkur. Vér sjáum mörg dæmi í blöðunum, sem benda á það. Vinur okkar Barrington er á annari skoðun en eg, og þykist geta skýrt allt það, sem hann hefir komist að, á annan hátt“.

Hann kvaddi hjónin og fór. Vilma festi engan trúnað á því sem hann sagði, hversu mikils sem hún virti hann.

13. kap. Fólkið í Carfax.

Það sem stendur í þessum kapitula er tekið eftir skrifuðum blöðum, sem fundust eftir Seward yfirlækni geðveikisþítalans í Parfleet, sem áður er nefndur í þessari sögu.

Spítali sá, sem Seward veitti forstöðu, stóð beint á móti Carfax, sem Draculitz greifi hafði keypt.

Barrington gerði sér nú erindi til spítalalæknisins til þess að fræðast um, hvað til bæri í Carfax.

Læknirinn sagði honum, að síðasta kastið hefði þar verið miklar aðgerðir, og að þangað hefði verið fluttur dýrindis húsbúnaður. Hann hefði síðan séð skrautvagna aka þangað oft en einu sinni og miklu viðhafnar meiri en tíðkast í þeim hluta borgarinnar.

Þegar Barrington spurði hann, hvort hann hefði veitt eftirtekt nokkrum vagni, sem borið hefði af öðrum, gat hann um afarskrautlegan vagn sem gráir hestar hefðu gengið fyrir, og hefðu setið í honum þjónar í gráum einkennisbúningi og ljómandi fríð ung dama, reyndar nokkuð svipmeiri en alment gerist. Af lýsingunni þóttist Barrington þekkja, að það væri frú sendiherraritarans frakkneska.

„En það eru ekki skrautvagnarnir, sem ég veitti mesta eftirtekt, heldur undarlegir og

grunsamlegir náungar, sem eru þar einkum á ferð á kveldin“.

Barrington þakkaði læknum fyrir, að hann hafði frætt hann um þetta, og bað hann að hafa augastað á Carfax, og því sem þar færi fram, og fór síðan.

Seinna um daginn, þegar læknirinn sat að miðdegisverði, fékk hann nafseðil og stóð á honum: Greifynja Ida Varkony. Með seðilinn kom þjónn í einkennisbúningi, og með þau orð frá frú greifynjunni, að hún bæði doktorinn að finna sig, því að hún hefði fengið sjúkleikskast, sem hún ætti vanda til. Hún bað hann að afsaka það, að hún gerði honum orð svo síðla dags, en vonaði, að hann mundi koma, því hún ætti heima rétt á móti honum, í Carfax.

Læknum var mikil forvitni á, að fá að skygnast um í þessu gamla húsi, sem verið hafði óbyggt langa tíma, og fór hann því með þjóninum, eins og hann stóð. — Þegar hann kom í dyrnar, tók annar þjónn á móti honum, og þegar hann kom inn í húsið, tók frönsk stofungfrú á móti honum og fylgdi honum inn í stóran sal með gömlum máludum vegg-tjöldum.

Þegar læknirinn kom þar inn, reis upp kona úr legubekk og kom á móti honum.

Það lá við sjálft, að læknirinn, sem þó var

orðlagður stillingar maður og frábitinn allri léttúð, yrði svo frá sér numinn að hann misti alt ráð og rænu. Svo óumræðilega og undarlega fríða konu hafði hann aldrei séð. Honum virtist hún svo ólík öðrum fríðleiks konum, sem hún væri komin úr öðrum heimi. Hún var há og grönn, bæði vel limuð og sælleg. Hárið var mikið og svart, og augun voru óvenjulega stór og djúp, og augnahárin svört og löng.

En þó hún væri svona fríð, kom þó einhver geigur að læknum, þegar hann hafði séð hana, eins og hann hefði séð eitthvert náttúru undur, sem verið gæti að hætta stafaði af.

Daman heilsaði doktornum og settist síðan niður í hvilubekkin. Hún talaði frönsku með einhverjum útlendum hreim.

Læknirinn spurði hana um heilsufar hennar og svaraði hún því öllu mjög kæruleysislega. Hann komst fljótt að því, að hún var vön að falla í öngvit og að hún þjáðist af svefnleysi, hjartslætti og taugateygjum. Hún kvaðst vera nýstaðin upp úr einu kastinu og eiga vanda fyrir að geta ekki sofð á eftir. Hún vildi því láta hann dáleiða sig. Dr. Seward kunni allvel að dáleiða, þó hann væri ekki vanur að beita því. Hann lét þó til leiðast í þetta sinn, en veitti það tregara en venja var til, að dáleiða sjúklinginn. Honum tókst það ekki fyrr en hann tók í hönd

grunsamlegir náungar, sem eru þar einkum á ferð á kveldin“.

Barrington þakkaði læknum fyrir, að hann hafði frætt hann um þetta, og bað hann að hafa augastað á Carfax, og því sem þar færi fram, og fór síðan.

Seinna um daginn, þegar læknirinn sat að miðdegisverði, fékk hann nafnseðil og stóð á honum: Greifynja Ida Varkony. Með seðilinn kom þjónn í einkennisbúningi, og með þau orð frá frú greifynjunni, að hún bæði doktorinn að finna sig, því að hún hefði fengið sjúkleikskast, sem hún ætti vanda til. Hún bað hann að afsaka það, að hún gerði honum orð svo síðla dags, en vonaði, að hann mundi koma, því hún ætti heima rétt á móti honum, í Carfax.

Læknum var mikil forvitni á, að fá að skygnast um í þessu gamla húsi, sem verið hafði óbyggt langa tíma, og fór hann því með þjóninum, eins og hann stóð. — Þegar hann kom í dyrnar, tók annar þjónn á móti honum, og þegar hann kom inn í húsið, tók frönsk stofungtrú á móti honum og fylgdi honum inn í stóran sal með gömlum máludum vegg-tjöldum.

Þegar læknirinn kom þar inn, reis upp kona úr legubekk og kom á móti honum.

Það lá við sjálft, að læknirinn, sem þó var

orðlagður stillingar maður og frábitinn allri léttúð, yrði svo frá sér numinn að hann misti alt ráð og rænu. Svo óumræðilega og undarlega fríða konu hafði hann aldrei séð. Honum virtist hún svo ólík öðrum fríðleiks konum, sem hún væri komin úr öðrum heimi. Hún var há og grönn, bæði vel limuð og sælleg. Hárið var mikið og svart, og augun voru óvenjulega stór og djúp, og augnahárin svört og löng.

En þó hún væri svona fríð, kom þó einhver geigur að læknum, þegar hann hafði séð hana, eins og hann hefði séð eitthvert náttúru undur, sem verið gæti að hætta stafaði af.

Daman heilsaði doktornum og settist síðan niður í hvílubekkin. Hún talaði frönsku með einhverjum útlendum hreim.

Læknirinn spurði hana um heilsufar hennar og svaraði hún því öllu mjög kæruleysislega. Hann komst fljótt að því, að hún var von að falla í öngvit og að hún þjáðist af svefnleysi, hjartslætti og taugateygjum. Hún kvaðst vera nýstaðin upp úr einu kastinu og eiga vanda fyrir að geta ekki sofð á eftir. Hún vildi því láta hann dáleiða sig. Dr. Seward kunni allvel að dáleiða, þó hann væri ekki vanur að beita því. Hann lét þó til leiðast í þetta sinn, en veitti það tregara en venja var til, að dáleiða sjúklinginn. Honum tókst það ekki fyrr en hann tók í hönd

grunsamlegir náungar, sem eru þar einkum á ferð á kveldin“.

Barrington þakkaði læknum fyrir, að hann hafði frætt hann um þetta, og bað hann að hafa augastað á Carfax, og því sem þar færi fram, og fór síðan.

Seinna um daginn, þegar lækurinn sat að miðdegisverði, fékk hann nafseðil og stóð á honum: Greifynja Ida Varkony. Með seðilinn kom þjónn í einkennisbúningi, og með þau orð frá frú greifynjuinni, að hún bæði doktorinn að finna sig, því að hún hefði fengið sjúkleikskast, sem hún ætti vanda til. Hún bað hann að afsaka það, að hún gerði honum orð svo síðla dags, en vonaði, að hann mundi koma, því hún ætti heima rétt á móti honum, í Carfax.

Læknum var mikil forvitni á, að fá að skygnast um í þessu gamla húsi, sem verið hafði óbyggt langa tíma, og fór hann því með þjóninum, eins og hann stóð. — Þegar hann kom í dyrnar, tók annar þjónn á móti honum, og þegar hann kom inn í húsið, tók frönsk stofungfrú á móti honum og fylgdi honum inn í stóran sal með gömlum máludum vegg-tjöldum.

Þegar lækurinn kom þar inn, reis upp kona úr legubekk og kom á móti honum.

Það lá við sjálft, að lækurinn, sem þó var

orðlagður stillingar maður og frábitinn allri léttúð, yrði svo frá sér numinn að hann misti alt ráð og rænu. Svo óumræðilega og undarlega friða konu hafði hann aldrei séð. Honum virtist hún svo ólík öðrum fríðleiks konum, sem hún væri komin úr öðrum heimi. Hún var há og grönn, bæði vel limuð og sælleg. Hárið var mikið og svart, og augun voru óvenjulega stór og djúp, og augnahárin svört og löng.

En þó hún væri svona fríð, kom þó einhver geigur að læknum, þegar hann hafði séð hana, eins og hann hefði séð eitthvert náttúru undur, sem verið gæti að hætta stafaði af.

Daman heilsaði doktornum og settist síðan niður í hvílubekkin. Hún talaði frönsku með einhverjum útlendum hreim.

Læknirinn spurði hana um heilsufar hennar og svaraði hún því öllu mjög kæruleysislega. Hann komst fljótt að því, að hún var vön að falla í öngvit og að hún þjáðist af svefnleysi, hjartslætti og taugateygjum. Hún kvaðst vera nýstaðin upp úr einu kastinu og eiga vanda fyrir að geta ekki sofð á eftir. Hún vildi því láta hann dáleiða sig. Dr. Seward kunnir allvel að dáleiða, þó hann væri ekki vanur að beita því. Hann lét þó til leiðast í þetta sinn, en veitti það tregara en venja var til, að dáleiða sjúklinginn. Honum tókst það ekki fyrr en hann tók í hönd

greifynjunnar. Hann bauð henni þá að sofna, og sofa vært alla nóttina, og vakna aftur hressa og með góðum kröftum að morgni. Síðan vakti hann hana. Hún þakkaði honum innilega fyrir, og kvaðst vona að hann mundi gera það oftar fyrir sig.

Dáleiðslan hafði óvanaleg áhrif á lækninn sjálfan. Hann var veikur daginn eftir, og gat ekki um annað hugsað en greifynjuna og það sem fyrir hann hafði borið í húsinu hinum megin götunnar.

Hann fór að heimsækja hana að áliðnum degi, og var honum fylgt til svefnherbergis hennar. Hún lá sem dauð og lauk ekki upp augunum, en það var eins og hún segði, og röddin var eins og hún kæmi utan af húspaki:

„Gott kveld, doktor. Hún er nú dáin, en þér verðið að lifga hana. Gerið það sem yður er unt“.

Hann fann ekkert lífsmark.

„Þér verðið fyrst að dáleiða hana“, sagði röddin.

Eftir miklar tilraunir og núning tókst honum að koma aftur lífi í hana, en það hafði sömu áhrif á hann sem áður; honum fanst sem hann misti mikið af sínum eigin lífskrafti; honum fanst blóðið þverra í sér, eins og þegar hollenzki læknirinn tók honum blóð til að setja

það inn í æðar Lúsíu, og honum fanst jafnvel að Lúsía hvíldi þarna í rúminu.

Loks var sem hann raknaði úr roti, og þá var frúin líka rögnuð við. Hún neyddi hann til að lofa að koma næsta dag, og bað stofumeyna að fylgja honum til bróður síns, sem var í næsta herbergi. Hann kallaði sig Koromeszo fursta, og spurði, hvernig frúnni líði, en læknirinn kvaðst enn ekki geta dæmt um heilsufar hennar. Hann bað læknirinn að vera húslækni hennar, og bað hann að gera sér og henni þá ánægju, að koma aftur kl. 9 um kveldið. Hún mundi þá verða svo hress, að hún gæti tekið á móti honum.

14. kap. *Kveldboðið.*

Dr. Seward var þreyttur fremur venju um kveldið, og fékk sér „klóral“ undir svefninn. Hann svaf fast og vært fram á morgun, en var þó máttvana og óhress og varð að herða sig upp til þess að geta unnið venjuleg störf. Hann lagði sig því til svefns að áliðnum degi, vaknaði aftur kl. 9, og fanst honum hann þá vera svo hress, að hann gæti farið að vitja sjúklingsins hinum megin götunnar.

Þegar hann gekk út, sá hann að vagni var ekið heim að Carfax með gráum hestum fyrir, og þegar hann kom inn í forsalinn sá hann, að þar var tekið í móti hefðarfrú í hvítri kápu

með dýrindis fjaðraskrauti, og þekti hann að það var sama frúin, sem Barrington hafði sagt vera frú sendiherraritans franska.

Lækninum var síðan boðið inn í salinn til greifynjunnar.

Ljósia voru ekki látin vera bjartari en svo, að hálförökkur var í salnum. Þar voru bæði dómur og herrar, og þó miklu fleira af karlmönnum. Alls voru þar um 40—50 manna. Svo virtist, sem þar væri menn af ýmsum þjóðum, og þó fólkið talaði á frönsku, lék lækninum grunur á, að flestir sem þar voru inni mundu vera af öðru þjóðerni, enda heyrði hann að við og við hrutu orð á málum, sem hann skildi ekki. Enginn enskur maður var þar nema læknirinn.

Koromeszo fursti heilsaði lækninum óðara en hann kom og bauð hann velkominn. Hann fór með honum til greifynjunnar, sem sat í einu horninu og ýmsir herrar og dómur í kringum hana. Bæði hún og hinar dómurnar voru í ljómandi boðsfötum, með beran háls og handleggi og glitrandi af gimsteinum. Læknirinn tók einkum eftir hálsmeni greifynjunnar, hjarta af skygðum demöntum, með stórum rúbín í miðju.

Hún heilsaði lækninum með léttri hneigingu. — Í sama bili kom inn í salinn unga frúin, sem komið hafði um leið og læknirinn, og með

henni tveir menn. Greifynjan heilsaði henni og nefndi lækinn og hana hvort fyrir öðru. Hún nefndi hana frú Saint Amand. Rétt á eftir kom inn í salinn tígulegur maður og hár vexti, og brá öllum við komu hans. Það var auðséð, að hann var sá sem mestu réð hér. Honum var heilsað með miklum virðingarkerkjum og allir viku sér undan.

Hann talaði nokkur orð við tvo menn í salnum og gekk síðan til greifynjunnar. Hún hafði setið stolt eins og drotning, en þegar hinn aðkomni herra kom til hennar, breyttist allar svipur hennar og það var auðséð, að hún var öll á hans valdi. Þau töludu nokkur orð saman á útlendu máli. Þessi maður vék sér snöggvast að læknum og þakkaði honum fyrir greifynjuna. Hann kvaðst hafa lesið ritgerð læknisins um „ofsjónir og sjónvillur“, sem prentuð hefði verið í einhverju læknatímariti, og hefði honum þótt í hana verið, af því hann sjálfur fengist við tilraunir í þá átt. Hann ætlaði nú í kveld að gera nokkrar slíkar tilraunir, og vænti að læknirinn mundi athuga þær með vísindamannlegum skarpleik.

Hann tók því næst í hönd greifynjunnar og leiddi hana út um dyr, sem tjöld voru fyrir. — Þá vék sér að læknum einn af þeim sem inni voru; það var maður riðvaxinn og rekinn saman, skolbrúnn á yfirlit, svarteygður og inn-

eygður. Hann fór að tala við lækinn um kveldskemtunina, sem væri í vændum.

„Greifynjan á engan sinn líka“, sagði hann, „og það er stórviðburður í mannkynssögunni, að annar eins meistari og markiinn Caroman Rubiano hefir fengið slíkt náttúru-undur í félag með sér. Hún er rammskygn og sér gegnum holt og hæðir og veit óorðna hluti“.

Nú sloknuðu flest ljósin í salnum, og þótti læknum þá sem fyrir sig bæri ýms undur, sem hann ekki skildi í. Hann þóttist vera við einhverskonar guðsþjónustu niðri í dimmri hvelfingu og síðan fanst honum hann sveima í loftinu, þar til hann misti alla meðvitund. Loks vaknaði hann eins og af draumi, og sat hann þá í sama stólnum og stóð greifynjan hjá honum og markiinn Caroman Rubiano, sem svo var nefndur.

Honum fanst sem þetta fólk mundi hafa haft sig til dáleislu eða einhverra þess konar tilrauna.

Markiinn gekk til hans og sagði, að það hefði liðið yfir hann. „Eg vona að yður batni það fljótt aftur. Þér hafið því miður ekki orðið neins visari í kveld vegna lasleika yðar, en þér eruð velkominn síðar“.

Læknirinn kvaddi síðan og fór. Kroppinbakurinn fylgdi honum heim og fékk honum að skilnaði nafnseðil sinn, en á honum stóð nafnið

„Giuseppe Leonardi“, en það er nafn á veraldfrægum fiolinista og söngskáldi. Þegar þeir voru komnir að spítalanum, heyrði læknirinn neyðaróp úr garðinum við Carfax.

„Hvað er þetta?“ sagði hann. „Það er kvenmannsrödd“.

Hinn gaf engan gaum að því, en kvaddi lækninn í skyndi.

Nokkuru síðar heimsótti þessi sami maður lækninn, og loks fékk hann lækninn til að lofa því að hann mætti leika á hljóðfæri sitt fyrir sjúklingana á spítalanum og að frúrnar trá Carfax mættu vera með honum.

(Hér lýkur frásöguum Seward's læknis, og virðist svo sem hann hafi ekki getað lokið við þær).

15. kap. Samsærið.

Hálfur mánuður hafði liðið frá því er Van Helsing heimsótti Harker og frú hans, og á því tímabili hafði ekkert heyrzt um Seward lækni. — Tómas Harker var nú farinn að hressast og taka aftur minni sitt. Hann var í engum efa um það, að baron Székély, sem Vilma hafði kynst, var enginn annar maður en Draculitz greifi.

Eitt kvöld komu þeir Van Helsing, Barrington, Tellet og Morris, Ameríkumaðurinn, vinur Seward's, heim til þeirra hjónanna.

Van Helsing hafði orð fyrir þeim og kvað

það vera erindi þeirra, að ráðgast um, hvernig fara ætti að því, að vinna að fullu á þeim óvini mannfélagsins, sem þeir allir þektu. Það væri orðið ljóst, að stofnað hefði verið félag til þess að vinna á móti öllum góðum hugsjónum mannfélagsins, og að fyrir því stæði einn maður, og það væri Draculitz greifi. Þessi greifi væri eins og þjóðtrúin ímyndaði sér einstakar verur, að hálfu leyti maður og að hálfu leyti dýr, og mundi hafa lífað lengur en menskum mönnum væri áskapað. Hann kvað slíkar verur vera gæddar kröftum og eiginleikum, sem menn þektu ekki, en væri þó varnað annars, sem menn hefðu til að bera; eftir því sem fornar bækur segðu, gætu þær ekki farið yfir rennandi vatn, þær væru ómáttugar meðan sól væri á lofti, og þótt þær gæti verið á ferli með mönnum, yrðu þær þó að hvilast við og við í hinni vígðu mold, sem þær hefðu eitt sinn verið grafnar í.

Greifinn hefði flutt sig úr feðrahöll sinni í Karpatafjöllum til þess að koma meiru illu til leiðar en áður. Honum hefði verið það ljóst, að hann mundi mæta ýmsum örðugleikum, en hann hefði búist við þeim og meðal annars flutt með sér kistur með vígðri mold, og í einni þeirra hefði hann hvílast á leiðinni. Þær mundu líka geyma ógrynni fjár, því það mundi kosta

margar miljónir að vinna þau vélabrogð, sem greifinn mundi ætla sér.

Þeir komu sér nú saman um, að reyna að fyrirkoma greifanum og illþýði hans.

Það var afráðið, að þau hjónin flyttu búferlum í grend við Carfax til þess að hægra væri að hafa augastað á því sem þar færi fram.

16. kap. Greifinn drepinn.

Það varð brátt uppvíst, að húsbóndinn í Carfax var Draculitz greifi. — Það komst líka í hárnæli, að alt væri komið í ólag á spítalanum, sem Seward læknir stóð fyrir. Þeir Van Helsing og Morris gerðu sér þá ferð þangað, og var yfirlæknirinn þá ekki heima, en þar réð þá fyrir ókunnur maður. Van Helsing bað að Morris væri veitt viðtaka á spítalann, og hafði þeim komið saman um að gera það til þess, að komast eftir, hvað fram færi á spítalanum, því að grunur lék á, að fólkíð frá Carfax vengi þangað komur sínar.

Daginn eftir hittu þeir Helsing og félagar hans þá Morris og Seward lækni. Þeir voru báðir í tötrum, og höfðu fötin verið rifin af þeim, og voru líkari vofum en mönnum. Þeir komu báðir frá Carfax og hafði Morris sótt lækninn þangað. — Læknirinn var orðinn brjáláður og Morris rænulítill og hafði sár á höfðinu. Þeir voru báðir fluttir á spítala. En

sama daginn brann geðveikispítalinn til ösku, og vissi enginn hvað til kom.

Daginn eftir tóku þeir félagar ráð sín saman að sækja greifann heim í Carfax. Þeir höfðu komist að því hvar hann ól manninn að deginum. Það var síðla dags sem þeir komu að Carfax. Þeir stungu upp læsingar á hurðunum, og gengu inn í húsið, og komu inn í stór- an forsal. Sá Harker, að veggirnir voru skreyttir með líkum myndum og í hofinu í Draculitzhöllinni. Herbergi voru til beggja hliða og var þar enginn maður. Fyrir miðju voru líka dyr, og fóru þeir þar inn. Þar var eins konar grafhvelving, og loguðu þar ljós inni, en á gólfinu var steinalikkista úr svörtum, skygðum marmara. Þeir þurftu ekki lengra að leita, því í kistunni lá Draculitz greifi endilangur í rauðri skósiðri kápu, sem Harker hafði séð hann bera við fórnargerðirnar í höll hans.

Þeir gengu nú allir að kistunni. Van Helsing krepti hnefann utan um rýting sinn, og horfði á þann sem í kistunni lá, en hann hreyfði sig ekki.

Alt í einu tók hann viðbragð, og var þá komið sólarlag. Hann lauk upp augunum og settist upp. Hann leit ekki á Helsing, en kom undir eins auga á Harker, og í sama billi stökk hann upp úr kistunni, og réðst á Harker og þreif í brjóst honum. Honum tók að

sortna fyrir augum, en í sama vetfangi hné greifinn dauður niður og flaut í blóði. Van Helsing hafði rekið hann í gegn í hjartastað.

Þeir létu líkið síðan í kistuna. — En rétt á eftir sáu þeir að líkið breyttist svo, að út leit fyrir að greifinn væri dáiinn fyrir mörgum dögum, og eftir nokkra stund virtist þeim sem ekki væri í kistunni annað en lítil dusthrúga.

17. kap. Niðurlag.

Um sömu mundir sem þetta gerðist, hvarf í Lundúnum markí Caroman Rubiano, sem þangað hafði komið fyrir skömmu og átt saman að sælda við menn af æðstu stigum. Litlu síðar réð sér bana madama Saint Amand, sem var mesta eftirlætisgodð ýmsra tignarmanna í Lundúnum, og um sama leyti voru ýmsir sendiherrar útlendra ríkja í Lundúnum kallaðir heim.

Um spítalabrennuna varð ekkert uppvist, en dagbók læknisins fanst í eldtraustum skáp, og úr henni er tekinn þáttur í þessa sögu. Seward læknir lifði skamma stund eftir það og fekk aldrei rænu.

Morris játaði að hann hefði drepið greifann, og var það mál rannsakað fyrir lokuðum dýrum og hann sýknaður.

Ekkert hefir spurzt til greifynjunnar eða annara sem voru í Carfax með greifanum. Húsið var í eyði þegar farið var að gæta að,

nema húsbúnaðurinn var kyrr. Kistur greifans fundust allar nema þrjár, og vóru í þeim gullpeningar og gimsteinar miljóna virði.

Húsin standa enn í eyði, en ekki er fyrir að synja, að fylgjarar greifans geti enn dulist einhversstaðar.

Leiðrétting.

Blaðsíðutölurnar 161—166 eru tvísettar; er bókin því 6 síðum lengri en síðasta blaðsíðutala hennar bendir á.

Very faint, illegible text at the top of the page, possibly a header or introductory paragraph.

Centered title or section header, also very faint and illegible.

Second block of very faint, illegible text, possibly a list or a short paragraph.



